



ÍSALP

ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS
2010 - 2011



Kæru félagar

Þá er ársritið loksins komið út, rúmu ári á eftir áætlun. Ritstjórn veit upp á sig skömmina og óparfi að bera afsakanir á borð fyrir félagsmenn. Þetta ársrit er hið fjórða sem núverandi ritstjórnarkjarni sendir frá sér, sá dráttur sem orðið hefur á útgáfunni segir líklega meira en mörg orð um elju þeirra sem að verkinu koma. Til þess að langtímaverkefni eins og útgáfa ársrits Ísalp sé burðugt er nauðsynlegt að endurnýja meðlimi ritstjórnar reglulega, enda breytast tímarnir víst og mennirnir með. Ársrit Ísalp hefur komið út í nánast óbreyttri mynd frá árinu 1985. Í þá daga bárust fréttir af afrekum í klifri og fjallamennsku ekki með sama hraða og nú. Mynd sem var tekin á fjöllum að vori gat ennþá verið brakandi fersk þegar hún birtist á prenti um haustið. Þá var heldur enginn bíninn að heyra ferðasöguna.

Nú er öldin önnur. Frá því að núverandi ritstjórn tók fyrst við keflinu hafur margt breyst í umhverfi Ísalp. Netið spilar æ stærri hlutverk sem almennur samskiptamiðill, fréttir berast manna á milli hraðar en nokkru sinni fyrr með tilkomu snjallsíma og samskiptasíða á borð við Facebook og Twitter og margir halda úti eigin myndasíðum þar sem ævintýri dagsins eru komin fyrir augu almennings samdægurs eða jafnvel í raun-tíma. Það verður erfiðara fyrir prentmiðil sem kemur (stundum) út einu sinni á ári að bera ferskar fréttir og nýjar myndir á borð fyrir lesendur sína. Það verður því hlutverk næstu ritstjórnar að heimfæra ársritið okkar á 21. öldina og sníða það að breyttu landslagi. Við þökkum fyrir undirtektirnar sem síðustu ársrit hafa fengið og vonum að þetta falli í kramið. Framtíð ársritsins er nú í ykkar höndum, kæru félagar, vonandi finnst ykkur áfram akkur í því á ársritið komi út í einhverri mynd.

Fh. Ritnefndar
Skarphéðinn Halldórsson

STJÓRN ÍSALP 2011

Atli Pálsson, formaður, 6914480@gmail.com, s: 691 4480
Halldór Albertsson, gjaldkeri, halldor86@gmail.com, s: 695 4065
Guðmundur Freyr Jónsson, ritari, gummistori@internet.is, s: 895 3980
James McEwan, j.c.mcewan@gmail.com, s: 823 7577
Agúst Kristján Steinarrson, agustkr@gmail.com, s: 775 1122
Arnar Jónsson, arnar@islenska.is, s: 698 0016
Sigurður Kristjánsson, prentdrekkinn@gmail.com, s: 770 5583

RITNEFND ÁRSRITS

Skarphéðinn Halldórsson, ritstjóri, skabbi@gmail.com, s: 8645834
Guðmundur Freyr Jónsson, ábm., gummistori@internet.is, s: 895 3980
Sigurður Tómas Þórisson, hraundrangi@gmail.com, s: 8607467
Björgvin Hilmarsson, bjorgvin@retro.is, s: 8998240

Efnisyfirlit

Starfsemi Ísalp	4
Beina Brautin	10
<i>Björgi segir frá nýrri leið á Hvannadalshnjúk</i>	
Kalin snoppa og frosið fjallafóður	14
<i>Kaldur dagur á Skessuhorni</i>	
Tyrkland	18
<i>Gulli segir frá glæsilegu klifri í Geyikbayiri</i>	
Heljarferð	26
<i>Ekki svo góður dagur á fjöllum</i>	
Frá Íslandi í ísklifur	30
<i>Marianne segir frá keppnistímabilinu í mixtklifri</i>	
Hverju reiddust Goðin	34
<i>Ævintýraferð Árna Alf á Eyjafjallajökul í miðju gosi</i>	
Mt. Cook	36
<i>Atli Páls og James segja frá ferðinni á hæsta tind Nýja Sjálands</i>	
Lofoten	40
<i>Klifurferð norður fyrir heimskautsbaug</i>	
Langur dagur á Jan Mayen	46
<i>Af stútum á skútum í norðurhófum</i>	
Kanadíski draumurinn	50
<i>Arnar og Berglind segja frá hörðu og mjúku færi í Kanödu</i>	
Ferðin á portkonu Alpanna	52
<i>Ágúst Kristján og Gummi stóri gera upp alpaferðina</i>	
Kuldi og battery	58
<i>Visdómsgrein um endingartíma rafhlaða í frosti</i>	
Leiðarvísir Skinnhúfuklettar	62
<i>Klettaklifur í Vatnsdal</i>	
Leiðarvísir Ólafsfjarðarmúli	66
<i>Ísklifur á Tröllaskaga</i>	
Annáll íslenskrar fjallamennsku	72

Útgefandi

Íslenski alpaklúbburinn
Súðarvogi 1G, 104 Reykjavík

Umbrot

Heimir Héðinsson

Prentun

Svansprent

Forsíðumynd

Sissi leiðir fyrstu spönn leiðarinnar Forsida (5+) á Geitinni, klettadranga sem gnæfir yfir bæinn Svolvær á Lofoten
📷 Björgvin Hilmarsson

Í neyðartilfellum er
nauðsynlegt að vera með
búnað sem
hægt er
að treysta á!

PREMIUM ALPINE
PERFORMANCE

WWW.PIEPS.COM



PIEPS VECTOR

Fyrsti viðhaldsfríi fjögurra loftneta ýlirinn
með innbyggðu GPS og hleðslurafhlöðum.

- ✓ Mjög auðveldur í notkun og góður tæknilegur stuðningur í neyðartilvikum.
- ✓ Snjallsendir: Til þess að vera fundinn fyrr með iPROBE stuðningi og drepur sjálfkrafa á sendingu.
- ✓ Gefur upp fjarlægð og stefnu á öllum snjóflóðaáylum um leið og hann nemur þá.
- ✓ GPS kort til að fá nákvæma yfirsýn yfir leituð svæði! Eftir að snjóflóðaáylir hefur verið staðsettur þá geymist hann í minni.
- ✓ Skráir feril sem auðvelt er að hlaða í tölvu (PC/MAC).
- ✓ Fyrsti ýlirinn með hleðslurafhlöðum. Sparar pening og er umhverfisvænn.
- ✓ Öflug virkni í miklum kulda.

FJALLAKOFINN

s: 510 9505 www.fjallakofinn.is

Laugavegi 11 | Reykjavíkurvegi 64

Reykjavík

Hafnarfirði

Kemur í verslanir í byrjun árs 2012!



Guðmundur Freyr Jónsson

Frá Ísklifurdegi Ísalp í Múlafelli, mars 2011

STARFSEMI ÍSALP 2009 - 2010

Að venju hefur heilmikið verið um að vera hjá Íslenska alpklúbbnum síðan síðasta ársrit kom út í desember 2009. Með ársritinu fylgdi glaðningur, tvenns konar límmiðar með merki klúbbsins. Hjálmalímmiði og svo öfugur gluggalímmiði fyrir bílrúður og fl. Með þessu er vonast til að klúbburinn verði enn sýnilegri en áður. Ársritið var með glæsilegra móti, spikfeitt og féll það í góðan jarðveg meðal klúbbfélaga.

Námskeið á vegum Ísalp hafa verið fastur liður í starfsemi klúbbsins og var engin breyting þar á. Eins og nokkur undanfarin ár var námskeiðahald í höndum Íslenskra Fjallaleiðsögumanna. Um miðjan janúar 2010 var haldið Ísklifur II en undanfari þess námskeiðs, sem sagt Ísklifur I, hafði verið haldið í lok nóvember 2009. Um miðjan október 2010 var svo komið að næsta Ísklifur I námskeiði og framhaldsnámskeiðið var haldið um miðjan janúar 2011. Viku seinna var svo haldið auka-Ísklifur I námskeið vegna mikils áhuga og eftirspurnar. Upptalning viðburða á vegum Ísalp hefst hér þar sem frá var horfið í samantekt í síðasta ársriti.

Búnaðarbasar Ísalp og Flugbjörgunarsveitarinnar var haldinn í FBSR húsinu 15. október 2009. Basarinn hefur fest sig í sessi og að venju var mikið um að vera og mikið af búnaði skipti um eigendur.

Ísalpararnir þau Berglind, Arnar, Gunnar, Eiríkur og Kári sýndu myndir frá leiðangri sínum á

fjallið Shivling í Himalayafjöllum þann 22. október 2009. Fimm menningarnir fóru í mánaðarlangan leiðangur til Indlands í október 2008 til að freista þess að klífa fjallið Shivling, sem er í indverska hluta Himalaya, en verkefnið fékk leiðangursstyrk Cintamani og Ísalp árið 2008. Shivling er 6.543 m hátt og er oft kallað Matterhorn Indlands þar sem það þykir einstaklega glæsilegt fjall og hrikalegt. Þau komust í rúmlega 6.100 m hæð á fjallinu en þurftu þá frá að hverfa vegna aðstæðna. Sýningin var í sal HSG.

3. des. 2009 var haldið vídeókvöld í félagsaðstöðu Ísalp þar sem sýnd var myndin Steep en þar koma m.a. fram hetjur eins og Shane McConkey heitinn, Seth Morrison og Ingrid Backstrom. Ársritið var nýkomið glóðvolgt úr prentun og þetta kvöld gátu klúbbfélagar einmitt náð í sitt eintak. Það var því mikil stemning fyrir þessu kvöldi.

Jóla klifur og -skíðun er fastur liður í desember. Laugardaginn 19. des 2009 hélt sex manna hópur af stað í klifur á Sólheimajökli. Þar var klífrað í tveimur góðum svelgjum sem buðu upp á lengri og styttri leiðir sem dónuðu hvor sínu megin við 90 gráðurnar. Því miður var ekki hægt að skíða að þessu sinni vegna snjóleysis. Jólalöggin var að vanda haldin að kvöldi með tilheyrandi látum og gleði. Ákveðið var að vera með föst klúbbkvöld einu sinni í mánuði þar sem sýndar væru myndir eða

einhver
13. ja
með f
af tve
Leifur
að haf
sem s
auðski
hafa á
aðsókn
slatti
var svo
stir þu
að sjá
ingar a
Seinni
svo ha
son og
fllóð og
snjoflo
öðrum
að min
fór yfir
Ísalp
Íslandi
búnaði
voru g

Kaldir félagar í

Guðmundur

tivalið þótti heppnast ágætlega og dágóður slatti af Ísleiðum var frumfarinn. Gist var í aðstöðu Íslenskra fjallaleiðsögumman í Skaftafelli.

Aðalfundur Ísalp var haldinn 3. mars. Þessi aðalfundur var með líflausasta móti enda mætingin afar dræm. Einungis stjórnarmeðlimi voru mættir auk þeirra þriggja sem átti að sjanghæja í stjórn. Úr stjórninni fóru þau Skarphéðinn Halldórsson, Björk Hauksdóttir og Bragi Freyr Gunnarsson en inn komu þau Arnar Jónsson, Guðmundur Freyr Jónsson og Helga María Heiðarsdóttir. Áfram í stjórn sátu þau Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir (gjaldkeri), Valgeir Ægir Ingólfsson, Björgvin Hilmarsson og Freyr Ingi Björnsson (formaður). Helga María flutti svo reyndar út til Noregs og náði því ekki að staldra mjög lengi við í stjórn en Skarphéðinn kom aftur inn í stjórnina í hennar stað.

10. mars var enn einn fræðslufyrirlesturinn. Þá mætti til leiks Hálfán Ágústsson en fyrirlestur hans fjallaði um veðurfræði til fjalla, veðurspár, veður-netsíður og ýmislegt annað fróðlegt fyrir fjallafólk. Því miður var ekki fjölmenninu fyrir að fara að þessu sinni. Það virtist hitta þannig á að margir höfðu ekki tök á að koma en þeir sem mættu voru sam-mála um að þetta hafi verið frábær fyrirlestur og eitthvað sem enginn hefði átt að missa af. Vonandi verður hægt að endurtaka leikinn síðar.

Telemarkfestival Ísalp var haldið 12-14. mars, í Hlíðarfjalli að venju. Þetta var tíunda skip-tið sem festivalið er haldið. Stemmningin var síst minni en undanfarin ár. Festivalið var með hefðbundnu sniði og þótti takast vel.

BANFF fjallamyndahátíðin hefur heldur betur fest sig í sessi. Að þessu sinni var hún dagana 26. og 27. apríl og annað árið í röð var hún haldin í sal F1 í Mörkinni. Aðsóknin fór fram úr björtustu vonum og greinilegt að áhuginn á BANFF er að aukast. Eins og fyrri ár var til sýnis hellingur af frábærum myndum af ýmsum toga. Að þessu sinni komu að hátíðinni tveir aðalstyrktaraðilar, Íslenskir fjallaleiðsögu-menn og 66°N sem tryggðu að klúbburinn gat haldið hátíðina án þess að stjórnin þyrfti að skjálfa á beinunum yfir því hvort endar næðu saman. Úrslit ljósmyndasamkeppni Ísalp voru kynnt og má sjá sigurmyndirnar aftast í blaðinu.


Skapast hefur sú hefð að hafa árlegan Star-dalsdag þann 17. júní, eða þar um bil. Sú hefð var vitanlega höfð í heiðri og á þjóðhátíðardag-inn skemmtu um tíu manns sér vel á þessu frábæra dótaklifursvæði í bakgarði Reykjavíkur.

7. ágúst var á dagskrá Ísalpferð á Kirkjufell við Grundarfjörð. Gummi Stóri var í forsvari fyrir þessari ferð en því miður var áhuginn ekki mikill að þessu sinni. Á Select söfnuðust saman heilar þrjár hræður um morguninn, Gummi og tveir félagar. Þeir ákváðu að breyta um plan og fóru í klettaklifurferð í Gerðuberg. Eðldagur engu að síður að mati viðstaddra.

25. september héldu þeir Gutti, Siggí Skarp og Sissi í árlega vinnuferð í Tindfjallaskála. Skálinnkomvelundanfyrstavettri eftirendursmíði. Unnið var að ýmiskonar viðhaldi auk þess að fylla á olútunnuna og þrifa allt hátt og lágt. Rannsóknir voru gerðar til að komast að því hvað hafði valdið vandræðagangi með kyndingu skálans. Vissara að þeir sem hyggjast fara í skálann afli sér upplýsinga um ástand kyndingarinnar og hvaða reglur gilda varðandi umgengni við hana.

Vetrarstart og opnun BÍS-leiða (Boulder ÍS = innanhússísklifur eða öllu heldur þurrtólun í þar til gerðum festum) var haldið þann 15. október í Klifurhúsinu. Hann Palli okkar Sveins smíðaði slatta af festum úr áli og setti upp leiðir. Að auki voru notuð gömul innanhússklifurgrip. Þetta kvöld voru leiðirnar sem sagt formlega opnaðar og markmiðið að ná upp stemmningu fyrir veturinn. Dóri í Fjallakofanum mætti með nýjasta ístólið á markaðnum og leyfði mann-skapnum að prófa. Eftir klifur var svo Jón Viðar Sigurðsson með myndasýningu frá því hvernig uppbyggingin hefur verið á Hnappa-völlum síðustu ár. Hann sýndi m.a. myndir af nýjum leiðum og svæðum. Gaman var að heyra af uppbyggingu á Tóftinni sem nú er að mestu lokið en Jón Viðar hefur verkstýrt þeirri framkvæmd. Það er nokkuð ljóst að Tóftin mun bæta til muna aðstöðu klifrara í rysjóttri veðráttunni á Hnappavöllum.

Búnaðarbasar Ísalp og Flugbjörgunarsveitar-innar var haldinn í FBSR húsinu 28. október. Þessi basar verður stærri með hverju árinu og sífellt fleiri nýta sér það að geta selt búnað sem þeir nota ekki og á sama tíma orðið sér úti um eitt og annað sem vantar í græjuskápinn. Það var líf í tuskunum



Ís alþópur að

að þess

Fjallako
mánuði
Dóri og
aук þe
hið ága
fjallame

Ísalp kv
mæting
sálir se

Þann 1
en ekki
snjóleys
ísinn va
jólaglög
sem fó

20. jan
Sissi m
frá tveg
Noregi.
og ljóst
og klár
í huga
myndun
sögur o



Ís alþjópur að klára norðausturhrygginn á Skessuhorninu, apríl 2011

að þessu sinni og ljóst að margir gerðu góð kaup.

Fjallakofinn bauð Ísölpurum í heimsókn mánuði fyrir jól, sem sagt 24. nóvember. Þeir Dóri og Brandur voru með ýmis tilboð og buðu auk þess upp á piparkökur og kex. Þetta var hið ágætasta kvöld og prýðis vettvangur fyrir fjallamenn að hittast, spjalla og léttu pyngjurnar.

Ísalpkvöld 9.12.10. Líklega lakasta mæting á Ísalpkvöld fyrr og síðar. Þrjár sálir sem þó áttu gott kvöld og gott spjall.

Þann 18. desember var hið árlega jólaklifur en ekkert varð úr skíðun að þessu sinni vegna snjóleysis. Arkað var inn í Eilífsdal þar sem ísinn var barinn til hlýðni. Um kvöldið var svo jólaglögg að venju. Hinn prýðilegasti dagur sem fór fram með nokkuð hefðbundnu sníði.

20. janúar 2011 voru Skabbi, Bjöggi og Sissi með myndakvöld í félagsaðstöðu Ísalp frá tveggja vikna klifurferð sinni til Lofoten í Noregi. Þeir sýndu fullt af flottum myndum og ljóst að svæðið er frábært til klettaklifurs og klárlega eitthvað sem klifrarar ættu að hafa í huga þegar þeir skipuleggja klifurfríð. Með myndunum (og vídeóinu) fylgdu svo ýmsar sögur og útskýringar. Þeir félagar hlutu leið-

angursstyrk 66°Norður, sem kom að góðum notum.

16. febrúar 2011 var aðalfundur Ísalp haldinn. Úr stjórn gengu formaðurinn Freyr Ingi Björnsson, Björgvin Hilmarsson, Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir (gjaldkeri), Valgeir Ægir Ingólfsson (ritari) og Skarphéðinn Halldórsson. Inn komu Ágúst Kristján Steinarsson, Halldór Albertsson, James McEwan og Sigurður Kristjánsson. Nýr formaður var kjörinn Atli Pálsson eftir mjög jafna og gríðarlega spennandi viðureign við Róbert Halldórsson.

19. mars 2011 var haldin Ísklifur-dagur í Múlafjalli þar sem ísklifurfestival var felld niður vegna veðurs. Mottumars setti skemmtilegan svip á klifurdaginn ásamt miklu frosti og skafrenningi.

2. apríl 2011 var farin nýliðaferð á Skessuhorn. Þessi ferð sló í gegn og mættu 16 í ferðina að öllum meðtöldum. Frábært veður var þennan dag og útsýni yfir Borgarfjörðinn með besta móti. Þess má einnig geta að franskir fjallaskíðamenn skíðuðu niður bratta austurhlíðina framhjá okkur á miðri leiðinni.



Berglind Aðalsteinsdóttir

1 Jökull Bergmann Arnar Þór Eriðsson

2 Guðmundur Freyr Jónsson



1. Sigurður Tómas Þórisson í Sægreifanum (WI5) í Ólafsfjarðarmúla
2. Arnar Jónsson klifrar Ókindina (WI4) á Seyðisfirði
3. Jökull Bergmann klifrar í Ólafsfjarðarmúla
4. Ívar Finnbogason í Canada Dry (WI5) Eyjafjallum
5. Berglind Aðalsteinsdóttir klifrar Polar Circus (WI5 700m)
6. Berglind Aðalsteinsdóttir klifrar Super duPont í Skiðadal - Arnar tryggir
7. Sigurður Tómas í Ólafsfjarðarmúla - Eiríkur G Ragnars stendur vaktina



3 Guðmundur Freyr Jónsson

Jökull Bergmann



6 Berglind Aðalsteinsdóttir



ergman 5 Arnar Þór Eriðsson



6 6 Oliver Hilmarsson



6 Jónu Bergmenn



BEINA BRAUTIN

Björgvin Hilmarsson

Björgvin Hilmarsson

Aðkoman að leiðinni var löng, tók hátt í sjö tíma. Leifur hafði oft virt vesturvegginn fyrir sér og þennan dag varð draumur að veruleika.

Það var ekkert sérstakt sem við höfðum í huga, vildum bara fara út að leika... gera eitthvað! September og sumarið fjarað út en þó næg orka eftir og vilji til að reyna sig. Leifur gældi við þá hugmynd að við kíktum til Grænlands í nokkra daga að klifra. Ekkert varð þó af því þar sem þar átti að rigna næstu dagana. Úr varð að við kíktum í Öraefin án þess að hafa ákveðið verkefni í huga. Planið var einfaldlega að vakna snemma, koma sér upp á Svínafellsjökul og röltu inneftir. Veðurspáin var fín og því góð von um að eiga ágætis dag. Veður og aðstæður skyldu alfarið ráða för.

Stefnan tekin á Hnjúkinn

Á einhverjum tímapunkti ákváðum við að stefna á Hnjúkinn sjálfan, eða í þá átt allavega. Hver hefur ekki margoft horft á vesturfésið og látið sig dreyma? Hugmyndin um að kíkja á þennan tilkomumikla vegg hafði vissulega verið rædd á leiðinni austur án þess að við gerðum okkur miklar vonir um hann væri í aðstæðum á þessum tíma. Það kom á daginn að hann var ekki bara í aðstæðum, heldur líklega í bestu hugsanlegu aðstæðum.

Veturinn var sannarlega kominn þarna uppi, þó enn mjög lítið af snjó en samt allt pinnfrosið.

Við lögðum af stað inn á Svínafellsjökul upp úr klukkan fimm að morgni miðvikudagsins 22. september, 2010. Aðkoman að veggnum tók um sjö tíma, ekki beint eitthvað sem maður hoppar í eftir vinnu. Við vissum að við vorum komnir að veggnum en sáum hann þó ekki. Hann var allur hulinn skýjum, ekki mjög uppörvandi. Það var alveg ljóst að við myndum ekki leggja af stað upp nema sjá allan vegginn vel og geta pælt aðeins í honum. Það var kominn tími á hádegismat og tveimur Mountain House pökkum því snarað upp úr bakpokunum ásamt eldunargræjum. Á meðan við snæddum sást stundum grilla í vegginn. Auðvitað birti svo og allt blasti við okkur. Klukkutími í stopp sem var vel nýttur. Vel mettir, hvíldir og með nóg af bræddum ís svo það var ekki eftir neinu að bíða.


Af stað upp fésið

Leiðin hófst á langri, u.þ.b. 50° hallandi snísbrekku tryggjanlegri með ísskrúfum á stöku stað. Fórum fyrstu tvær spanirnar á hlaupandi tryggingum og urðu þær nokkuð langar, líklega um 100 metrar hvor hið minnsta. Hvaða leið við áttum á endanum eftir að fara gátum við ekki

Leiðin sem við
Aðstæður voru

vitað f...
væru o...
þurfa a...
stálinu...
nokkur...
þegar h...
vegginn...
Í öðrum...
við að...
ustu lei...
okkur v...
nógu v...
fórum f...
á anna...
hluta ve...
hliðrun...
Síðan v...
snjó og...
var gott...
átti næ...
vel fyrir...
næstu s...

Óvænt u...
Áður en...
að minn...



Leiðin sem við fórum er hér merkt með rauðri línu. Árið 1986 átti Helgi Ben leið um vesturvegginn fyrstur manna að því er best vitað. Leiðin sem hann fór (svona nokkurn vegin) er hér merkt með grænu. Aðstæður voru aðrar á þeim tíma og snjór á öðrum stöðum en myndin sýnir.

vitað fyrirfram enda óljóst hvernig aðstæður væru ofar. Við áttum allt eins von á því að þurfa að hliðra okkur út til vinstri undir serakka stálinu og enda norðan við Hnjúk. Það var nokkurn vegin það sem Helgi Ben gerði 1986 þegar hann fyrstur manna átti leið um vesturvegginn.

Í öðrum stansi, þá komnir upp hálf t fésið, sáuum við að eina vitið væri að halda áfram beinuðu leið upp, eða svona hér um bil. Fyrir ofan okkur var stutt íspil sem okkur leist ekki alveg nógu vel á, var tæplega í aðstæðum svo við fórum fyrir það og lögðum þannig eina hlykkinn á annars mjög beina línu upp þennan síðari hluta veggjarins. Þriðja spönn var stutt, ótryggð hliðrun til vinstri sem endaði í ágætis stansi. Síðan var aftur hliðrað til hægri í töluverðum snjó og ekkert tryggt. Eftir þessa fjórðu spönn var gott að komast í annan finan stans. Leifur átti næstu spönn. Í lok hennar kom hann sér vel fyrir, í góðu skjóli fyrir hugsanlegu íshrúni úr næstu spönn þar á eftir sem var hreint ísklifur.

Óvænt uppgötvun

Áður en lengra er haldið með söguna þarf hér að minnast á nokkuð sem við áttum ekki von á.

Þegar ég nálgast Leif þar sem hann stendur pollrólegur og tryggir mig upp, bendir hann mér á að líta til vinstri og segir eitthvað sem ég man ekki lengur hvað var. En allavega. Það sem gaf að líta var klifurlína, gaddfreðin og greinilega nokkuð veðruð, ofantil skorðuð í sprungu og lafandi niður.

Endana sáuum við ekki þar sem þeir lágu niður í skafl. Hvaða línur eru þetta og hvers vegna eru þær þarna var eitthvað sem við spurðum okkur að. Tveir týndir þjóðverjar kannski? Eftir að hafa grennslast fyrir um mannaferðir á þessum slóðum í gegnum tíðina virðist ekki um margt að ræða.

Það var tekið að rökkva, við farnir að þreytast og staddir í mjög alvarlegu umhverfi með serakka hangandi yfir okkur. Við ákváðum að eyða ekki frekari tíma í að athuga með línuna. Þótt hún væri líklega ekki nema um 30 metrum frá okkur þá hefði það tekið dágóðan tíma að hliðra sig að henni og enn meiri tíma að grafa endana upp.

Það kom líka í ljós að okkur veitti ekkert af því að halda tafarlítið áfram. Ferðin var fráleitt á enda þótt við værum ekki langt frá því að toppa úr leiðinni sjálfri upp fésið.



Félagarnir hressir í fjórða stansi. Leifur klár fyrir næstu spönn sem endar undir v-laga íshaftinu sem glittir í ofarlega á myndinni.

Lokakaflinn á veggnum

Íshaftið sem við tók var nokkuð bratt fyrstu metrana en eftir það minni halli. En að klifra undir risavöxnu hvolfþaki úr ís og serökkum þar fyrir ofan var ekki sérstaklega afslappandi, því síður róandi. Að auki var dágóð sturta í gangi undir lok spannarinnar. Það var ekki í boði að stoppa þarna á kafla þar sem hallinn var ekki mikill því þar væri maður algerlega berskjaldaður fyrir hruni og vatnselg. Hangandi stans en úr mestu hættu varð úr og hann jafnvel sémilega þurr. Leifur kom upp á góðri siglingu og hélt svo áfram upp á stall sem er hæsti punktur leiðarinnar. Þaðan væri tiltölulega auðvelt snjóvapp upp á topp Hvannadalshnjúks, eitthvað sem við töldum ekki bæta neinu við leiðina okkar sem var jú upp vegginn sjálfan.

Sandfellsleiðin nær óþekkjanleg

Frá stallinum góða fórum við á hlaupandi tryggingum niður og umhverfis Hnjúkinn þar til við vorum komnir inn á hefðbundnu túrista-

leiðina. Niður Sandfellsleið höldum við en hún var langt frá því að vera eins og venjulega. Hún var svo gríðarlega sprungin að það tók okkur óratíma að fíkra okkur í gegnum algert völuandhús á leiðinni niður. Það var okkur til mikils happs að veðrið var mög stillt og gott og jafnframt tunglbjart. Annars hefði niðurferðin orðið alger martröð og líklega tekið alla nóttina.

Eftir að við stigum af jöklinum sjálfum tóku við alveg stórfurðulegar aðstæður sem maður hefur ekki kynnst fyrir á þessum slóðum. Rigning sem fraus þegar hún lenti þakti alla steina þunnri íshúð sem gerði það vægast sagt mjög erfitt að fóta sig. Eins og beljur á svelli náðum við þó að brölta niður að lokum og vorum komnir í hús um 20 tímum eftir að við lögðum af stað. Eins og fyrir segir fóru hátt í sjö tímar í aðkomuna, klukkutíma tókum við í formlega matar- og vatnsbræðslupásu, líklega höfum við verið um fimm tíma upp vegginn og svo sex til sjö tíma niður leið sem alla jafna tekur ekki nema fjóra tíma og það með óvana í eftirdragi.

Könnunarleiðangur með gæzlunni

Þremur vikum síðar fór ég ásamt fleirum með LHG þýrlunni til að freista þess að athuga betur með klifurlínuna. Þá hafði gríðarlega bætt í af snjó svo línurnar voru ekki lengur sýnilegar og alls ekki raunhæft að setja út mannskap í þær aðstæður. Ráðgátan er því enn óleyst þegar þetta er ritað.

Rétti tíminn

Í þessari ferð okkar Leifs áttuðum við okkur á því að þessi tími sem menn hafa yfirleitt ekki neina trú á, reyndist vera frábær. Líklega er þessi veggur alls ekki í aðstæðum nema einmitt á þessum tíma eftir að hafa hreinsað sig yfir sumarið, frosið svo með haustinu en ekki náð að safna neinum snjó að ráði.

Það eru fleiri verkefni sem bíða á þessu svæði svo það er engin ástæða til að hætta að láta sig dreyma. Næst þegar einhver vill fara út að leika á þessum árstíma þá er málið að drífa sig af stað. Gera eitthvað, það er málið.

Staður: Vesturveggur Hvannadalshnjúks.

Nafn leiðar: Beina brautin

Gráða: D, WI4

FF: 22.09.2010

Leifur Örn Svavarsson og Björgvin Hilmarsson.

Dakota

Harðgert, lófas
útvistartæki m
snertiskjá, nær
GPS-móttakara
HotFix™ gervi
SD-kortalesara
af heiminum. U
og nákvæmleg

Snjóflóðas í miklu úrv



Tachyon X

Fullkomin mync
af áhugamálinu
vélina á hjálmir
glæraugun. Vélir
sterk. Fjórði sýr
Facebook eða Y

Ögurvef

KOMIÐ HEIL HEIM!

Útivistarvörur í sérflokk

Dakota

Harðgert, löfástórt útivistartæki með snertiskjá, nænum GPS-móttakara með HotFix™ gervihnattaútreikningi, hæðarmæli, SD-kortalesara, 3-ása rafeindaáttavita og grunnkorti af heiminum. Dakota staðsetur þig fljótt, örugglega og nákvæmlega.



Oregon

GPS staðsetningartæki með einfaldri og aðgengilegri valmynd, alvöru þrívíddarkorti, snertiskjá, hágaða GPS-móttakara, hæðarmæli, 3-ása rafeindaáttavita, SD-kortalesara, myndaskoðun o.fl. Oregon veitir góða tilfinningu fyrir landslaginu og er fullkominn ferðafélagi hvert sem ferðinni er heitið.



Garmin GPSmap 62s

Harðgerðasta útivistartækið byggt á vinsælasta GPS tæki allra tíma. Aðgengileg valmynd, einfalt stýrikerfi og takkaborð gerir þetta tæki að stórskemmtilegum ferðafélaga á fjöllum. Mikil upplausn og skyggingar gefa góða tilfinningu fyrir landslagi og einnig er hægt að lesa loftmyndir og skönnuð kort í tækið.



Snjóflóðastangir og skóflur frá Arva í miklu úrvali á frábæru verð



Evo3

Arva Evo3 snjóflóðaylirinn sem sló í gegn í fyrra. Þriggja loftneta stafrænn ylir með skýrum skjá. Mjög hraðvirkur og einfaldur í notkun.



Bakpokar

Arva bakpokar í miklu úrvali með hólfi fyrir stöng og skóflu ásamt skíða- og snjóbrettafestingum.



Tachyon XC

Fullkominn myndbandsupptökuvél til að taka upp myndskíð af áhugamálinu án þess að nota hendurnar, því þú festir vélina á hjálminn, byssuna, húfuna, stýrið eða köfunargleraugun. Vélir er vatnsheld að 30 metra dýpi og ótrúlega sterk. Fjórði sýnir þú svo á Facebook eða YouTube.



Surefire vasaljós

Surefire vasaljós er ekki bara venjulegt og vasaljós því ljósið er ótrúlega skært úr ekki stærra vasaljósi. Surefire notar nýjustu og bestu tækni sem völ er á til að þróa enn betri ljós en þekkt hafa. Amerísk gæði tryggja styrk og endingu, hvort sem er í hand- eða höfuðljósum.



Snjóflóðabakpokarnir

ABS snjóflóðabakpokarnir eru byggðir á 25 ára reynslu og eru hannaðir til að auka rúmmál þeirra sem lenda í snjóflóði svo þeir fljóti efst í flóðinu. Nauðsynlegt öryggisatæki fyrir fjallaskíða- og velsleðafólk.



klædd
með o
utaná
lambh
Klifrið
eða ís
„húkk
milli s
línunn

Á síðu
ísing a
að fara

KALIN SNOPPA OG FROSIÐ FJALLAFÓÐU

Guðmundur Freyr Jón



Guðmundur Freyr Jónsson

Guðmundur Ingimars kemur á millistans

Það var á þrettándanum 2011 að við ákváðum þrír að skella okkur upp NA hrygginn á Skessuhornið í ekkert of góðu veðri samkvæmt spánni deginum áður. Þegar við vorum að keyra inn Borgarfjörðinn heyrðum við svo í fréttunum að búið var að gefa út stormviðvörðun ofaná talsvert frost. Þetta varð hinsvegar að gerast þennan dag til að eyðileggja ekki árlegu hefðina um jólaferð á fjallið.

Ég hafði náð að draga með mér tvo féлага af Neyðarlínunni sem voru alveg til í slaginn, þá Einar Val Einarsson og Guðmund Sveinbjörn Ingimarsson. Þeir höfðu aldrei farið á fjallið áður en voru þó búnir að skoða myndir og lesa greinar um ferðir þangað sem auðveldaði mér að selja þeim hugmyndina að ferðinni. Við lögðum af stað í köldu en fremur mildu veðri frá bænum Horni í Borgarfirði og komum fljótt að rótum Skessuhornsins. Við ákváðum að fríklifra uppá öxlina sjálfa undir hryggnum en þar eru talsvert brattar brekkur þar sem við vorum alveg undir hryggnum sjálfum.

Þegar þangað var komið settum við okkur í línu og héldum upp í hrímaðan en snjólausan

hrygginn. Skyggnið á leiðinni var misjafnt, allt frá því að sjá rétt svo hver annan og uppí það að sjá yfir hluta Borgarfjarðarins, þá aðallega Skorradalinn. Við reyndum þó að halda okkur sem mest á ferðinni til að halda á okkur hita og

Á leið upp hrygginn



Guðmundur Freyr Jónsson

Guðmundur

Einar Valur tekur

til að sj
ótrúlega
gera reg
blóti vor
við loks
stanslau
að við vo
við voru

Þetta k
við fun
fór að
sjálf var
byrgja þ

klæddumst við öllum þeim fötum sem við vorum með og voru dúnúlpur eða primaloft jakkar settir utaná 3ja laga jakkana, stórar lúffur á hendur, lambhúsettur á hausinn og hetturnar þar utanum. Klifrið gekk ágætlega þrátt fyrir að engan snjó eða ís væri hægt að nota heldur var aðeins „húkkað“ í kletta og steina til að komast milli stalla og aldrei sett inn trygging heldur línunni bara haldið strekktri á milli manna.

Á síðustu stöllum á leiðinni var svo mikil ísing að augnlokin frusu föst og þurfti maður að fara úr lúffunni og brjóta klaka úr augunum

...og þurfti
maður að fara úr lúffunni
og brjóta klaka úr au-
gunum til að sjá út til að
geta haldið áfram



Guðmundur Freyr Jónsson

Einar Valur tekur Guðmund Ingimars upp í stans

til að sjá út til að geta haldið áfram. Þetta var ótrúlega skrítin tilfinning en þetta þurfti að gera reglulega. Eftir dálítið af spóli, krafsi og blóti vorum við komnir á toppinn. Þar hittumst við loks allir aftur og sáum hver annan eftir stanslaust klifur í nokkurn tíma og sáum við þá að við vorum byrjaðir að fá kal í andlitið þar sem við vorum ekki með grímur og ég lang verstur.

Þetta kom okkur í opna skjöldu þar sem við fundum ekkert fyrir kulda en þegar ég fór að fíkta í andlitinu fann ég að húðin sjálf var orðin frosin og byrjaði ég strax að byrgja það og ná upp hita aftur. Einar og

Gummi fengu vægara kal en fundu þó fyrir því. Svo skemmtilega vildi til að Gummi Ingimars var með lítinn hitamæli á poka-num og sýndi hann um -24°C . Við gerðum einnig ráð fyrir að vindurinn þarna hafi a.m.k. verið 15 metrar á sekúndu og því hefur vindkælingin verið á við heimskauteðurfar.

Við stoppuðum stutt á toppnum og héldum strax niður í skálina og ákváðum að stoppa neðar til að fá okkur nesti. Þar var talsvert betra veður þó að enn væri tæplega -20° frost. Nestið sem við vorum með voru flatkökur með hangikjöti sem voru svo frosnar að það

þurfti að beita öllum kjálkakröftunum til að ná þeim í sundur. Vatnið í plastbrúsunum var gjörsamlega botnfrosið en Einar var svo sniðugur að taka með heitt vatn á brúsa sem þó var orðið hlandvolgt. Með erfiðismunum gátum við nagað frosnar flatkökusneiðarnar í sundur og brætt þær niður í munninum með hlandvolga vatninu.

Það var hrein unun að fá smá orku í kroppinn áður en við héldum síðasta spölinn niður í bíl. Eftir ferðina vorum við hálf aumir í andlitinu, Einar Valur og Guðmundur Ingimars sluppu ótrúlega vel en ég leit hræðilega út í tvær vikur og fann enn fyrir eymslum í miklum kulda fjórum mánuðum seinna.



Greipitryni höfundar fáeinum dögum síðar.
Enn mótar fyrir lambhúshettunni

Gengið upp á öxlina undir hryggnum

Guðmundur Freyr Jónsson



Hettu
hjálmi
er að

Sérmóta
olnbogu
til að hre
án hafta

Lé
og
ve
kr
eð

Höfuðb
Kringla
Keflaví

www.

VATNAJÖKULL

VATNAJÖKULL - Soft shell jakki með hettu



POLARTEC®
Power Shield® Pro

Hettan fylgir hreyfingum höfuðsins svo að hún byrgir aldrei hliðarsýn. Hægt er að stilla hettuna með teygjum.

Polartec® Power Shield® Pro er sterkt efni sem þolir mikinn núning. Efnið teygist á fjóra vegu, gefur vel eftir og er mjúkt viðkomu. 5.000 mm vatnsheldni og 8 l/m²/sek. öndun.

Hettunni má auðveldlega smeygja yfir hjálm. Á henni er skyggni sem hægt er að stilla með innsaumuðum vír.

Saumlausar axlir koma í veg fyrir að bleyta nuddist í gegnum sauma og einnig að bakpoki nuddist óþægilega við axlir.

Vasarnir eru staðsettir ofarlega sem gerir þá aðgengilegri ef bakpoki með mittisól er notaður.

Sérmótað snið á olnbogum. Frelsi til að hreyfa sig án hafta.

Sniðið á jakkanum er sítt, sem minnkar líkur á að það blási inn milli jakka og buxna.

Léttur, aðeins 600 g. og þakkað vel. Hentar vel til útivistar sem krefst líkamlegs erfiðis eða mikillar hreyfingar.

Tvöfaldur vatnsheldur rennilás og innri stormlisti.

Jakkinn er 99% vindheldur en hleypir 1% af vindinum í gegn, sem skapar létt loftflæði og veldur því að öndunin verður hraðari og betri fyrir vikið.



Höfuðborgarsvæðið: Bankastræti 5 og 9, Faxafen 12,
Kringlan, Smáralind og Miðhraun 11 **Akureyri:** Glerártorg
Keflavík: Leifsstöð og **söluaðilar um allt land**

www.66north.is


Klæddu þig vel



TYRKLAND

Guðlaugur Ingi Guðlaugsson

Nýr áfangastaður fyrir
Íslenska klifrara




Litið brot af klettabeltunum í Geyikbayiri. Af nægu er að takal

Íslenskir klifrarar hafa verið duglegir að flýja veðrið og skammdegið hér á Fróni. Þá heillar yfirleitt að komast í sól, frábæra kletta og ódýran bjór. Frakkland og Spánn hafa verið vinsælir áfangastaðir og sumir fara jafnvel ítrekað á sömu staðina. Kalymnos í Grikklandi hefur einnig verið að ná miklum vinsældum en Tyrkland hefur ekki enn verið inni á klifurkorti Íslendinga, fyrr en nú.

Hópur Íslendinga mætti til að drekka, klifra og sóla sig í Tyrklandi, nánar tiltekið í Geyikbayiri. Það er kannski fullstórt uppí sig tekið að seg-

Róbert Halldórsson glímir við 7c+ leiðina Perseus



ja að Geyikbayiri hafi ekki verið þekkt meðal íslenskra klifrara. Svo best sem greinar höfundur veit hafa Íslendingar ekki áður gert þangað víðreist þó nokkrir hafi rennt hýru auga til svæðisins. Eins og okkur er tamt þá dugði ekkert minna en að húa saman fjölda manns til að vera við klifur á sama tíma. Þegar best lét vorum við 8 saman, 7 Íslendingar og einn Íslandsvinur.

Merkilegt nokk þá voru í þessum hóp 6 stelpur og 2 strákar. Líklegt þykir mér að þessi hlutföll hafi ekki áður sést í klifurferð Íslendinga, þó veit maður aldrei. Hópurinn samanstóð af Róberti Halldórssyni, Katrínu Möller, Sædís Ólafsdóttur, Birgit hinni dönsku, Sveinborgu Hlíf Gunnarsdóttur, Söru Axelsdóttur, Manuelu Magnúsdóttur og greinarhöfund, Guðlaugi Inga Guðlaugssyni. Þrátt fyrir að hafa öll verið á sama tíma voru þetta í raun fjórir hópar sem allir voru að fylgja mismunandi ferðaáætlun. Sædís og Birgit voru þarna að enda margra mánaða klifurferð um Evrópu, Robbi og Katrín komu frá Kalymnos þar sem þau höfðu sinnt klifri og skemmtan í heilan mánuð, Sara og Sveinborg komu beint frá Íslandi til að vera í 2 vikur en við Manuela ætluðum að eyða þarna mánuði eftir viku vinnuferð í Svíþjóð.

Mikill spenningur hafði byggst upp þegar nær dró ferðinni. Kvöldið fyrir brottför frá Svíþjóð breyttist hluti hans þó í ótta við að hafa hugsanlega gert mistök þegar ákveðið var að eyða mánuði á klifursvæði sem enginn í manns hópi hafði áður prófað. Óttinn var að mestu tilkominn eftir símtal frá Robba sem þá var búinn að vera nokkra daga í Tyrklandi. "Það er ekkert hægt að klifra, það er alltof heitt ... Takið með ykkur eyrnatappa, það er allt fullt

af vill
nóttin
með ka
Takk F

En þa
kalki
óblíð
frá Sv
um 45
þar se
vélann
nar ef
upplýs
síðar í
vorum
varð al
við, flu
starfsm
að fara
hlaupa
skyldi
orðin s
í ljós
þannig

Flugið
laust
Robba
að key
Fyrsta
ferðala
dum. T
völdum
Robba
taks kl
En það
mest þj
var klif
sól og
árstíma
kaldara
fin upp

Keyrður
stað se
best var
heiminu
svona h
án þess
sögumir
þekktus
eftir sig

af villtum hundum sem spangóla og gelta alla nóttina...fáránlegaerfittklifur...oggetiðþiðkomið með kalk, það virðist ekki vera hægt að fá kalk hér." Takk Róbert, takk. Einmitt það sem við þurfum.

En það var ekkert annað að gera en að redda kalki og mæta örlögum sínum. Veður voru víst óblíð í Tyrklandi og varð því seinkun á flugi okkar frá Svíþjóð til Ankara þar sem við millilentum í um 45 mínútur. Þetta var nokkurt áhyggjuefni þar sem einungis rúmur klukkutími var á milli vélanna okkar. Varla hægt að bæta á áhyggjur- nar eftir villtu hundana. En við fengum þær upplýsingar á flugvellinum í Stokkhólmi og síðar í flugvélinni að beðið yrði eftir okkur og vorum því nokkuð róleg. Þegar til Ankara kom varð allt vitlaust. Margir voru í sömu sporum og við, flugvöllurinn við það að loka og mjög fáir starfsmenn á ferli og enginn vissi hvert ætti að fara. Við eyddum því töluverðum tíma í að hlaupa í hringi og spyrja hina og þessa hvað skyldi gera. Fundum fyrir rest flugvélinna okkar, orðin sveitt og móð eftir hlaupin, en þá kom í ljós að hún færi ekki fyrr en eftir hálf tíma þannig að við hefðum getað verið aðeins rólegri.

Flugið frá Ankara til Antalya gekk snuðr- laust og það var afskaplega gott að sjá Robba og Katrínu flugvellinum, tilbúin til að keyra okkur beinustu leið á tjaldsvæðið. Fyrsta daginn var sofið út eftir langt og strangt ferðalag og heyrðum við ekkert í villtum hun- dum. Tókum saman girinn um hádegisbilið og völdum sektor í skugga og fylgdum þar ráðum Robba og Katrínar, enda sól og mjög heitt. Fyrir- taks klifur en heldur pólerað fyrir minn smekk. En það kom á daginn að þetta var sá sektor sem mest þjáðist af þeim leiðindum. Næstu tvo daga var klifrað af krafti og alltaf var veðrið frábært, sól og logn. Óvenjulega heitt var fyrir þennan árstíma og að ósekju hefði mátt vera 2-3 gráðum kaldara þessa fyrstu daga. Á þriðja degi var ri- fin upp túrista handbókin og farið í ferðalag.

Keyrðum í austurátt og ætluðum að skoða stað sem heitir Aspendos þar sem er að finna best varðveitta hringleikahús í Evrópu, ef ekki heiminum. Tyrkland er ótrúlegt hvað varðar svona hluti, þú getur hvergi snúið þér í hálfhring án þess að rekast á margar stórmerkilegar söguminjar. Þarna hafa verið mörg af þekktustu heimsveldum sögunnar og skilið eftir sig hin ýmsu vegsumerki sem gleðja hvaða



Finnið eina villu.

sögubuff sem er. Eftir Aspendos lá leiðin til strandbæjarins Side þar sem planið gerði ráð fyrir kebab áti og strandspríkli. Þar lentum við í fyrsta skipti í tyrknesku veiðimönnunum sem gera ýmislegt til að fá þig til að kaupa varning eða borða hjá sér. Allir gera þeir ráð fyrir því í upphafi að maður tali þýsku en detta svo í enskuna þegar Auf Wiedersehen virkar ekki. Uppáhaldið okkar var gaur sem vildi ekki láta sér segjast þótt við ítrekað afþökkuðum boð um að koma að borða og drekka. Eftir smá viðræður tjáðum við honum að við værum ekki svöng en hann hafði sko svar við því, "I'll make you hungry!". Aðrar fleygar setningar voru: "Come let me help you spend all your money" eða "Spice girls! I love you but not today." Flestir þessara gæja voru bara skemmtilegir og alls ekki um of ýtnir fyrir utan einn leðursölumann sem kunni hrafl í íslensku. En kannski meira um það síðar.

Næstu dagar voru nýttir til klifurs í sól og stemningu. Nýr sektor á hverjum degi enda af nægu að taka. Á þessum mánuði fórum við sára sjaldan í sama sektor aftur og þá aðeins hafi hann verið svo æðislegur að ekki væri hægt annað en að klifra fleiri leiðir þar. Og aldrei var klifruð sama leiðin tvisvar nema þá til að ná rauðpunkti. Fyrsta sunnudag okkar í ferðinni var kominn tími á að fylla á matarbirgðirnar. Á sunnudögum er haldinn markaður ekki langt frá Geyikbayiri, í litlum bæ sem heitir Shakirlar. Markaðurinn er reyndar haldinn flesta daga en veglegastur á sunnudögum. Þá er um að gera að nýta sér góðmennsku og gestrisni heimamanna og húkka sér far til og frá markaðnum og gekk það stórvel í þau skipti sem við reyndum þennan ferðamáta. Á markaðnum er hægt að kaupa allt

mögulegt og ómögulegt grænmeti, ávexti, egg, hnetur og margt fleira. Allt saman af bestu gerð og ótrúlega girnilegt og ekki spillti verðið fyrir. Við fylltum alla bakpoka af þessu góðgæti og enduðum daginn á að fá okkur tyrkneska pönnuköku sem við höldum að heiti gözleme, mjög góður matur og á frábæru verði. Aftur var síðan smellt í klifurgírinn og heimsóttum m.a. sektorinn Alabalik sem varð okkar uppáhalds sektor í Geyikbayiri.

En eftir 11 daga á sama stað var kominn tími til að færa sig um set. Fórum þá til vesturs til að klifra á stað sem heitir Olympos. Áttum þar bókað gistirými á undarlegum stað, Kadir's Treehouses. Hér áður fyrr var þetta hippakommúna sem þróaðist út í að vera einhvers konar gistihemili með partýivafi. Þarna var skítódýrt að búa og morgunmatur innifalinn ásamt kvöldmat. Ef menn geta sætt sig við hanagal flesta morgna um 5 og þurfa að vanda sig vel að stíga ekki í hænsnaskít á leiðinni í morgunmatinn er þetta prýðilegur staður til að leggjast til hvílu. Klifrið í kring var líka stórskemmtilegt og umhverfið stórbrotið. Kadir's er í þröngum fjalladal rétt við Olympos ströndina. Hún er gríðarfalleg, girt af og þarf að greiða til að komast á ströndina. Gott er því að skella saman klifur- og stranddegi því sumir sektorar eru einungis aðgengilegir frá

Kunnuglegt hljóð heyrist brátt, ómur frá borvél innan úr gljúfrinu.

ströndinni. Þarna eyddum við fjórum frábærum dögum. Klifruðum 3 en tókum svo einn magnaðan túristadag. Klifrið var mjög fjölbreytt og náðum við aðeins að prófa örfáa sektora á svæðinu. Sérstaklega vorum við hrifin af Cennet, sem þýðir himnaríki, og stendur vel undir nafni.


Á klifurfrídegnum fórum við að skoða graphýsi sem höggvin voru í kletta c.a. hundrað árum fyrir Krist af Lykíumönnum. Ansí magnað fyrirbæri þó einhverjir í hópnum hefðu nú á orði að illa væri farið með góðan klifurklett. Eftir að búið var að svara menningarfýsn hópsins var aftur sest í bílinn og haldið enn lengra í vestur. Við höfðum hugsað okkur að skoða þar ægilegt gil eitt sem getið var um í handbókinni okkar. En þegar leið á ferðina varð okkur ljóst að lengra væri þangað en við nenntum að keyra eftir

Búið að gera að sárinu. Næstu dagar fóru mest í að hanga á barnum með Roberti og spila kotru.



CO Maguela Magnúsdóttir

Manuela búið að smokra sér út um gatið í leiðinni Barbarossa 5c+. Leiðin liggur inni stóra hellinum og svo út um gatið í akkerið.



CO Þúrnýðurinn Þúrnýðurinn

Útsýnið frá kofan

snúnum
því á þ
skilti, þ
allt og t
ferðinni.
þröngri
endanun
við götur
num okk
Works en
ýmis kor
heyrist b
Þegar be
sek að bo
sem við e
Shirley D
og töldu
hverjar e
stöðunni
víkinni
greinarhö
einkaströ

Stoppuðu
smábæ t
leið okka
atriði efti
eldana, C
eru alve
Gas strey
mörgum



Útsýnið frá kofanum / Sektorinn Left Cave

snúnum og erfiðum strandvegum. Brugðið var því á það ráð að stanza við næsta "túrista" skilti, brún skilti sem sjá má bókstaflega út um allt og tilgreina að hér sé eitthvað merkilegt á ferðinni. Fyrsta slíka skiltið var að finna í þröngri vík með gríðarlegt gljúfur á hinum endanum. Við stoppum bílinn og hinum megin við götuna er bíll sem við könnumst við úr tóponum okkar, kyrfilega merktur Yuksek Isler - High Works en hann virðist vera klifrari og tekur að sér ýmis konar háloftaverkefni. Kunnuglegt hljóð heyrir brátt, ómur frá borvél innan úr gljúfrinu. Þegar betur var að gáð var þarna fyrrnefndur Yuksek að bolta í gríð og erg ásamt kærustunni sinni sem við einnig þóttumst þekkja úr tóponum sem Shirley Demitras. Við bröltum þarna inn gilið og töldum 10-20 boltaðar klifurleiðir, sumar hverjar enn ófarnar. Síðan var ekki annað í stöðunni en að henda sér í sjóinn í vikinni enda ein fallegasta strönd sem greinarhöfundur hefur komið á og okkar einkaströnd í þokkabót þennan daginn.

Stoppuðum síðan á bakaleiðinni í einhverjum smábæ til að snæða kvöldmat og héldum svo leið okkar áfram til Olympos. Þá var enn eitt atriði eftir á dagskránni, skoða náttúrulegu gaseldana, Chimera, við Olympos. Þessir gaseldar eru alveg hreint magnað náttúrufyrgirbrigði. Gas streymir upp úr jörðinni á klettabreiðu á mörgum stöðum og logar endalaust. Þvílíkt

sjónarspil og nauðsynlegt að skoða þetta í myrkri. Virkilega fallegur og rómantískur staður og auðvelt að ímynda sér hvað þessi tvö pör sem voru enn eftir þegar við fórum höfðu í huga, þegar botninum í rauðvínsflöskunni væri náð ... Það var svipað því að koma heim til sín, tilfinningin að koma aftur til Geyikbayiri. Nú átti aldeilis að klifra af sér tærnar en smá óhapp setti strik í reikninginn hjá greinarhöfundu. Neðarlega í skemmtilegri leið las ég hana vitlaust, fór í ranga átt, kom mér í vandræði og datt. Svo sem ekki í tilefni í langa sögu enda villugjarn og dett ítrekað. En í þetta skipti vildi ekki betur en svo til að stærðar tré var á milli mín og þar sem ég hefði helst viljað lenda, danglandi nokkra metra fyrir ofan jörðu með ekkert fyrir mér nema klettinn sjálfan. En ekki í þetta skiptið. Slapp svo sem við alvarleg meiðsli en náði að skrapa upp alla hægri síðuna og ein greinin náði að rista ansi djúpt þannig að úr varð myndarlegt sár. Ekkert klifur næstu daga og lítið um svefn. Meira því um að tjilla á barnum, éta samlokur og drekka bjór ásamt því að fara í göngutúra um nágrennið. En tíminn læknar öll sár og ekki leið á löngu þar til maður var orðinn klifurhæfur að nýju.

Eftir þetta og fram að brottför var mikið klifrað enda fólki í mun að nýta sem best síðustu dagana. Þó var farin ein ferð inn til Antalya í því skyni að kaupa jólagjafir og fara í tyrkneskt



Eftir 23 metra er loksins komið að krúxinu. Guðlaugur Ingi klifrar leiðina Alabalik 6b

nudd sem óhætt er að mæla með. Eftir rölt um bæinn og besta kebab ferðarinnar (á Döner King ef einhver vill skrá það hjá sér) ásamt því að skoða eina mosku var farið í verslunarleiðangur á markaðnum. Þar sem við vorum þarna "át-of-síson" þá mátti gera einstaklega góð kaup.

Á leiðinni höfðum við rekist á tyrkneskt baðhús sem okkur leist vel á og stefndum þangað eftir að verslun lauk. Þegar allir voru búnir að versla röltum við til baka og stefndum á baðhúsið. Lentum þá í ótrúlegri uppákomu. Einn tyrknesku veiðimannanna vindur sér að okkur og fer að þylja hinar og þessar setningar á íslensku. Við ætluðum ekki að trúa okkar eigin eyrum og vorum svo undrandi á þessu að við munum bara eina setningu frá gaurnum, Ahmed, en hún var: "Ég elska þig íslenska kona!"

Ahmed er sem sagt þessi fyrrnefndi leðursölu- maður. Ekkert okkar var að velta slíkum kaupum fyrir sér en hann vildi endilega fá okkur í búðina sína og við vorum svo sem ekki tímabundin. Þar voru okkur boðnir bjórar sem við páðum og síðan fór okkar maður grimmt í það að reyna að selja stelpunum leðurjakka. En það var sama hvaða drasl jakka kappinn týndi af afsláttar slánni, stelpurnar voru ekki að falla fyrir þessu. Með hverri neitun minnkaði gleðin hjá félaga okkar

og að lokum var hann orðinn snarbrjálaður yfir því að enginn vildi kaupa neitt. Á þessum tímapunkti kláruðum við Róbert bjórin (okkar og stelpnanna), stóðum á fætur og þökkkuðum pent fyrir okkur. Eftir þetta ævintýri urðum við að ná okkur niður og ekki til betri leið en að taka tyrkneska baðið loksins.

Það fór fram í 900 ára gömlu húsi, allt marmaralagt í hólf og gólf. Þar sem ekkert okkar hafði farið í þetta áður tókum við bara allan pakkann, þrif, bón og vax. Við stóðum í þeirri meiningu að strákar og stelpur væru sér en annað kom á daginn. Allir fengu örlitla handklæðistutlu til að hylja sig og reyndum við að láta hana hylja það allra heilagasta. Það gekk ágætlega í fyrsta þætti baðsins þar sem við sátum í stórum klefa með skálar til að ausa yfir okkur heitu vatni. En næst tók við þvotturinn. Þá var okkur öllum vísað inn í annan sal með stóru marmaraborði í miðjunni. Þar lögðumst við tvö meðan hin tvö biðu.

Gæjarnir voru ekkert að tvínóna við þetta og sviptu af okkur handklæðunum og byrjuðu svo að þrifa okkur með risa sápuþoka. Smá fát kom á mannskapinn við þetta en allir héldu nú ró sinni og létu sér gott lynda. En ekki nóg með að við værum þarna hálfnakinn öll saman, þá komu inn fleiri viðskiptavinir sem vildu fá þvott og strunsuðu þarna í gegn. Ansi kómískt fannst okkur. En þvotturinn og nuddið var alveg fyrirtak og hiklaust hægt að mæla með þessu fyrir fólk.

Almennt um klifrið

Eins og fram hefur komið fórum við á tvo staði

Gaseldarnir streyma uppúr hrauninu á Olympos



Manuela M
Línan tekin saman

í þessar ferðarinn að fjalla miklum Sá grái og köntu yfirleitt tor mátti unum (o og dropa þegar hu almennt m línu. L 25 m lík þó misr varla við sem við

Klifrið va það sem léttari ka virkilega sem var y Tjaldsvæ er alveg í leiðirnar í þá sekt þörf á að skilgreina Rock Clim Kayicci e

brjálaður
þessum
bjórin
et og
ævintýri
ekki til
loksins.

isi, allt
ert okkar
ra allan
óðum í
u sér en
a hand-
ð að láta
gætlega
í stórum
tu vatni.
g öllum
aborði í
tvöbiðu.


Þetta og
uðu svo
fát kom
u nú ró
óg með
nan, þá
fá þvott
t fannst
g fyrirtak
yrir fólk.

vo staði



Manuella Magnúsdóttir

Línan tekin saman í síðasta sinn og sóknunur strax farinn að gera vart við sig



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson

Sædis í Barbarossa sektorum

í þessari ferð en eyddum langstærstum hluta ferðarinnar í Geyikbayiri og ætla ég því aðeins að fjalla um klifrið þar. Kalksteinn er þarna í miklum meirihluta, bæði grár og appelsínugulur. Sá grái yfirleitt með litlum og beittum vösum og köntum og ekki eins brattur. Appelsínuguli yfirleitt mun brattari og nánast í hverjum sektor mátti finna yfirhangandi leiðir. Í brattari leiðunum (og um leið erfiðari) mátti oft finna túfur og dropasteina sem gera klifrið mjög fjölbreytt þegar hugsa þarf í fleiri víddum. Leiðirnar voru almennt mjög langar og oft gott að vera með 70 m línu. Leiðir upp á 30 m alls ekki óalgengar og 25 m líklega bara venjuleg lengd á þessu svæði, þó mismunandi eftir sektorum. Maður leit varla við leiðum innan við 15 m og lengsta leiðin sem við fórum var 68 m sem endaði í topp-át.

Klifrið var almennt mjög tæknilegt og fjölbreytt og það sem kom mér á óvart var að gæðin á leiðum í léttari kantinum (undir 6a) voru oft mjög mikil og virkilega góð skemmtun. Við fundum m.a. 5b leið sem var yfirhangandi, sannkölluð juggarapumpa. Tjaldsvæðið sem við gistum á (JoSiTo Camping) er alveg í hjarta klifursins og um mínútu gangur í leiðirnar sem eru styst frá uppí kannski 20 mín. í þá sektora sem lengst eru í burtu og því engin þörf á að vera á bíl. Um það bil 30 sektorar eru skilgreindir á svæðinu í klifurhandbókinni (A Rock Climbing Guide to Antalya) eftir Östurk Kayikci en þeim fer fjölgandi. Við rákumst ein-

mitt á Östurk sjálfan og vísaði hann okkur á 2 nýja sektora sem einungis voru 3ja daga gamlir og hvor um sig með 4-5 nýjum leiðum. Um 500 leiðir eru skráðar í handbókina en þau hjá JoSiTo gefa út mánaðarlega viðauka við handbókina þar sem breytingar og nýjar leiðir eru tilgreindar. Flestir sektorar eru merkilegir með það að leiðir af öllum gráðum finnast á hverjum og einum, alveg frá 5-eitthvað uppí 7b eða erfiðara. Um það bil 30 leiðir bera gráðuna 8a eða erfiðara og því af nægu að taka fyrir þá allra sterkustu, sem og þá sem eru að stíga sín fyrstu skref. Margar leiðir eru líka þannig úr garði gerðar að þó þær séu ekki lengri en svo að hægt sé að klifra þær í einni spönn, þá er haft milliakkeri í þeim og leiðinni í raun skipt í tvennt. Fyrriparturinn er þá yfirleitt auðveldari og geta því fleiri spreytt sig við leiðina en ella með því að enda í milliakkerinu. Fyrri parturinn hefur þá ákv. gráðu og sá seinni aðra.

Hagnýtar upplýsingar

Að komast til Geyikbayiri er tiltölulega einfalt. Flugvöllurinn í Antalya er sá fjölfarnasti í Tyrklandi og hægt að fá flug þangað nánast hvaðan sem er úr Evrópu. Íslenskar ferðaskrifstofur hafa einnig verið með flug þangað endrum og eins. Geyikbayiri er síðan í 30-40 mín. akstursfjarlægð frá flugvöllinum. Það er hægt að taka leigubíl eða reyna fyrir sér með strætóum og rútum. JoSiTo býður einnig upp á að sækja fólk á flugvöllinn.




1 Sigurður Tómas Þorsteinsson



2 Guðmundur Frey



4 Sigurður Tómas Þorsteinsson



5 Skarphéðinn Halldórsson

1. Andri Mar Ómarsson í Miklagljúfri (5.11a) á Hnappavöllum
2. Óðinn Arnason klifrar Pillar of the sea á Kálmyns
3. Skarphéðinn Halldórsson glúðast í skorunni einhversstaðar í Lofoten
4. Manuela Magnúsdóttir krúxar í Rotator Cuff (5.10c) í Salthöfðanefi - Gulli tryggir
5. Guðlaugur Ingi þrýðir sig upp 30 metra af lóðrettum kalksteini á Sardiníu
6. Valdimar Björnsson læðist inn í Draumalandið (5.13a) á Hnappavöllum



1  Sigurður Freyr Jónsson



6  Sigurður Tómas Þórisson



HELJARFERÐ

Örn Árnason



Ungur maður á uppleið, greinarhöfundur klóngrast upp skriðurnar undir Kerlingu í Eyjafirði.

Opna augun... Ég skynja að það hefur orðið slys og allt sem ég sé og heyri bendir til þess að ég sé sá slasaði. Þyrla sveimar nálægt klettinum, of nálægt fyrir minn smekk. Hávaðinn er rosa-legur en ég finn að það er einhver hjá mér. Ég veit ekki hvað tímanum líður eða hvað þyrlan hefur sveimað lengi fyrir ofan mig. Ég er festur í vír og híður upp í hávaðann. Mér finnst vírin allt of mjór og ræfilslegur og spaðarnir á þyrlunni helst til of nálægt klettunum. Hjartað er á fullu og hugurinn segir mér að nú hljóti eitthvað að klikka. Flugmaðurinn sennilega að tala í símann og drekka kaffi og sér ekki að þyrlan er að verða bensínlaus, vírin ekki festur rétt og rúðupissið búið... Það væri týpískt fyrir mig, að lifa þetta blessaða fall einhvern veginn af en drepast svo vegna tæknilegra örðugleika.

Ekki það að ég hafi náð að hugsa þetta allt á þessum tímapunkti, nei skopskynið kemur eftir á. Ef ég myndi skrifa orðrétt upplifun mína á þessum tímapunkti væri hún miklu einfaldari, einhvern veginn svona: Shit hundrað þúsund sinnum og „ekki missa mig“ fimm-hundrað þúsund sinnum. Svo veit ég ekki meir.

Sjúkrahús, lækna og lyf. Ég er þarna en samt ekki. Móðukenndar minningar sýna mér ekki mikið. Soizic er kominn til mín, hún hefur keyrt alla leið úr Skagafirðinum og beint upp á sjúkrahús. Ég sem var á leiðinni norður. Fjölskyldan mín kemur og allir eru ánægðir með að ég sé á lífi, ég líka. Ég fæ samt samviskubit yfir því að hræða alla svona.

Lestur sjúkraskýrslunnar gefur mér ennþá hroll.

1 Heilahristingur.

2 Brot annarrar kúpu og andlitsbeina.

3 Brot á þumli.

4 Tognun og ofreynsla á hálshrygg.

5 Focal brain injury.

Fyrstu þrjár vikurnar eftir slysið eru í blackouti. Ég talaði við fólk en man ekkert eftir því. Síminn hringir og ég svara. Sá sem er á hinum enda línunnar hefur talað við mig eftir slysið en ég man það ekki. Ég spyr sömu spurninganna og segi sömu hlutina aftur og aftur. Scary stuff.

Eftir þetta ber ég blendnar tilfinningar til klífurs. Klífrið bjargaði mér úr rugli einu sinni en núna er

Það búið að koma mér í rugl aftur. Til þess að útskýra verð ég að fara aftur í tímann og segja sögu. Drengurinn liggur upp í rúmi og flettir milli stöðva á sjónvarpinu. Honum líður ekki vel og lífið er grátt á litinn. Hann er búinn að fara í meðferð einu sinni, hefur verið böstaður nokkrum sinnum og eytt síðustu þremur árum í rugl. Hann skiptir um stöð og sér konu klifra. Hún er að solo klifra sjávardranga í Skotlandi og hún heitir Catherine Destivelle. Hann getur ekki slitið augun af skjánum og dáleiðist af klifrinu. Þetta er málið hugsar hann, þetta er það sem ég vil gera!

Nokkrum dögum seinna fer hann í kennslutíma í klifurveggnum í Björk Hafnarfirði. Eftir fyrsta skiptið er hann svo pumpaður í höndunum að hann getur ekki einu sinni opnað gosflösku en það er allt í lagi því hann er frelsaður. Ekki til kristni heldur til klifurs. Punglyndið sjatnar, kvíðinn minnkar og neyslan. Hann langar að lifa, hann langar að klifra. Hann getur ekki hætt að hugsa um klifur. Loksins eftir langan tíma hefur hann eitthvað til að hlakka til, eitthvað til að dreyma um. Hann byrjar í sportklifri og grjótlímu og kynnist fólki með sama áhugamáli. Drengurinn er orðin klifurfíkill og byrjar að æfa stíft. Stefnan er sett á 5.13 í það minnsta.

Það væri týpískt fyrir mig, að lifa þetta blessaða fall einhvern veginn af en drepast svo vegna tæknilegra örðugleika...

Tíminn líður og formið kemur...kannski of hratt? Hann fer fram úr þoli fingranna. Fyrst slitnar ein sinastesting og svo önnur. Eftir nokkra mánaðar fjarveru frá klifri og mikið lasertag í sjúkra-þjálfun mætir drengurinn aftur. Fara rólega af stað? Hvað er það? Hann er búinn að missa úr og klifurfélagarnir búnir að bæta sig, þetta má ekki gerast! Stefnan er sett á 5.14. Stuttu síðar fer öxlin... að sjálfsögðu, nema hvað? Jæja hvert setur maður stefnuna núna? Á meðan að fingur og axlir jafna sig byrjar hann að ganga á fjöll. Oftast er hann einn því klifurvínirir eru mest fyrir sportklifur en ekki fjallabrölt. Að slíta sinastestingarnar reynist vera lán í óláni því það leiðir



Sumar myndir segja meira en mörg orð. Eftir yfirhalinguna í Heljaregginni.

hann meira inn í fjallamennsku og ævintýri. Eftir nokkur ár er drengurinn orðinn jökla-leiðsögumaður hjá ÍFLM og er ánægður með sjálfan sig og tilveruna. Hann kemst að því að þetta er draumastarfið og fær aldrei leið á því að leiðsega fólki um skriðjökla. Síðasta vor átti hann að hefja störf hjá nýju fjallaleiðsögu fyrirtæki, Glacier Guides, með fólki sem hann ber mikla virðingu fyrir. Hann fer í gegnum stíft þjálfunarprógram og stenst það. Lífið er yndislegt! Aldrei hefur hann verið jafn bjartsýnn á lífið og tilveruna. Draumastarfið, falleg frönsk kærasta og stefnan sett á Alpana um sumarið.

Um veturinn hafði félagi hans samband og bauð honum að taka þátt í alpaleiðangri með stefnuna á Matterhorn. Hann vissi vel að það væri sirkus á þessu fjalli, troðið af fólki en hann slær til. Matterhorn er bara svo flott! Flugmiðar eru keyptir og ferðin skipulögð. Drengurinn er spenntur og ætlar að nýta sér vinnuna til að koma sér í gott form. Einnig ætlar hópurinn að taka undirbúningsklifur saman. Dag einn kemur að því að klifra leið sem heitir því skemmtilega nafni Heljaregg. Hann hefur lengi langað að fara hana og nú gerist það loksins. Drengnum, Ágústi og Jóni „norðan“ Heiðari er skutlað upp að bóndabæ fyrir neðan vesturbrúnir Esjunnar. Á leiðinni þangað syngur hann í bílnum þrátt fyrir mótmæli bílstjóra og annarra farþega. Lífið er yndislegt hugsar hann. Eftir brölt upp að klettunum er komið að því að klifra eða hvað? Heljareggina má byrja á mis-

munandi vegu. Hægt er að hefja klifrið um leið og komið er að klettunum þó að hægt sé að bröлта hærra og hefja klifrið ofar. Félagarnir vilja hefja klifrið sem fyrst og bæta metrum við leiðina sem honum finnst svolítið eins og byrja sitjandi í grjótglímu nema hvað að þetta er heilt fjall.

Ágúst leiðir fyrstu spönn, Jón Heiðar tryggir og grjótið byrjar strax að falla. Drengnum líkar ekki að standa undir grjótregni og ákveður að bröлта aftur upp gilið til þess að skoða sig um. Hann hefur nægan tíma þar sem klifrið gengur hægt og Gústi hreinsar nokkur grip úr leiðinni. Honum hugnast betur að byrja ofar en segir ekki orð um það meir. Honum finnst sérstakt að geta verið ofar en fyrsti maður og fara svo niður til þess að elta hann upp aftur. Loks er komið að þeim að elta spönnina. Þeir Jón græja sig upp og byrja að klifra lausamölinu. Þessi leið hefur svipaðan karakter og Hraundranginn sem þeir Gústi klifu um árið, ekki toga of mikið í gripin og passa hvar þú setur lappirnar. Eftir nokkrar mínútur og enn fleiri hjartslætti koma þeir í fyrsta stans. Þetta er verra en Hraundranginn hugsar hann, maður verður einhvern veginn að fljóta upp leiðina án þess að snerta hana of mikið. Jón tekur aðra spönn sem reynist mun

áhugaverðari og lúmskari. Þeir sjá grjót falla og hjartað tekur kipp þegar það fer rétt framhjá þeim. Jón klárar spönnina og þeir elta. Þessi kafla leiðarinnar er heldur skemmtilegri en sá fyrri og leiðin verður nokkuð lóðrétt á kafla. Þetta er hressandi hugsar hann. Þegar komið er upp í næsta stans er komið að drengnum að leiða. Jón Heiðar hefur útbúið eitt það svakalegasta akkeri sem hann hefur séð og líst mjög vel á. Hann stúderar kortið af leiðinni og reynir að sjá hvert leiðin liggur. Eftir nokkrar mínútur græjar hann sig upp og heldur af stað. Hann setur hnetu í sprungu rétt fyrir ofan akkerið og tekur sér góðan tíma í það. Þegar hann er svo sáttur við trygginguna og búinn að toga í hana klippir hann línunni í.

Áfram þokast hann og skömmu síðar er kominn tími til að setja inn aðra hnetu. Aftur tekur hann sér tíma í að setja hana vel í bergið þangað til að hann treystir sér að klifra yfir hana. Allt gengur vel og hann er nokkuð sáttur við klifrið. Hann kemur að kafla þar sem hann hliðrar eilítið til hægri. Hann er í miðri hreyfingu þegar eitthvað gerist, eitthvað slæmt. Meira veit hann ekki og allt verður svart. Félagar hans sjá hann falla niður með grjóthnullung í fanginu. Hneturnar halda ekki fallinu og skjótast úr lausu berginu.

Greinarhöfundur glaðbaittur í öðrum stansi Heljareggarinnar, skömmu áður en ósköpin dundu yfir.



Har
lang
han
línu
bera
er
hrin
björ
dren
eftir
svo

Það
eigi
farið
hefð
hver
útsk

Ég
líkar
ina
fólk
líður
þum
eilífa
sem
og á
einu
minn
það
Skat
þar
Hna
Hjar
Ég
fjallg
Ég v
næs
fjöll
heill
segja
gam
mag
þann
mér


Nú e
rölti
glans
og é

Hann nemur staðar 8 til 10 metrum neðar, langt fyrir neðan akkerið. Þeir vita ekki hvort hann sé lífs eða liðinn þar sem hann hangir í línunni. En svo heyra þeir einkennileg hljóð berast frá honum sem hljóma skuggalega. Hann er á lífi en greinilega mjög slasaður og þeir hringja strax í hjálp. Skömmu síðar kemur þyrta, björgunarmaður sígur niður til hans og svo er drengurinn hífður um borð. Þeir horfa á eftir þýrlunni fljúga í átt til Reykjavíkur og hefja svo sigið niður.

Það er ótrúlegt hvað ég slapp vel frá þessu, eiginlega yfirnáttúrulegt. Þetta hefði getað farið miklu verr og ég hef oft hugsað um hvað hefði getað gerst. Mér finnst eins og einhver hafi verndað mig í fallinu. Ég get ekki útskýrt þetta en einhver passaði upp á mig.

Ég hef verið lengi að ná mér eftir þetta bæði líkamlega og ekki síst andlega. Fyrstu mánuðina var ég bara glaður að vera á lífi og hafa gott fólk til þess að hugsa um mig. En eftir því sem líður á fer ljóminn af þessu. Vírar eru settir í þumalinn sem kurlaðist í fallinu. Ég er með eilífðar minjagrip um þetta á þumlinum þ.e. ör sem líkist eldingu. Hann verður ekki jafn góður og áður og ég get ekki beygt hann eins og ég gat einusinni. Hausinn er ennþá að reyna ná áttum og minnið virðist vera verra en áður og ekki var það nú gott fyrir. Ég náði að taka eina vakt í Skaftafelli í september ásamt Jóni Heiðari og þar náði ég að friða hugann aðeins. Við fórum á Hnappavelli, ég beit á jaxlinn og klifraði á ný. Hjartað var á fullu þó að ég væri í toppe. Ég mun halda áfram að klifra en held að ég láti fjallgöngur, sportklifur og grjótgímu duga í bili. Ég vil ekki leggja þetta aftur á þá sem standa mér næst. Það er alltaf gaman að lenda í ævintýrum á fjöllum, lenda í kröppum dansi en sleppa frá því heill á húfi. Það eru sögurnar sem gaman er að segja frá og hlæja að eftir á. Það er ekki jafn gaman að liggja andvaka um nætur með hnút í maganum og flashback á repeat í hausnum. Enn þann dag í dag tek ég róandi lyf til þess að hjálpa mér að sofna á kvöldin. Það er erfitt að gleyma.

Nú er kominn vetur og ég set brettið á bakið og rölta rólega upp Tindastól. Sólin skín, snjórin glansar og bros kemur á vör. Mér finnst eins og ég hafi fengið annan sjéns til að leika mér



Örn klifrar afbrigði af leiðinni Skóreiðar í Valshamri

í faðmi fjallanna og ég verði að nýta það rétt. Eftir þessa lífsreynslu ber ég mun meiri virðingu fyrir fjöllum og veit að þó þau gefi mikið þá taka þau líka og gera engan mannarmun. Kærar þakkar til allra þeirra sem hjálpuðu mér í gegnum þetta skrítna sumar og sérstaklega til þeirra sem sóttu mig á þýrlunni, ég skulda ykkur kassa af góðu öli!



Marianne klifrar Bleika parduinn í Ueschinen

Þegar ég var yngri hafði ég mikinn áhuga á fjallamennsku og vildi helst verða fjallaleiðsögumaður. Ég húkkaði mér far í Alpna með austurrískum vini mínum á meðan foreldrar mínir héldu að ég væri í skólaferð í Amsterdam. Þegar ég var 19 ára lenti Martin, austurríski vinur minn í banvænu slysi. Mér var verulega brugðið. Var fjallamennska virkilega svona hættuleg? Niðurstaðan varð sú að ég ákvað að kveðja fjöllin í bili.

Tveimur árum síðar uppgvötaði ég sportklifur og þegar ég kynntist Valda komst ekkert annað að hjá mér en klifur sem endaði með því að ég fluttist á þennan kalda klaka norður í Atlantshafi. Þó leið heilt ár þar til ég var dregin upp í fyrsta ísfossinn í Hvalfirði. Þar var kalt og dimmt, gangan upp brekkuna var þung í snjónum. Í klifrinu varð ég gegnblaut af vatninu í fossinum, fékk naglakul og kaldur vindurinn barði mig í framan. Hvað gæti verið betra? Ég féll strax fyrir þessu og gat ekki beðið eftir næstu ferð.

Ári seinna fór ég með Sigga Tomma og fleirum í Eilífsdal og þar var sömu sögu að segja, þetta var algjörlega selt. Þetta var einfalt, ís á veturna og klettur á sumrin. Svo þegar ég uppgvötaði mixklifrið þurfti að koma því fyrir líka.

Á þessum tíma var ég í sambandi við nokkra hollenska klifrara sem voru að leita að liðsmönnum í hollenska ísklifurlandsliðið. Þar sem mjög fáar hollenskar konur stunda ísklifur var sæti í liðinu auðsótt. Ég vissi þó alveg að ég væri ekki nógu

Heimilshald ísklifrarans er á allan hátt frábrugðið hefðbundnu heimili



góð fyrir keppni í ísklifri, en eftir þrýsting frá Hollendingunum ákvað ég að láta vaða.

Ég safnaði pening, horfði á ísklifurkeppnir á YouTube, las „biblíu“ Will Gadds, hékk í ísöxunum alla daga, mætti á bís-klifurkvöld í Klifurhúsinu en var þó mjög svartsýn á árangur í keppninni.

Loksins var komið að fyrsta mótinu, í Val Danone á Ítalíu. Við Dennis, félagi minn í landsliðinu, ókum saman til Ítalíu og á aðeins þremur dögum var ég gjörsamlega endurskóluð í ísklifrinu. Þar þurfti ég að brýna bæði axirnar og broddana hárfínt, keypti golfhanska til að fá betra grip og fékk hraðnámskeið í hvernig maður sparkar broddunum í tré.

Aldrei hafði ég klifrað svona þróaða klifurleið áður, trékubbar til að sparka í, granítsteinar fyrir axarfestur og stórir ísklumpar með tilbúnum götum fyrir ísaxir og allt vel yfirhangandi. Ég lenti í 12. sæti í keppninni eða öllu heldur, 3. neðsta sæti og náði þannig takmarki mínu sem var að vera ekki í síðasta sæti. Það var góð hvatning til að halda áfram og gera betur.

Næsta keppni átti að vera í Saas Fee í Sviss. Í millitíðinni ákváðum við að fara í æfingaferð til mekka ís, mix- og sportklifurs; Kandersteg

í Sviss. Meginhluti keppenda fer þangað til að æfa sig í erfiðum mixleiðum í Ueschinen.

Það svæði var reyndar opnað og boltað að stórum hluta af fyrrum meðlim hollenska klifurliðsins, Maikel van Sundert sem var með betri mix-klifurum á sínum tíma og lifði fyrir sportið. Árið 2004 var hann á leið upp að klifursvæðinu þegar stór ísklumpur brotnaði og lenti á honum. Hann lést samstundis.

Í Hollandi fékk ég hjálp frá gömlum félögum Maikels. Þeir töluðu mikið um „Pink Panther“ leiðina í Ueschinen. Leiðin fékk ákveðinn töfraljóma í mínum augum. Ég var spennt fyrir að fá að prufa svona erfiða leið, M9/M10 töluðu þeir um. Ég hafði enga hugmynd um hversu erfitt þetta væri, en það erfiðasta sem ég hafði prófað áður var M7 á Íslandi.

Í Ueschinen klifraði Dennis leiðina og sagði mér brosandí að flassa hana á eftir sér án þess að segja mér hvaða leið þetta væri. Hann fór á undan og reyndi ég að fylgjast vel með hreyfingunum og kortleggja leiðina. Ég lagði af stað, komst yfir krúxið en datt fljótlega eftir það þar sem ég var orðin duglega pumpuð. Allir klifrararnir fylgdust með og hvöttu mig áfram. Enginn hefur reynt að flassa Pink Panther áður en það var bara ég sem vissi ekki hvaða leið þetta var.

Mér finnst best að vita ekki gráður leiða sem ég reyni, fara bara út í óvissuna og taka bara á því sem að höndum ber. Þegar ég sé leiðarvísi með gráðum eins og 8a, 5.12b, M9 fer ég ósjálfrátt að búa mér til neikvæða ímynd af leiðinni. Það er eins og lítil rödd hvísli að mér: „Sjitt, 8a er bara allt of mikið fyrir þig, þú nærð aldrei þessum hreyfingum, þetta á eftir að kosta meiri orku en þú býrð yfir, þetta er bara of erfitt fyrir þig“. Ég klifra einfaldlega best með opnum huga. Ég kláraði Pink Panther í þriðju tilraun.

Eftir það fórum við yfir til Saas Fee sem er bíla-laust skíðasvæði ríka fólksins. Keppnissvæðið var á stóru bílastæði þar fyrir utan og voru yfir 300 manns að fylgjast með og keppendur komu alla leið frá Bandaríkjunum og Kóreu. Þetta er stærsta og erfiðasta keppnin í heimsbikarkeppninni.

Á miðju stæðinu hafði veggurinn verið reistur. Þar eru risastór auglýsingaskilti hvert sínu megin

Ís og klettur, allt sem maður þarf. Hér væri ekki gott að detta



og er kuldinn nægur fyrir ísklifurveggin sem notaður er í hraðaklifrinu. Ég klifraði mjög vel í keppninni og komst í undanúrslit, sem þýddi að æfingin í Danone og Ueschinen hafði algjörlega skilað sínu. Nú hef ég komist að því að ég þarf að vinna í þrekinu og að geta klifrað hraðar þar sem hraði er einn þáttanna sem keppnin gerir kröfur um.

Í hraðaklifri eru reglurnar einfaldar, sá hraðasti vinnur. Afískir og rússnenskir keppendur hafa verið bestir, þeir virðast búa yfir aga sem við Evrópubúar og Ameríkanar getum ekki tamið okkur. Nema Dennis. Hann er kallaður „Hollandingurinn fljúgandi“ þar sem hann klifrar svo hratt

Eftir Saas Fee var bara ein keppni eftir: Rabenstein. Sú er ekki heimsbikarkeppni en þó keppa þar margir allsstaðar að úr heiminum. Mér gekk ekki svo vel í þeirri keppni, en var þó ekki á heimleið eftir keppnirnar. Nú var kominn tími til að klifra eitthvað alvöru og þar sem takmarkið mitt hafði verið að klifra M9 en ég var þegar búin með Pink Panther (M9+) þurfti ég að finna mér nýtt verkefni.

Ég hitti Roeland í Kandersteg. Í fyrsta klifrinu okkar í Kiental vildi ekki betur til en svo að ég datt í onsigth tilraun í Cabron (M8) og braut illa á mér úlniðinn. Þrátt fyrir að svissneskir og hollenskir læknar teldu að ég gæti jafnvel aldrei klifrað aftur var ég komin í þökkalegt lag eftir fimm vikur og byrjuð að klifra á ný.

Ég er fullviss um að ég hef náð mér að fullu, æfingarnar ganga vel og ég náði öðru sæti á Evrópumótinu „Pray for ice“ í haust. Ég er hvergi nærri hætt - Skotland er næst, svo Frakkland, svo heimsbikarmót aftur í janúar, þar á eftir Kandersteg og svo aftur til Íslands.

Ég er allslaus - á varla fyrir mat út vikuna, hef ekki almennilega vinnu, á eiginlega hvergi heima, á ekki bíl, en fjandinn hafi það... ég elska þetta klifurlíf!

REGLUR Í KEPPNUM UIAA

- *Aðeins ein byrjunarfesti*
- *Tíminn byrjar þegar þú ferð af gólfinu*
- *Ein leið tekur á bilinu 5 til 12 mínútur, fer eftir lengd og erfiðleika*
- *Í þurrklifurþrautum telja allar festur, þú getur fengið plús eða mínus eins og í sportklifri*
- *Í ísklifrinu eru málaðir bláir partar í ísinn, markmiðið er að komast í sem hæstan reit*
- *Sumir hlutar eru merktir með rauðu og þá má ekki snerta*
- *Þegar tíminn er búinn eru stig tekin af hæsta hluta sem þú hefur komist í*
- *Þegar þú klárar leið, klippir þú í síðasta boltann og setur báðar axirnar í síðustu festinguna og þá er tíminn stöðvaður*
- *Sigurvegari er sá sem kemst hæst eða klárar á sem skemmstum tíma*

Greinahöfundur í léttari sveiflu í Saas Fee



ÚTILÍF

URÐ OG GRJÓT UPP Í MÖT

ÖLL TOPPMERKIN Í FJALLGÖNGUNA:



DEUTER

Margverðlaunaðir
bakpokar af öllum
stærðum.



GRIVEL

Toppurinn í mann-
broddum og ísöxum.



THE NORTH FACE

Stærsta
útivistarmerkið.



HELLY HANSEN

Frábær nærföt.



TREZETA

Gönguskór á
góðu verði.



MEINDL

Gönguskór
fyrir kröfuharða.



BRIDGEDALE

Göngusokkar
sem ganga.



TENDON

Gæða-klifurlínur
á góðu verði.



Arni Alfredsson

Eyjafjallajökull eys eldi og eimyrju, tunglið veður mökkinn

HVERJU REIDDUST GOÐIN?

Árni Alfredsson

Ég sekk af og til upp í kálfa í drullunni. Klaki er enn í jörðu og heiðin því eitt stórt drulludý. Það er ekki fyrr en komið er í snjó að ástandið fer að batna. Fer fljótlega á skíðin. Hér þarf engin skinn. Askan er góður áburður og skíðin grípa vægast sagt vel í. Þau renna hvorki afturábak né áfram.

Ég hafði eytt öllum deginum niðri á Stóru-Mörk við kaffidrykkju og kjaftæði. Var nýlagður af stað í bæinn í ljósaskiptunum þegar það létti skyndilega til. Í stað þess að halda áfram heim á leið var beygt upp slóða sem liggur áleiðis upp á heiði. Eldbjarminn frá gosinu seiðir og lokkar. Af hverju ekki?

Það er skrítið að silast þarna upp í öskunni. Það er dimmt, allt umhverfið kolsvart en framundan langt í burtu er stórfenglegt sjónarspil. Það er heiðríkja og stafalogn. Brennisteinsfnykur og þurrkur í hálsi vekur óþægilegar spurningar.

Svo upptekinn er ég af þessu sjónarspili að ég má varla vera að því að líta niður fyrir mig. Reyni samt að gjóa augum á yfirborð jökulsins. Þarna geta verið sprungur en verð ekki var við neitt. Það er kannski eins gott að fara varlega. Er jú einn á ferð og fall í sprungu gæti verið

óheppilegt. Það veit heldur enginn af mér hérna á jöklinum. Reyndar finnst mér það bara fínt.

Þessu fylgir ákveðið frelsi og meiri nánd við náttúruna. Það eina sem skiptir máli núna er að komast upp í gíginn og upplifa þetta. Það væri því lélegt að detta í sprungu áður en upp er komið hugsa ég með mér. Sök sér á bakaleiðinni. Svona kæruleysi er ekki beint líkt mér, a.m.k. ekki á seinni árum. En gosið og gígurinn hafa náð á mér hjartatökum. Ég er hreint út sagt heltekinn.

Ég hef fylgist grannt með því hvar hinar glóandi hraunbombur lenda. Þær virðast ekki ná að Goðasteini en þangað er förrinni heitið. Þegar komið er hærra verður þetta æ tilkomumeira. Af og til koma gríðarlegar bombutarnir og allt lýsist upp. Drunurnar sem þessu fylgja verða til þess að staldrað er við. Smá skrekur læðist að manni.

Bít á jaxlinn og held áfram. Nokkur hundruð metra neðan Steins þá fer að bera á götum í jöklinum. Þetta boðar ekki gott. Eftir því sem nær dregur þeim mun þéttari verða þessar holur. Margar eru metri en sumar risastórar, þrír, fjórir metrar í þvermál. Velti fyrir mér hvað þær geti verið djúpar. Þetta

Svartu

sés
líki
flau
myn
spre
að
hug
Fljó
gátt
bom
snjá
nála

Ég f
Kles
holu
Kipp
og t
hug
dru
safn
úr ö
að tr

Það
Truk
opin
ofar
sitt
aðsk
um l
í öre



Svartur jökullinn skjújum ofar

sést illa þarna í rökkrinu. Spígspora á svæði sem líkist götöttum osti. Af og til heyrir furðulegt flaut. Þetta er sama hljóð og heyrir í stríðs myndum þegar sprengjur falla. En í stað sprengingar heyrir „hviss“, eins og verið sé að strauja með blautum klút. Ég er svo annars hugar að í fyrstu átta ég mig ekki hvað þetta er. Fljótlega áttar hinn afvegaleiddi og utan-gátta ferðamaður sig þó á þessu. Þetta eru bara bomburnar að bræða snjó. Fyrst þessi suða snjávar heyrir þá eru þær líklega óþægilega nálægt.

Ég flýti mér upp að Steini til að komast í skjól. Klessi mér alveg að klettaveggnum. Það eru holur út um allt nema alveg upp við klettinn. Kippi skíðunum og bakpokanum af. Drunurnar og titringurinn eru slík að manni dettur helst í hug að þetta geti allt opnast þá og þegar. Er drulluhræddur en forvitnin nær yfirhöndinni. Ég safna orku og kjarki í smástund. Nú þarf að fara úr öryggi Goðasteins og upp á hann. Nú er bara að treysta á guð eða guð og lukkuna.

Það gengur mikið á þarna ofan í gígnum. Trukkið og gríðarlegur hraði gosefnanna í gos-opinu sjálfu kemur mest á óvart. Rétt aðeins ofar hægir á öllu og gosmökkurinn eignast sitt eigið líf. Þetta er eins og að horfa á tvo aðskilda hluti. Gjóskubólstrarnir breyta stöðugt um lit og lögun og hraunbombuhrynurnar koma í óreglulegum bylgjum. Það er þessi byljótti

gangur gossins sem gerir þetta svo ógnvekjandi. Maður veit aldrei hvað kemur næst.

Ég stend þarna bergnuminn í einhverja stund. Tíminn er afstæður. Kem mér svo í skjól undir klettinum. Skelli skíðunum undir lappirnar, pokanum á bakið og flýti mér svo yfir sprengjusvæðið. Minnir á atriði úr gamalli stríðsmynd. Í öruggu skjóli stoppa ég og lít við. Eldglæringar umlykja nú gosmökkinn. Þessu fylgir skerandi brothljóð og síðan miklar þrumur sem yfirgnæfa drunur gossins.

Sólin kemur upp þegar ég er komin langleiðina niður. Skýin hylja allt eins og hvítt teppi fyrir neðan kolsvartan Jökullinn. Hekla og Tindfjöll standa uppúr eins og eyjar. Það er enn stafalogn og heiðskýrt. Þvílík fegurð, þvílík upplifun. Af hverju ekki?





Atli Pálsson

Útsýnið af toppi Mt. Cook. Mt. Tasman er hægra megin


Það var þannig að ég var að vinna á Fox jöklinum á Nýja Sjálandi veturinn 2009-2010. Veturinn okkar er reyndar sumar þarna hinum megin á kúlunni því þar er allt öfugt. Fox er í Mt. Cook þjóðgarðinum, bærinn stendur við ströndina en jöklarnir steypast niður úr fjöllum og jökulsporðurinn er rétt við bæjar-mörkin. Á góðum degi sitja bæjarbúar og sötra te í ómældu magni, enda afkomendur breskra nýlenduherra, og stara á einhver fallegustu fjöll veraldar. James er einmitt fæddur og uppalinn í Nýja Sjálandi en komst ungur að því að íslenskar konur væru miklu fallegri en nýsjálenskar (þið munið að Nýsjálendingar eru af-komendur Breti) og var svo ljónheppinn að kynnast íslenskri stelpu, svo nú býr kappinn á Fróni.

Hann saknar auðvitað tedrykkjunnar og var staddur í Nýja Sjálandi um jólin svo það var ekki annað hægt en að skipuleggja einhverja fjallaferð. Ég tilkynnti vinnuveitandanum viku forföll í janúar og James mætti til Fox. Planið var einfalt, fara þangað sem veður væri gott og

klifra eitthvað flott en ekki Mt. Cook því James var búinn að lofa fjölskyldunni að gera það ekki. Mt. Cook er mikil grýla í hugum heimamanna, fjallið hefur orðið mörgum klifurum að fjörtjóni, veður verða fljótt mjög slæm á fjallinu og björgun oft ekki í boði. Á hinn bóginn hefur Cook sterkan sess í hugum klifrara á Nýja Sjálandi, það þykir prófraun að klifra fjallið, allar leiðir upp eru erfiðar og útsýni á góðum degi er óviðjafnanlegt.

James og Atli á toppi Mt. Cook

Atli Pálsson



Jan
í a
pla
ski
fjö
úrv
sar
ver
Pla
þa
lan
og
Ein
og
læk
þeg
yfir
flog
í s

Veð
þyr
okk
efti
því
brö
á fj
nor
okk
ætt
til a
föru
næs
efti
upp
okk
við
slóð
í geg
næf
töku

Sein
og
men
Um
man
klifr
út e
skar
bratt
bars
íslen

James vissi reyndar ekki að ég var harðákveðinn í að klifra Cook við fyrsta tækifæri og tókst að plata hann upp í skálann við Cook undir því yfirskini að þar væri fullt af flottum leiðum á önnur fjöll. James varð eitthvað tortrygginn um leiðaúrvalið þegar hann skoðaði leiðavísinn en ég sannfærði hann um að þetta hlyti að vera gömul bók. Austan við Mt. Cook er Plateau skálinn í um 2.200m hæð og þangað er erfitt að komast. Allar leiðir að skálanum liggja upp snarbrattar grjóthrunsbrekkur og það er nánast sjálfsmorð að fara þær leiðir. Ein leiðin nefnist til dæmis „garbage gully“ og segir nafnið allt sem segja þarf. Árið 1991 lækkaði reyndar Mt. Cook um ca. 10 metra þegar toppurinn hreinlega hrundi af og rúllaði yfir leiðina að skálanum. Nú til dags er oftast flogið upp í skálann í þylu og það völdum við í staðinn fyrir að fara sjálfsmorðsskriðurnar.

Veðurspáin var flott, við búnir að röfla verð á þylufari niður í það sem við áttum fyrir og því var okkur ekkert að vanbúnaði. Þyrlan skildi okkur eftir á skálatröppunum með nesti fyrir 4 daga því planið var að klifra í 3 daga og enda svo á að brólta yfir Pioneer Pass sem er 3000 metra skarð á fjallgarðinum sem skiptir eyjunni í tvennt frá norðri til suðurs. Þegar við vorum búnir að skoða okkur um í skálanum tilkynnti James mér að við ættum að reyna við Cook, fjallið væri bara of flott til að sleppa því. Ég játaði svikamylluna og við fórum að ræða planið. Spáin var ekki góð Strax næsta dag en eftir það átti veðrið að batna. Strax eftir komuna í skálann fórum við í könnunarferð upp í Linda ísfallið sem er lykilkaflinn á leiðinni okkar á Cook. Ísfallið er gríðarlega sprungið og við sáum fyrir okkur að það yrði gott að sparka slóð í gegnum völundarhúsið í dagsbirtu. Leiðin í gegnum ísfallið var síður en svo traustvekjandi, næfurpunnar snjóbrýr sem við læddumst yfir og tókum langstökk þar sem snjóinn vantaði alveg.

Seinnipartinn lágum við á skálatröppunum og horfðum á þyrlur koma með leiðsögumenn og ofur stressaða skjólstæðinga þeirra. Um kvöldmatarleytið var orðið margt um manninn í skálanum en enginn ætlaði að klifra næsta dag vegna veðurs. Við fórum reyndar út eldsnemma til að kanna leiðina yfir Pioneer-skarð sem virtist greiðfær en þó eitthvað dálítið brattari en bókin gaf til kynna. Veðurspáin barst seinnipartinn og lofaði hún góðu á okkar íslenska skítviðris skala. Við reyndum að fá

Okkur fannst reyndar skrítið að enginn annar ætlaði út og grunaði okkur að þeir vissu kannski eitthvað sem við vissum ekki

upplýsingar um efri part leiðarinnar á Cook frá innlendum reynsluboltum en fengum fuss og svei, þar sem við þóttum ekki verðugir viðtals. Ég kenndi þeim nokkur íslensk orð sem þakklætisvott. Klukkan 11 um kvöldið fengum við okkur morgunmat og græjuðum okkur í að klifra Mt. Cook. Okkur fannst reyndar skrítið að

Á toppi Mt. Cook



enginn annar ætlaði út og grunaði okkur að þeir vissu kannski eitthvað sem við vissum ekki. En hvað um það, það þýddi ekki að hanga inni svo við rukum af stað út í heiðskíra en kalda nóttina. Slóðin okkar í gegnum ísfallið kom sér vel í myrkrinu (reyndar líka fyrir leiðsögumanninn sem hafði nýtt sér hana á niðurleið) og það var fínt að sjá ekki ofan í Ginnungagöpin.


Eftir að við komum í gegnum ísfallið lá leiðin uppá svo kallað „Linda shelf“, silla sem þarf að hliðra í 45-50° halla, u.p.b. 400 metra. Það er svo sem ekkert mál fyrir utan að ofan við silluna eru ca. 500 metra yfirhangandi falljökull sem ís hrynur reglulega úr þannig að það var vissara að flýta sér. Með hjartað í buxunum eftir serakka-hlaupið komumst við upp undir „summit rocks“ sem er klettabelti undir toppnum en þar taka við nokkrar spannir af skemmtilegu blönduðu klifri. Þar vorum við í u.p.b 3.400 m hæð og tókum fyrstu pásu dagsins eftir 1200 m hækkun. Þar sem við sátum klovvega á hrygg og átum nesti komu upp til okkar Austurríkismaðurinn Manu og Íri nokkur sem við munum nú ekki hvað heitir. Þeir höfðu líka aðra skoðun á veðurspánni en þeir sem enn voru sofandi niður í skála. Þetta reyndust frábærir náungar og þeir slógust í för með okkur. Klifrið upp hrygginn var ekki mjög erfitt en mjög opið og mikið um grjóthrun. Sex spannir skiluðu okkur upp úr klettabeltinu og þaðan var brött snjó- og ísbrekka uppá toppinn sem er örmjór hryggur. Við fórum rólega upp þessa brekku enda ótryggðir og ljóst að þarna mátti ekki misstíga sig. Nokkrum metrum undir toppnum skildum við bakpokana eftir og fetuðum okkur afar varlega uppá blá toppinn. Það var


logn og varla ský að sjá þegar við stóðum á toppi Mt.Cook. Það var ótrúleg upplifun að sitja á bakpokanum í 3.754m hæð á hæsta fjalli Nýja sjálands.

Við bundum saman línur með Manu og Íranum til að geta sigið fulla línulengd. Það gekk ljómandi vel fyrir utan það að línurnar festust einu sinni en því var fljótt bjargað. Niðurferðin gekk annars áfallalítið þó við höfum stigið ofan í nokkuð margar sprungur enda snjórinn farinn að mýkjast. Við vorum allir fjórir saman í línu og þess vegna ekkert mjög stressaðir yfir því að stíga í gegn um snjóbrýrnar. Rétt áður en við komum í skálann byrjaði Manu að góla „last meters, last meters“ en rétt í því hvarf hann í sprungu. Stemmingin í skálanum var frekar súr, allir leiðsögumennirnir höfðu setið inni og horft á okkur toppa í frábæru veðri, viðskiptavinum þeirra til mikillar gremju. Allt í einu vildu allir tala við okkur og að fara upp og niður á 14,5 klst þótti víst ekki svo slæmt. Við svöruðum öllum spurningum um aðstæður eins þeir höfðu kennt okkur sjálfir, þóttumst ekkert skilja og svöruðum eins loðið og við gátum. Fréttum reyndar síðar að einn reynsluboltanna hafði sagt þessa gaura frá Íslandi ekki nærri eins vitlausa og hann hélt fyrst.

Daginn eftir Cook sváfum við út, fórum að stað klukkan 4 um morguninn og yfir Pioneerskarð. Leiðin var víst flennifær 1970 þegar leiðabókin var skrifuð en síðan hefur töluvert af ís breyst í vatn. Þessi dagur reyndist síst minna ævintýri en það er önnur saga. Við komumst heilir heim til mín í Fox, drukkum bjór og borðuðum pizzu sáttnir með frábæra daga á fjöllum þar sem markmiðið var að klifra ekki Mt.Cook!

Eitt af nokkrum stigum svo sem átti að vera léttur göngutúr heim





© Art Pálsson


Hæsta fjall Nýja sjálands, Mt.Cook 3.754m. Leiðin sem þeir félagar fóru er merkt með rauðu

ÍSLENSKIR
FJALLALEIÐSÖGUMENN

FJALLAMENNSKA OG ÞJÁLFUN
 VYNNTU ÞÉR ALMENNUN FJALLAMENNSKUNÁMSKEIÐIN OKKAR
 OG VOTTAÐA, ALÞJÓÐLEGA ÞJÁLFUNARKERFIÐ FYRIR JÖKLALÆIÐSÖGUMENN

FJALLALEIDSOGUMENN.IS

Íslenskir fjallaleiðsögumenn, S: 587 9999
mountainguides@mountainguides.is



LOFOTEN

Sveinn Friðrik Eydal Sveinsson

Sissi og Björggi glæðbeittir fyrir ofan Gandalf vegginn. Bærinn Henningsvær í baksýn

Sumarið 2010 fóru þeir Björgvin Hilmarsson, Skarphéðinn Halldórsson og Sveinn Friðrik Sveinsson í klettaklifurferð til Lofoten í Noregi með fulltingi leiðangursstyrks 66° Norður. Þeir skemmtu sér vel.

Í september 2009 var boðað til fundar með tilheyrandi öldrykkju við velli þá kennda við meistara mikla, nánar tiltekið við eldhúsborðið heima hjá meistara Skarphéðni. Þar var ætlunin að kokka upp einhverja ótrúlega töff

og sniðuga umsókn um leiðangursstyrk 66° Norður. Það er ekki ráð nema í tíma sé tekið, enda rynni umsóknarfresturinn út daginn eftir. Í eldhúsinu spunnust miklar umræður um háfjallaferðir í Suður-Ameríku. Bláar tunnur og burðarmenn eru samt einhvernveginna það fyrsta sem manni dettur í hug þegar minnst er á leiðangur. Leiði og angur eins og einhver orðaði það. Þegar leið á kvöldið komumst við að því að svoleiðis hark væri ekki okkar tebolli í bili, alparnir væru þægilegri viðureignar og einfaldara markmið.

Linur gerðar upp eftir erfiðan dag í Romm og Kóla. Niðurferðin reyndist kapituli útaf fyrir sig



Ekki veit ég hvernig það atvikaðist, ekki voru bjórnarnir svo margir, en daginn eftir kom í ljós að umsóknin sem fór inn hafði á einhvern ótrúlegan hátt stökkt breyst í Lofoten (eða Lúfúten eins og lókallinn segir). Einmitt. Hvað er það? Hvar er það?

Lofoten er eyjaklasi sem liggur á 68. breiddargráður við vesturströnd Noregs. Nafnið þýðir í lauslegri þýðingu gaupufótur en eyjaklasinn er ekki ósvipaður fæti á korti. Skarphéðinn hafði skellt sér í hjólaferð þarna norðurfrá þegar hann var í mastersnámi í Noregi fyrir nokkrum árum og var fullur af einhverri rómantík í garð þessa svæðis. Við Björgvin vissum bara að þetta væri norður í rassgati, þarna væri örugglega kalt og allt væri ógeðslega dýrt. Þrátt fyrir það tókst

Út um flugvélar- gluggann teygðu endalausir gráir tindar sig til himins í sólinni

honum að sannfæra okkur um að þetta væri
einhver eðalsníld sem væri mun merkilegri en
Alparnir. Fljótlega kom í ljós að styrkurinn var
okkar.

Undirbúningur hófst því af fullum
krafti. Við Skarphéðinn tókum á því í ræktinni
og Björgvin í sófanum, hann meiddist nefnilega
á ökkla um haustið og gat lítið gert annað en að
hjóla í bílskúrnum lengi vel. Skarphéðinn las sér
til um svæðið og var farinn að láta sig dreyma
um ákveðnar leiðir þarna tíu mánuðum fyrir
flugtak. Ég fann einhvern örleiðarvísi á netinu
og sá þar eina leið sem mér leist helvíti vel á,
Bara bláber. Mikið meira var ég nú ekki búinn
að kynna mér af klifrinu á svæðinu fyrir ferðina,
enda með hugann við Kilimanjaro ferð, próf,
brúðkaupsundirbúning, jöklaleiðsögn og fleira
skemmtilegt. Um vorið var Björgvin sendur í
útlegð í Skaftafell. Leiðtogi vor fékk því hlutverk
bókaormsins, enda hefur hann svo gaman af
lestri að hann er rétt nýbúinn að loka

Leiðangursmenn spóskir á tjaldstæðinu við Kalle



© Björgvin Hilmarsson

Sissi spærir upp "By the Dashboard Light"

skólabókunum þegar þetta er ritað, fjörgamall
maðurinn.

Við komum ágætlega undan vetri og klifruðum
allir okkar besta hingað til í íslenska sumrinu.
Í Faxafeni hjá 66° vorum við leystir út
með nesti og nýjum skóm. Þá var okkur
ekkert að landbúnaði, eins og maðurinn sagði.
Undirritaður gifti sig helgina fyrir ferð,

© Björgvin Hilmarsson



Skarphéðinn og Björgvin héldu út á mánudegi en ég fékk tvo aukadaga með brúðinni áður en haldið var í brúðkaupsferð með strákunum. Út um flugvélargluggann teygðu endalausir gráir tindar sig til himins í sólinni. Hmm, þetta lítur bara alls ekki svo illa út. Skarphéðinn mætti á flugvöllinn í Narvik/Harstad til að taka á móti mér og við ókum sem leið lá á tjaldstæðið okkar við þorpið Kalle, ekki svo langt frá Henningsvær sem er nafli klifur-senunnar í Lofoten. Litlar hömlur eru á því hvar má tjalda í Noregi en við Kalle höfðu menn tekið skrefið til fulls og útbúið prýðilegt ókeypis tjaldstæði fyrir ferðamenn. Rennandi vatn, borð og bekkir ásamt kamri. Sannkölluð paradís, gróin tún við fallega sandströnd, iðagrænn skógur og ofan á trjátöppunum fljóta risavaxnir gráir granítveggir. Rosalegt!

Á fyrsta kvöldi strákanna kom kynlegur kvistur gangandi inn á tjaldstæðið með pizzakassa í annarri og pizzakassa í hinni. Þar var kominn Jukka, hressi Finninn. Hann hafði keyrt einn frá Rovaniemi í Finnlandi þar sem hann vinnur sem tannlæknir og var mættur til leiks í Lofoten í fjórða sinn þetta sumarið. Jukka reyndist okkur ómetanlegur, hann þekkti svæðið inn og út og sparaði okkur mikinn tíma við val á verk

efnum. Þess utan var hann hafsjór af fróðleik um öll möguleg og ómöguleg málefni, allt frá samanburðarrannsóknum á Xylitoli að súrustu hljómsveitum sem Finnland hefur alið af sér. Klifrið í Lofoten er nánast einvörðungu tryggt með svokölluðu dóti; hnetum og vinum sem komið er fyrir í sprungum. Það væri vond nýting á tíma að fara til Lofoten að klippa eingöngu í bolta. Þarna voru langar og flottar granítleiðir á hverju strái.

Klifrið stóð svo sannarlega undir væntingum. Það væri of langt mál að telja upp öll verkefni ferðarinnar en nokkrir dagar voru eftirminnilegri en aðrir. Við Skarphéðinn klifruðum últrasíðan Bare Blåbær, sjö spanna leið inni í Djupfjord. Við gengum í rúman klukkutíma

Við gengum í rúman klukkutíma í kjarri eða skógi með djúpan, dimmbláan fjörð á aðra hönd og granítkletta á hina

Skabbi setur sig í stellingar á stærri horni Svölvar Geitarinnar


© Björgvin Himarsaun



í kjarri eða skógi með djúpan, dimmbláan fjörð á aðra hönd og granítkletta á hina. Þegar innar dró tók við stöðuvatn. Alla leiðina var allt á kafi í bláberjum sem við gerðum góð skil, engin sunnlensk bláber heldur aðalbláber. Finninn sagði okkur að venjuleg bláber legði enginn sér til munns á hans heimaslóðum. Leiðin var hreint út sagt unaðsleg. Eftirminni-legast var að klifra nánast heila spönn af glæsilegri sprungu á handa- og tálásum alla leið. Alveg frábært og við vorum í skýjunum með þetta. Jukka og Björgvin klifruðu leiðina Coley Smoke sem lá um 50 metrum innar og voru í kallfæri alla leiðina.

Þá klifum við geitina í Svolvær en það er klettadrangur fyrir ofan stærsta bæinn á Lofoten eyjunum. Þessi drangur er mjög þekktur og má finna hann á flestum póstkortum á svæðinu. Nafnið dregur hann af því að á toppnum eru tvö horn, stóra og litla horn, sem láta drangann líta út svipað og sitjandi geit. Við klifum leiðina Forsida sem liggur framan á geitinni og er hún fimm spannrir að lengd. Þetta er mjög fallett klifur, kletturinn góður og útsýni niður í bæinn allan tímann. Hér áður fyrr var oft stokkið milli hornanna en eftir að stórt stykki brotnaði úr þeim er erfitt að eiga við slíkt. Það var engu að síður mögnuð tilfinning að sitja í hnapp á öðru horninu og virða fyrir sér umhverfið. Nokkur hundruð metrar beinustu leið niður í kirkjugarðinn í Svolvær.

Loks klifu Skarphéðinn og Björgvin eina flottustu leiðina á svæðinu, Vestpillaren á Presten, en það voru algjör tímamót í klifursögu á svæðinu er hún var fyrst farin. Þetta var jafn löng meðganga og hjá meðal móður. Ég ætla svo sem ekki að segja að gleðin hafi verið jafn mikil og hjá nýbakaðri móður en það voru gríðarlega sáttir sveinar sem komu röltandi niður slóðina eftir um níu klukkutíma. Ekki voru þeir síður sáttir að sjá ískaldan eftir-klifur bjórinn og nýsteiktar brakandi ferskar Sörlandsflögur lagðar út. Veðrið lék við okkur allan tímann og þessar tvær vikur var klifrað, klifrað á hvíldardögum og við klifruðum meira að segja þá tvo daga sem lítillaga rigndi. Staðkunnugir sögðu okkur að það hefði rignt mikið áður en við komum og síðasta daginn okkar fór að hellirigna. Það má því segja að lánið hafi aldeilis leikið við okkur.




Björgvin stendur gleiður milli hornanna á Svolvær Geitinni

Ég er að minnsta kosti nokkuð viss um að við félagarnir munum reyna að komast þangað út aftur. Þetta var ein af þessum ferðum þar sem allt gengur upp. Meira að segja í lok ferðar þegar við settumst upp í rafmagnslausu bílinn okkar í Keflavík, stóð maður fimm metrum frá okkur með færanlegan rafgeymi og kapla. Bara snilld.



1 📷 Arnar Þór Emlisson



2 📷 Berglind Aðalsteinsdóttir

1. Margrét og Sveinborg skjújum ofar í Flateyrdal
2. Arnar skjjar milli trjáa í Kanada
3. Jökull Bermann "Gipfel Sturmer" í Bernese Oberland
4. Berglind skiðar ofan Lónafjarðar
5. Skiðað yfir til Ítalíu frá Aguille du Midi
6. "Liver Hilmarsson" að skiða ofan af brún Hlíðarfjalls



3 Robert Þór Haraldsson



4 Arnar Þór Emilsson



6 Margrét Aðalsteinsdóttir





LANGUR DAGUR Á JAN MAYEN

Kári Jóhann Sævarsson

© Kári J. Sævarsson

Aðgangur að húsi norsku veðurstöðvarinnar var stranglega bannaður svo samátjaldið var látið nægja. Eldur var kveikur inni í tjaldinu í þar til gerðum eldkassa. Fot leiðangursfólks lýktuðu í marga mánuði eftir reykingu í tjaldinu

„Hössi, sést í fjallið?“

Þetta eru fyrstu orð mín, annan daginn í röð. Höskuldur Jónsson, leiðsögumaður og stýrimaður á Áróru (Aurora) rís upp og stingur höfðinu út úr tjaldinu. „Nei, það er er þoka á fjallinu“. „Andskotinn,“ hugsa ég og leggst aftur á koddann. Ég átti ekki von á því að þetta yrði biðleiðangur eins og hægt er að lesa um í Himalæjabókum. En maður hefði kannski getað sagt sér það sjálfur. Samkvæmt tölfræðinni eru innan við tíu heiðskírir dagar á ári á Jan Mayen. Við höfðum bara ekki tíma fyrir vont veður því við vorum komin hingað til að klífa og skíða niður Beerenberg, nyrsta virka eldfjall í heimi. Til þess höfðum við aðeins fjóra daga. „Spáð er sjaldgæfri hæð yfir Jan Mayen.“ Við höfðum lagt af stað frá Ísafirði á Áróru, skútu Borea Adventures, þann 21. júní og siglt á spegilsléttum sjó 400 sjómílnir til Jan Mayen. Siglingin norður var viðburðalaus að mestu fyrir utan heimsókn nokkurra andarnefja sem eltu skútuna þó nokkra stund en létu sig hverfa um leið og ævintýraljósmyndarinn Elli hafði klæðst þurr galla og gert sig kláran í að mynda þær í návígi. Til viðbótar við áður nefndan Höskuld og Ella samanstóð hópurinn af Búbba skipstjóra, Freysa formanni Ísalp, jarðfræðingnum Sveinborgu, markaðsstýrunni Sólveigu, skíðasvæðismanninum Gunna (Lamba), skíðarónanum Colin og greinarhöfundi. Siglinginn

tók um tvo og hálfan sólarhring og var þeim tíma mestmegnis varið í lestur og svefn. Nokkrir höfðu sett á sig sjóveikiplástur sem við þessar aðstæður var algjörlega óþarfur en hafði engu að síður talsverð svæfandi áhrif. Hafís var norður af Horni. Búbbi þurfti að sigla Áróru í talsverðum krákustigum til að forðast stærstu jakana og það glumdi í skrokknum þegar hún skreið í gegnum jakahrönglið.

Jan Mayen 70°59,0'N, 8°32,0'V

Talið er að víkingar, og jafnvel írskir munkar á undan þeim, hafi þekkt til Jan Mayen. Eyjan varð þó fyrst mikilvæg á sautjándu öld, er hvalveiðimenn hófu að venja þangað komur sínar og heitir hún eftir einum þeirra, hollenska skipstjóranum Jan Jacobs May van Schell-

Tignarlegur efri hluti Beerenberg rís 700 metra upp úr jökulbreiðunni



inkhout. Hollendingar ráku þar hvalveiðistöðvar í nokkra áratugi á sautjándu öld og er talið að allt að því þúsund manns hafi hafst þar við yfir sumarmánuðina. Nútíma ferðamanninum er þetta nánast óskiljanlegt. Sérstaklega í ljósi þess að á Jan Mayen er erfitt að nálgast ferskvatn og þar er gróður nánast enginn. Til samanburðar eru þar 18 Norðmenn að staðaldri í dag. Eftir nokkra áratugi af hvalveiðum lagðist veiðin af og Jan Mayen nánast gleymdist fram undir lok 19. aldarinnar er eyjan var kortlögð af austurrískum vísindamönnum sem þar eyddu tveimur árum. Í upphafi 20. aldar fór áhugi á Jan Mayen að glæðast á ný því þar gátu menn veitt sjaldgæft afbrigði af heimsskautaref og selt skinnin dýru verði. Svo dýru að tuttugu árum eftir að veiðin hófst voru allir refirnir veiddir, fláðir og komnir á herðar hefðarkvenna í fjarlægum löndum. Jan Mayen varð hernaðarlega mikilvægur staður í síðari heimstyrjöldinni þar sem mikið af skipalestum með hergögn á leiðinni til Rússlands áttu leið um svæðið. Norðmenn og Bandaríkjamenn héldu þar úti veðurstöð og þar má víða finna skothylki úr loftvarnabyssum frá stríðsárunum.

Úr dagbók 22/6

Svaf í tæpa tólf tíma stanslaust. Það er spurning hvort sjóveikplásturinn á hlut að máli. Enn er gott í sjóinn og rólegheitemmning um borð. Allavega þangað til að stýrimanninum Höskuldi tekst að stífla klósettið með kúk og yfirdrifinni pappírnotkun. Höskuldur og Búbbi reyna árangurslaust að losa nokkrar kynslóðir af hægðum úr grönnum skópleiðslum skútunnar. Á meðan þrjár Sveinborg og Freysi heklar. Sólin tekur að skína um níuleytið. Stefnan er 60° gráður ANA.

Landtaka

Það er erfitt að lenda á Jan Mayen því þar er engin náttúruleg höfn. Norðmennirnir sem þar dvelja fá vistir sendar með flugi á tveggja mánaða fresti en tvisvar á ári kemur flutningaskip með þyngri varning. Því er bókstaflega siglt upp í fjöru og farmurinn hífður í land. Við höfðum svipaðan hátt á. Brimlentu gúmmibát í fjörunni við gömlu veður athugunarstöðina, Gamle Metten, og hentumyfirgengilegamiklum farangri í land. Norðmönnum á nýju stöðinni, sem er hinum megin á eyjunni, hafði verið gert viðvart um komu okkar. Opinbera móttökunefnd skipuðu Stasjonsjef Ole og óbreyttur starfsmaður. Við fengum góðar móttökur en Óli gerði okkur það ljóst að honum

líkaði ekki að við rérum á þremur kajökum sem við höfðum komið í land með talsverðri fyrirhöfn. Kajakarnir höfðu þó nýst okkur við að landa miklu áfengi framhjá, að því er við töldum, hinum siðavöndu og öguðu norsku hermönnum. Síðar áttu kayakarnir eftir að koma okkur í koll.

Undirbúningsferð á Beerenberg

Við höfðum gengið upp í hlíðar Beerenberg daginn sem við tókum land til þess að skilja eftir skíði og annan þungan útbúnað. Þetta átti að flýta för okkar á toppdaginn. Við náðum að fikra okkur upp úr svartapöku sem náði næstum niður að sjávarmáli og allt í einu birtist okkur sjálft fjallið í allri sinni dýrð. Suð-vestur hlíð Beerenberg hefst á flatrí jökulbreiðu en hæsti hluti fjallsins rís tæpa sjö hundruð metra upp úr breiðunni. Þessi efri hluti fjallsins er nokkuð brattur og sýndist okkur krosssprungin jökulbrekkan frekar óárennileg. Colin sem hafði farið þarna upp árið áður fullvissaði okkur um að þetta væri ekki eins slæmt og það sýndist. Colin: „Guys, in my hometown this is just a piste“. Heimabær Colins er La Grave í frönsku ölpunum þar sem menn stunda utanbrautarskiðamennsku af miklum móð. Við tókum yfirlýsingum hans höflega alvarlega. Við fergðum skíðin og annan útbúnað við snjólínu Beerenberg, tókum GPS-punkt og röltum niður full bjartsýni og eftirvæntingar. Það hafði létt til á láglendinu og við sáu Jan Mayen í fyrsta skipti enda á milli.

Úr dagbók 22/6

Hugleiðingar Colins og Höskuldar um framtíðina: Colin: „Did Martin Luther King know he was going be Martin Luther King?“ Höskuldur: „Did I know that I was gonna jam the fucking toilet on the yacht?“

Beerenberg

Fjallið Beerenberg er 2277 metra hátt yfir sjávarmáli. Það gaus síðast árið 1985 en hefur gosið alls sex sinnum á sögulegum tíma. Fjallið er þakið jökulum og ganga nokkrir þeirra í sjó fram. Djöfull er þessi Nunatak langt í burtu. Ókei, þetta eru bara tuttugu skref. Kári, hertu þig upp! Þú hefur oft gert þetta áður. Það er enginn munur á þessu fjalli og öllum öðrum. Dagurinn sem hafði byrjað á því að við Hössi sáu ekki fjallið hafði bjargast þegar kaninn síkati frá La Grave hafði vakið allt fólkið með söng,



Kári J. Sævarsson

Hæsti punktur leiðangursins á Nunatakun. Suðurendi Jan Mayen sést í bakgrunni. Vindmælir sýndi 30 metra á sekúndu

yfir eyjunni enda er talið að finna megi olíu í nágrenni hennar. Norðmennirnir sögðu okkur þó að olíuævintýri á þessum slóðum væri langt undan því Jan Mayen væri slíkt veðravíti á veturna að öll olíuvinnsla yrði þar mjög áhættusöm. Á stöðinni er eflaust ein dýrasta sundlaug sem fyrirfinnst. Vatnið í lauginni er eimaður sjór sem hitaður er með olíukyndingu. Fyrsta verk Beerenbergfara var að dýfa sér í laugina og drekka bjór í boði heimamanna. Bjórnum var komið fyrir í haganlegum dósahöldurum á bakkanum. Heimsóknin var kórónuð með hreindýrapotttrétti úr mótuneytinu og kaupum á tollfrjálsum varningi í verslun stöðvarinnar. Þegar komið var heim í búðirnar var tekið til við að vinna á öllum þeim ókjörum áfengis sem við höfðum komið í land með mikilli fyrirhöfn. Því göfuga starfi lauk á óræðum tíma enda brenglast allt tímaskyn á 70°breiddargráðu um mitt sumar því sólin sest bókstaflega aldrei.

Tími til kominn að fara

Leiðinda skýjahula á fjallinu. Skýjað í höfðum leiðangursfólks. Fjallaferðir útilokaðar. Sjóveðurspáin var slæm og Búbbi taldi skynsamlegast að flýta brottför til þess að lenda ekki í skaðræðis lægð sem var á leiðinni í átt að Íslandi úr suðvestri. Það var því ekkert annað að gera en að pakka og koma sér burt af þessari guðsvoluðu náströnd. Fjölmörgum ferðum með farangur niður í fjöru síðar var röðin komin að mér að sigla með gúmmíbátum út í Áróru. Allur farangur var kominn um borð og við Freysi og

Höskuldur áttum aðeins eftir að draga kajakana út í skútu. Það heppnaðist ekki betur en svo að stefnið á einum þeirra rakst í gúmmíbátinn og sprengdi eitt lofthylkið. Við komum okkur aftur í land og við tóku nokkrar mínútur af angist því við vorum ekki með talstöð til að ná sambandi við skútuna. Höskuldur réri að lokum af stakri þrýði í gegnum brimið á einum af kajökunum og sótti blautbúninginn sem upp á vantaði svo hægt væri að sigla hálffullum gúmmíbátum. Á leiðinni út í skútu fannst mér eins og það væri liðinn einn langur dagur síðan við lentum í fjörunni nokkrum dögum áður.

Beggja skauta byr

Við sigldum norður fyrir Jan Mayen á leiðinni heim. Beerenberg reif af sér skýin í skamma stund og hugmyndir um endurfundi við þessa skritnu og heillandi eyju í íshafinu skutu rötum í tíu ára áætlunum leiðangursfólks. Miðað við ferðina norður var talsvert meiri hreyfing á sjónum á leiðinni heim. Við fengum sterkan byr í seglin og náðum góðum hraða. Þrátt fyrir hallann á öllu um borð er óneitanlega skemmtilegra að sigla undir seglum en fyrir vélarafli því mal vélarinnar er leyst af hólmi af huggulegra marri í reipum og siglutrjám. Áróra rétt slapp inn í Ísafjarðardjúp áður en lægðin náði í skottið á henni. Við höfðum verið viku í ferðinni, siglt tæpar þúsund sjómílar og gengið 1600 hæðarmetra með vindinn í fangið. „Hvað voruð þið lengi að skíða niður?“ spurði fólkið heima.

KANADÍSKI DRAUMURINN

Berglind Aðalsteinsdóttir & Arnar Þór Emilsson

Berglind Aðalsteinsdóttir

Arnar í frussandi púðri á Kicking Horse skíðasvæðinu við Golden

Í janúar 2010 lá leið okkar í kanadíska Klettafjöllin. Þær eru ófáar sögurnar sem við höfum heyrt af botnlausu púðri og endalausum ís. Nú var komið að því að sannreyna hvort eitthvað væri til í þessu. Stefnan var sett á austurhluta British Columbia og Alberta. Við lögðum upp með að skíða á púðurdögum en klifra hina dagana. Það snjóaði reyndar lítið á meðan við vorum úti og því var klifrað þeim mun meira.

Fyrst á dagskrá þegar við mættum á svæðið var að verða okkur úti um ísklifurleiðavísi. Okkur til mikillar undrunar kom í ljós að ísklifurleiðarvísir hefur ekki verið gefinn út í mörg ár og ómögulegt að nálgast hann. Við gátum bjargað okkur með „Mixed rock and ice“ leiðavísinum til að byrja með en í honum eru eingöngu mixleiðir. Síðan kíktum við í heimsókn til Friðjóns* sem tók vel á móti okkur og gat frætt okkur heilmikið um klifrið á svæðinu. Hann var líka svo elskulegur að lána okkur leiðavísinn sinn. Við áttuðum okkur fljótlega á því að svæðið er gríðarlega stórt og dreift. Það er ekki óalgengt að þurfa að keyra í 1-2 klst að klifurleiðum. Við færðum okkur reglulega á milli gististaða eftir því hvar við ætluðum að klifra til að draga úr akstri fram og tilbaka. Það var aldrei vandamál að finna gistingu

en gæti verið skynsamlegt að bóka fyrirfram fyrir annasamar helgar. Aðkoma leiða var allt frá því að vera „road side“ í það að vera nokkurra klukkustunda gangur. Við vorum mest í bæunum Banff og Lake Louise enda mjög mikið klifur þar í kring.

Í Golden hittum við „Team Extreme“ ** og áttum nokkra góða daga með þeim í klifri og frussandi púðri. Einn eftirmiðdaginn ákváðum við að sýna þeim hvernig austurrískt apré-ski fer fram. Það gekk ekki betur en svo að það var vel tekið á því frá því að skíðasvæðið lokaði og fram eftir nóttu. Enginn kvöldmatur í þetta

Það vantar kannski smá stál í blóðin frá Black Diamond en ekki í Berglind!



skiptið og sumir enduðu á föðurlandinu á diskóbar. Kanadísku klettafjöllin bjóða uppá endalausa möguleika í klifri og fjallamennsku með ógrynni af leiðum af öllum erfiðleikastigum. Tímabilið er bæði langt og stöðugt. Ísferfylrileitt að myndast í október-nóvember og er hægt að klifra langt fram á vor. Á seinni hluta tímabilsins verða leiðir sem snúa til suðurs sólbakaðar. Upplýsingar um snjóflóðaaðstæður eru mjög aðgengilegar sem gott er að hafa í huga við leiðarval. Gráðun klifurleiða virðist mjög sambærileg við það sem við þekkjum heima á Íslandi. Helstu leiðir sem standa uppúr og við mælum hiklaust með eru Weeping Wall (WI4-5), Louise falls (WI5), Bourgeau Left (WI5), Gibraltar Wall (WI4), Carlsberg Collum (WI5) og Polar Circus (WI5). Polar Circus er án efa eftirminnilegasta leiðin sem við klifruðum en hún er 700m löng, þar af 500m af ís. Það hafði greinilega ekki verið mikil traffík í leiðina dagana á undan og þurftum við að vaða djúpan ótroðinn snjó á milli hafta. Þetta var kaldur dagur, -17°C og þegar líða tók á daginn fór að snjóa. Ísinn var stökkur í þessum kulda sem hægði töluvert á klifrinu. Berglind braut blað í ísexinni fyrir lokahaftið sem er um 100m langt. Það kom sér því vel að vera með auka blað í bakpokanum. Arnar var búinn að vera skjálfandi og slappur allan daginn, skildi ekkert í því af hverju frúnni væri ekki líka kalt sem er

SAMANTEKT OG GAGNLEGIR PUNKTAR:

26 daga ferðalag:

- 5 dagar í flug og akstur
- 13 klifurdagar
- 6 skíðadagar
- 2 hvíldardagar
- 5500 km akstur

www.gravsports.com

upplýsingar um leiðir og aðstæður.

www.avalanche.ca

upplýsingar um snjóflóðaaðstæður.

Tímabil: Desember-mars.


Nauðsynlegt að vera með bíl

Mælum með Eddies Burgers og Banff Hot Springs að loknum klifurdegi. Kanna hvort nýr leiðarvísir sé kominn út, ef ekki ertu frekar óheppinn!

Friðjón er maðurinn með upplýsingarnar.

frekar venjan. Hann byrjaði svo að æla þegar Berglind var að klifra næst síðustu spönnina. En það var of stutt eftir til að snúa við og leiðin var kláruð. Á leiðinni niður mættum við manni um sextugt sem kynnti sig sem David Burger.

Hann hafði sólaað Weeping Wall fyrr um daginn og var nú á niðurleið eftir að hafa klifrað fyrstu höftin í Polar Circus. Hann var að dreifa ösku vinars síns heitins, Guy Lacelle. Guy var einn af fremstu ísklifurum heims og þekktur sumir Ísalparar hann frá því að hann heimsótti Ísland og tók þátt í fyrsta Ísfalli ÍSALP 1998. Eftir ferðalagið getum við staðfest að sögurnar af botnlausu púðri og endalausum ís eru engin lygi.



Berglind tryggir Robba í síðustu spönn í Bourgeau Left (WI5)

* Friðjón Þorleifsson býr í Canmore. Hann starfar sem skíðaleiðsögumaður og stundar nám við UIAGM fjallaleiðsögn.

** Team Extreme samanstendur af fimm menningunum Ásbirni H. Péturssyni, Daníel Guðmundssyni, Róberti Halldórssyni, Yngvari Helga Kristjánssyni og Rannveigu Ólafsdóttur sem eyddu vetrinum í Kanada við skíðamennsku og klifur.

Á LEIÐ UPP Á PORTKONU ALPANNA

Ágúst Kr. Steinarrsson og Guðmundur Freyr Jónsson



Guðmundur Freyr Jónsson

Maggi, Gummi, Ágúst og Jon Heiðar á toppi Breithorn (4164m)

Fall er fararheill (Ágúst Kr. Steinarrsson segir frá)

Fyrir um tveimur árum síðan var ég að vafra um víðnetið góða með frúna mér við hlið. Eins og oft vill gerast fór flakkið að snúa að fjöllum og klifri og rambaði ég á umfjöllun um eitthvert fjall í Ölpunum þar sem verið var að útlista hversu margir hefðu dáið á fjallinu, eitthvað yfir 500 manns, og hve varasamt það væri þar sem bergið væri svo ótryggt. Mig minnir að fyrirsögn greinarinnar hafi verið eitthvað voðalega dramatísk eins og "Death Mountain" og vakti það ágætis athygli sessu-nautarins.

"Vá... ert þú að spá í einhverju svona?" Spurði hún mig með áhyggjutón. "Nei glætan... ég læt ekki plata mig út í svona vitleysu" var snöggsóðið svar mitt og fullkomlega hrein-skilið í þetta skiptið, en ég á það til að fegra frásagnir af hugsanlegum háskaförum við mína nánustu. Sjálfur hafði ég aldrei ratað út fyrir landsteina í fjallamennsku og var þannig séð ekkert að stefna á það á þessum tímamarki.

Svo leið eitt og hálf ár og allt í einu var ég kominn á fullt við undirbúning alpaferðar þar

sem stefnt var á sjö tinda í ítölsku og svissnesku ölpunum. Allir voru yfir 4000 metrum, þar á meðal Matterhorn þar sem stefnan var sett á ítölsku leiðina, Lion Ridge. Ferðin yrði mín jómfrúarferð í Alpabrölti og það sama átti við um Akureyringana Magga Smára og Jón Heiðar og Hjaltadals Örn, en við höfðum allir verið ágætlega iðnir hér heima og spenntir fyrir nýjum áskorunum.

Þremur mánuðum fyrir ferðina var ég uppfullur af eigin ágæti og hafði litlar áhyggjur af þessu. Sex af þessum sjö tindum áttu að vera frekar auðveldir og svo mætti eflaust kalla Matterhorn portkonu Alpanna miðað við allar uppáferðinar síðustu tugi ára. Við vorum búnir að skipuleggja ferðina nokkuð vel, ég á út-opnu við búnaðarleit og framundan skemmtilegt sumar með ágætis dagskrá fyrir fjallamennsku, til að undirbúa sig sem best fyrir ferðina.

Á þessum tíma fór ég að lesa mér betur til um alla tindana og uppgötvaði að "Death Mountain", fjallið sem ég hristi hausinn yfir 18 mánuðum áður, var í raun Matterhorn. Ég var einfaldlega búinn að gleyma þessu net-

vafri mínu forðum daga en um leið og ég las um lausa bergið, mannmergðina og meira en 500 dauðsföll rifjaðist þetta allt upp fyrir mér og fékk ég vænan aulahroll um skrokkinn, samhliða því að bera aðeins meiri virðingu fyrir þessari blessuðu portkonu alpanna. Ég var greinileganógu skrambi vitlaus til að láta plata mig í svona vitleysu!

Þetta breytti stemmningunni aðeins, sérstaklega þar sem á svipuðum tíma lenti Örn í alvarlegu slysi í Heljaregginni, einmitt út af lausu bergi. Ég varð vitni að slysinu og hlúði að Erni þangað til björgunarþyrlan kom að sækja hann. Slysið, sem hefði getað farið miklu verr, varð þess valdandi að hann gat ekki farið með okkur en Gummi stóri bættist í hópinn. Reyndist hann hinn besti staðgengill.

Áfram hélt undirbúningurinn og ég var farinn að valhoppa upp fjöll á suðvestursvæðinu og

taka væna klifurspretti í Klifurhúsinu, sem sagt í dúndurformi og til í slaginn. Tveimur vikum fyrir brottför tók ég síðan upp á því að detta með tilþrifum í ísaðri brekku ofarlega á Snæfellsjökli og togná á ökkla. Þó ekki of alvarlega þar sem mér tókst að koma honum í nokkurn veginn nothæft form fyrir Alpaferðina góðu með stífu þjálfunarprógrammi undir leiðsögn sjúkra-þjálfara.


Þegar vika var í brottför fór aðeins að taka á taugarnar. Ég var orðinn meðvitaðri um hættur næstu 10 daganna þar sem að megnið af tímanum yrði varið í ísuðum brekkum og lausu bergi. Þó vissi ég nokkuð vel hvað átti ekki að gera, að detta.

Síðasti nætursvefninn fyrir upphaf Alpa-bröltsins var frekar stuttur, þar sem ég lá andvaka framan af nóttu, spenntur fyrir ævintýrum og svaðilförum næstu daga og brjótandi heilann um það „af hverju í andskotanum

Alf tindi Castor (4228m)

Guðmundur Freyr Jónsson





Guðmundur Freyr Jónsson

Maggi stendur af sér snjóstorm í 4400m hæð. Eitt af fáum augnablikum sem þokunni létti

maður þarf að hafa svona ruglað áhugamál?“


Man eater (Guðmundur Freyr Jónsson segir frá)

Þverun okkar um Pennine alpana í Monte Rosa fjallgarðinum fór um sex tinda yfir 4000 metrum. Við höfðum skoðað myndir af þessum tindum og vorum því spenntir

fyrir því að sigrast á þeim einum af öðrum. Eftir mikið umstang í Zermatt við að koma sér af stað var loks lagt af stað upp að Klein Matterhorn þar sem gangan hófst. Einn af auðveldari 4000 metra tindum alpanna beið okkar þennan fyrsta dag en það er Breithorn. Það er 4164 metra hár tindur sem er með flott og nokkuð frægt norðurfés með lausum íshengjum sem snýr að Zermatt. Hinumegin er hinsvegar jökulbrekka sem er auðeld yfirferðar. Þar sem við vorum heldur seinir á ferð eftir bras og undirbúning í Zermatt var stoppið stutt á toppinum og haldið var beint niður í Ayas fjallaskálann. Þennan daginn komumst við að því að best er að fylgja bara sporunum sem mest til að komast hjá leiðinda sprungusvæðum eða klettabeltum.

Fyrsta nóttin var ágæt. Alpastart er oft um klukkan fjögur hjá þeim sem vilja vera fyrstir en við sváfum dálítið lengur þrátt fyrir mikinn umgang framhjá kojunum okkar sem voru á miðjum ganginum á efri hæð skálans. Þegar við græjuðum okkur af stað upp úr sjö voru nánast allir farnir svo við fengum góðan frið. Takmark dagsins var Castor, 4228 metrati ndurogertvíburi hans, Pollux, sem er vestan megin við hann og rís 4092 metra. Þar sem við vorum svo heppnir að fara seinna af stað en hinir fengum við gott pláss á toppnum og útsýnið var frábært. Við höldum áfram í austur niður skarð á milli Castor og Lyskamm West þar sem við sáum snjöhúsatóftir á leið okkar niður í Quintino Sella fjallaskálann. Eftir fræga nótt í Q-Sella fékk ég viðurnefnið Sleepwalker þar sem ég svaf lítið sem ekkert þá nóttina. Hvað viðurnefni varðar þá fengum við allir eitt slíkt á meðan á ferðinni stóð. Maggi

Ágúst fer yfir jökulsprngu skammt frá Gnifetti skálanum



Guðmundur Freyr Jónsson

var apótek ferðarinnar og var því kallaður Doperman, Jón var aldursforseti og því kallaður Old Steel og loks Ágúst kallaður The Professional þar sem hann var sponaður í bak og fyrir. Verkefni næsta dags var það sem við höfðum beðið lengi eftir, Lyskamm traversan. Allir tindarnir sem við höfðum hingað til farið um féllu algjörlega í skugga þessara tveggja tinda og hryggjarins fræga sem tengir þá saman. Spennigurinn og eftirvæntingin voru þó nægt veganesti til að halda kauða vakandi allan daginn eftir svefnlausu nótt enda var dagurinn ómótstæðilegur. Að koma upp á Lyskamm West, 4479m og sjá hrygginn sem tengdi tindana saman vakti spennig og tilfinningar sem verður vart með orðum lýst. Á hryggnum voru tveir ferðalangar sjáanlegir og biðum við eftir þeim þar sem best er að komast hjá því að mætast á svona stað. Við tókum okkur góðan tíma í yfirferðina, ekki bara af því að ég var of upptekinn við að taka myndir heldur líka einfaldlega til að fara nógu varlega. Eitt feilsþor hefði getað endað 1100 metrum neðar á metttíma. Eftir stórgrýtishrygg tekur við snjó/ishryggur sem leiðir svo upp á Lyskamm East, (4527 metrar) sem er frægt fyrir miklar og hættulegar

snjóhengjur sem myndast gjarnan á beittum hryggjum fjallsins og hafa orðið mönnum að bana. Það er því ekki að ástæðulausu að fjallið fékk viðurnefnið Man eater eins og það er oft kallað. Þegar á tind Lyskamm East var komið var tekin smá pása við krossinn sem er til minningar um ferðalanga sem látist hafa á fjallinu. Þaðan var haldið niður um snarbratta hlíð niður á jökulsléttu, sem hefur einmitt sömu erfiðleikagráðu og Hörnli hryggurinn á Matterhorn. Þessi hlíð er dálítið snörp 45° ísbrekka og best að hugsa ekkert til þess hvað gerist ef maður rynnir af stað. Þegar þar var komið niður var tekin góð pása og minningar dagsins rifjaðar upp. Við gengum í sælúvímu niður í Gnifetti skálann og komum okkur vel fyrir. Þessa nóttina var vel sofið enda rosalegur 36 stunda dagur að baki hjá mér, ef með er talin svefnlaus nóttin áður. Ekki skemmdi svo skemmtilegur skálavörður fyrir dvölinni.

Verkefni næsta dags var að komast upp í hæsta skála alpna, Margherita skálann sem er á tindi Gnifetti (4556 metrar). Vegna óviðráðanlegrar fjallagreidda var þessi viðbótartindurinn Parrotpitze, (4436 metrar) einnig tekinn.

Leiðin niður af Lyskamm east, snarbrattur hryggur sem ekki er vænlegt að renna sér niður af.

Guðmundur Freyr Jónsson



Hann var þó góður kaupbætir þar sem við vissum að veðrið daginn eftir gæti orðið tvísýnt. Þar prófuðum við einnig auðvelt klettabrólt í mikilli hæð. Það tók lygilega mikið á miðað við hvað þetta var auðvelt brólt. Þarna vorum við dálítið lengi og lentum í mikilli sólbráð á leiðinni upp í skála sem tók talsvert í. Nóttin í 4556 metra hæð var ekki vandamál, sváfum vel enda vel þreyttir eftir ævintýri síðustu daga. Á síðasta deginum var hinsvegar komið hundleiðinlegt veður með engu skyggni uppi í fjöllum og var því ákveðið að halda beint niður Grenz jökullinn um morguninn, enda ekkert vit í að ætla að fara í klettabrólt í engu skyggni og nýsnævi á ókunnugum stað í 4600 metra hæð.

Leiðin niður var skemmtileg, þrátt fyrir leiðinlegt færi efst þar sem hafði bara snjóað yfir sólbráðina, en við tók skemmtilegur skriðjökull sem þurfti að þræða þar til við komum niður í Mt. Rosa skálann. Þar var tekin langbráð pása, broddarnir loks teknir af, og ég splæsti í langbráð kók sem til þessa hafði verið algjör viðbjóður út af aukaáhrifum hæðarveikislyfjanna. Á meðan á kókpambi stóð heyrði ég í Jökli Berg-

mann sem var staddur í Sviss og fengum við þær fréttir þar að deginum áður en við fórum yfir Lyskamm traversuna höfðu tveir ferðalangar fallið niður af hryggnum og látist eftir rúmlega 1000 metra fall niður norðurhlíð fjallsins. Jökli hefur væntanlega létt mikið við að heyra frá okkur enda vissi hann vel af okkar ferðum og hefur eflaust fengið volgt hland fyrir hjartað þegar hann sá frétt um tvöfalt dauðsfall á þessum stað.

Eftir að hafa slakað aðeins á var svo haldið niður í Zermatt þar sem stoppað var á fyrsta veitingastaðnum sem við sáu, hentum draslinu í hrúgu, fórum úr skónum og fengum okkur stóra pizzu og langpráðan bjór. Eftir að hafa fengið ógleymanlega meðferð á fjögurra stjörnu hótels nude spa vorum við að verða tilbúnir í næsta slag, nefnilega Matterhorn. Á leið á gististaðinn frá spainu sáu við að Toblerone fjallið var búið að gjörbreytast á einum degi frá því að vera snjólaust í að vera ísað, auk þess var mikill vindur og þungt yfir öllu. Við ákváðum að bíða eftir betri aðstæðum en á þriðja degi, eftir að fá það staðfest að allar ferðir leiðsögumanna lægju niðri og veðurhorfur væru slæmar, ákváðum við að

Á Lyskamm aust (4527m)

Guðmundur Freyr Jónsson



stinga af til Ítalíu í klettaklifur í stað þess að hanga lengur á Sparky's bar í von um betri aðstæður. Flóttinn til Ítalíu var hin fínasta ákvörðun, við höldum til Como vatnsins þar sem við klifruðum á nokkrum svæðum. Hápunkturinn var þó þegar við römbuðum á deep water solo klifurstað sem var okkur öllum ógleymanlegur og var fullkominn endir á ferðinni. Góður staðalbúnaður í stað klifurbelta í deep water solo klifri reyndust vera tveir plastbrúsar af léttvíni sem kostuðu alveg næstum heilar 2 evrur.

Once You Pop... (Ágúst Kr heldur áfram)

Fall er fararheill virðist eiga vel við um þetta ævintýri þar sem ferðin gekk vel hjá okkur fjórmenningunum. Ég viðurkenni það fúslega að tvö slys fyrir brottför, annað í lausu bergi og hitt í ísaðri brekku, gerðu mig ágætlega meðvitaðan um hættuna áður en lagt var í slaginn. En um leið og ég var kominn á staðinn var öll skynsemi skilin eftir og fjallagleðin tók öll völd – með dass af kæruleysi fyrir hættunum í umhverfinu.

Við gátum þó ekki farið á "Death Mountain" út af veðri en fengum magnaða daga í Ölpunum

þar sem klifnir voru sex tindar á fjórum dögum. Fréttir af dauðsföllum á leið okkar voru ágætis áminning um hversu hárfína línu maður er að ganga og sló mann aðeins til jarðar, en gleðin var búin að vera mikil þessa fimm daga í Alparíkinu.

Fyrstu dagana og vikurnar eftir ferðina hugsaði ég með sjálfum mér að ég myndi eflaust ekki fara aftur í svona ferð. Þó þetta væri vissulega ekki það hættulegasta sem fjallamenn geta farið í þá fannst mér óþarfi að leika sér svona að lífinu og hægt væri að gera ýmislegt álíka skemmtilegt, en ekki jafn hættulegt. En eftir nokkrar vikur fór Alpaprá að segja til sín og áður en ég vissi af var ég farinn af vafra aftur um víðnetið góða og skoða nýja tinda í þessum mögnuðu Ölpum.

Það hefur eflaust einhver fjallamaðurinn mælt fleygari orð en hér verða skrifuð sem lokaorð sem segja nákvæmlega það sama. En hér kemur mitt slútt: Alpafjallamennska virðist vera eins og ítölsk pizza, gott viskí, kynlíf, neftóbak, Beastie Boys og Pringles...

„Once you pop you can't stop“

Lyskamm traverse liggur yfir þennan hrygg yfir á Lyskamm east.

Guðmundur Freyr Jónsson



KULDI OG RAFHLÖÐUR - HVAÐ VIRKAR?

Sveinn Friðrik Eydal Sveinsson

Guðmundur Freyðsson



Guðmundur Ingimarsson á köldum degi í Skarðsheiði

Við treystum glettilega mikið á rafhlöður í útivistinni. Nærtækast er höfuðljósið - við værum algjörlega skrúfuð ef það virkaði ekki. Einnig gæti verið hörmulegt að klára rafhlöðurnar í GPS-tækinu og önnur tæki á borð við úr og myndavélar mættu alveg sleppa því að klára rafhlöðurnar á ögurstundu.

Þær aðstæður sem við notum þennan búnað við hérlandis eru almennt "kaldar" - meira að segja á sumrin. En hvaða áhrif hefur kuldi á rafhlöður og hvernig geymast þær?

SKILGREININGAR

- Hillulíf: sá árafjöldi sem tekur rafhlöðuna að missa 10% af hámarks hleðslu. Hillulíf fyrir allar rafhlöður er tvöfaldað eða þrefaldað ef þær eru geymdar í frysti, svo hillulíf miðast við 0°C.

- mAh: milli-Amper-stundir. Fjöldi klukkustunda sem rafhlaðan þolir straumnotkun upp á 1mA - mælikvarði á hversu mikla hleðslu rafhlaðan geymir.

- Flöt eða hallandi notkunarkúrfa [e: discharge curve]: hvort spennan rafhlöðunnar er stöðug eða minnkar eftir því sem hleðslan minnkar. Flöt kúrfa er yfirleitt betri, en þýðir þó að minni viðvörun fæst þegar rafhlaðan er að verða tóm.

ALMENNT

- Rafhlöðurnar, sem lýst er í þessari samantekt eru allar einnota 1,5V AA, þar sem þær eru algengastar í okkar búnaði, þó að lítillega sé minnst á hleðslurafhlöður í niðurlaginu.

- Geymsla á öllum rafhlöðum er uppgefin að -40°C, en mikill munur er á uppgefnum notkunarhita og virkni við mismunandi hitastig. Þrátt fyrir það eru aðeins gefnar upplýsingar um virkni þeirra í kulda hér.

- Þrátt fyrir að tap á geymslugetu á ári (e. shelf life) sé mjög mismunandi eftir hitastigi og tegund rafhlöðu er tap af lélegustu tegund (carbon-zinc) aðeins 3% á ári, svo geymsla í kulda meðan á klifurfærð stendur mun ekki hafa nein áhrif á neina tegund rafhlöðu, en mun hafa áhrif á það afl sem hún getur veitt á hverjum tímapunkti í lífi rafhlöðunnar.

- Innra viðnám eða eiginleikinn að halda stöðugri spennu þegar straumnotkun eykst, t.d. við hækkað birtustig á höfuðljósi, er yfirleitt lágt (stöðug spennan) fyrir allar gerðir nema carbon-zinc.

- Aflgeta var breytileg frá 950-3000mAh (milli-amper stundir).

CARBON-ZINC

Þetta eru gömlu góðu rafhlöðurnar og þær geyma 950mAh með hallandi notkunarkúrfu. Notkunarhitastig er uppgefið niður í -29°C og hillulíf er 1/3 til 1/10 af öðrum gerðum - um 3,5 ár. Þær virka mjög illa í kulda - við -20°C endast þau 75% skemur og virkni þeirra minnkar hratt um leið og komið er niður fyrir stofuhita. Eini kosturinn er að þau eru ódýr.

ALKALINE

Energizer er 2.850mAh og Energizer e2 hefur um 15% meiri hleðslu eða 3.135 mAh. Báðar hafa hallandi notkunarkúrfu. Notkunarhitastig er uppgefið niður að -18°C og hillulíf er 10+ ár. Þær eru ekki mikið betri við lágan hita, við -20°C endast þau 60% styttra og aflgetan lækkar hratt þegar hiti lækkar niður fyrir herbergishita. Þó þau séu mun dýrari eru þau sambærileg við Carbon-zinc sé miðað við kostnað á klukkustund af notkun.

SILVER OXIDE

Þetta eru litlu kringlóttu tölvuspilarafhlöðurnar sem eru oft notaðar í myndavélar og reiknivélar. Einnig eru þær í alminnstu höfuðljósunum, Petzl e+LIGHT og mörgum úrum. Þar sem þær eru ekki fánlegar í AA stærðinni er marklaust að bera saman aflgetuna en þær hafa flata notkunarkúrfu. Notkunarhitastig er niður í -10°C og hillulíf er 10+ ár. Þær eru aðeins skárri í kulda - við -20°C endast þær 50% skemur. Virkni þeirra minnkar hægt þar til í kringum $+4^{\circ}\text{C}$ en undir því hitastigi fellur aflgeta þeirra hratt.

LITHIUM

Lithium AA rafhlöður munu ekki endast lengur en alkaline. Hleðslan er svipuð eða 2.900mAh en notkunarkúrvan er flöt. Notkunarhitastig er niður að -40°C og hillulífið er 10+ ár. Þær eru talsvert betri við lágt hitastig: við -20°C er virkni þeirra aðeins 20% minni og aflgeta minnkar hægt eftir því sem kuldinn eykst. Þær eru einnig mikið dýrari en í einni óformlegri rannsókn voru niðurstöðurnar að Lithium rafhlaðan hefði 272% meiri aflgetu við -20°C en Duracell og kostaði þar af leiðandi 23% minna þegar skoðaður var kostnaður á orkueiningu.

HLEÐSLURAFHLÖÐUR

Hefðbundnar NiCa (Nickel-Cadmium) og NiMH (Nickel metal-hydride) hleðslurafhlöður geta geymt minni hleðslu, aðeins um helming af því sem alkaline rafhlöður geyma, gefa lægri spennu og hafa styttra hillulíf. Þær virka ekki vel í kulda - álíka vel og carbon-zinc. Þær eru því ekki sérlega kræsilegur kostur í útivistarbúnað.

SAMANTEKT

Lithium rafhlöður eru langtum betri í kulda. Þær skila stöðugri spennu þó að á þær gangi, þær geymast vel og virka vel í kulda. Þær eru hinsvegar frekar dýrar.

Þrátt fyrir kenningar um hið gagnstæða tæmist ekki út af rafhlöðum séu þær geymdar í kulda. Í raun og veru hefur það jákvæð áhrif á rafhlöður að geyma þær í kulda. Það þarf þó að hita þær fyrir notkun til að fá fulla virkni.

Að lokum er rétt að minnast á að Lithium rafhlöður vega minna - heyrst hafa tölur á borð við 60% létt-ari en sambærilegar rafhlöður af öðrum tegundum.

Að ofangreindu virðist ljóst að til notkunar í vetrarferðir eru Lithium rafhlöður mun fýsilegri kostur en aðrar rafhlöður.

Geymsla á öllum rafhlöðum er uppgefin að -40°C , en mikill munur er á uppgefnum notkunarhita og virkni við mismunandi hitastig



1 📷 Óðinn Arnason

4 📷 Robert Þór



2 📷 Björgvin Hilmarsson

5 📷 Robert Þór




3 📷 Björgvin Hilmarsson

- 1. Á Kirkjufelli í Grundarfirði
- 2. Frá Lofoten
- 3. Hvannadalshnjúkur og Dyrhólmur
- 4. Atli Þór og grænlandskir sleðahundar á Langjökli
- 5. Sleðahundar safna orku á Langjökli




Robert Þór Haraldsson



Robert Þór Haraldsson

Skinnhúfuklettur



Skinnhúfa

Skinnhúfuhellir

1. Mýrarmóri ★ 5.11a ☐

2. Kóngulóarmaðurinn 5.11b ☐

3. Pálsleið ★ 5.10a ☐

4. „You can do it baby!“ 5.13a ☐

5. Þar sem beljurnar fljúga... 5.12b ☐

6. Tarfarnir í túninu ★ 5.11a ☐

7. Nirvana 5.12a ☐

8. Næturdraumur 5.10b ☐

9. Mórauður í mýrinni 5.11c ☐

10. „Hilti“brandur 5.8 ☐

11. Kliðið í klepra 5.11a ☐

12. Erfiðasta 5.5 á landinu 5.9 ☐

13. Steinbarn 5.11d ☐

14. Skinnhúfa 5.9 ☐

KLIFUR IS

Um í ? Guð Ski Klet segir norri það stuð hær kost stað þilir öllu til í sem svæ og s klifri erfið klifru fing
Leiti Frá 1 í kom dals Vatn aust Ekið bær vins inur Heil og l
Hve Klifri yms berg svæ tæk

SKINNHÚFUKLETTAR Í VATNSDAL

Leiðavísir fyrir klettaklifur

Jafet Bjarkar Björnsson og Sigurður Tómas Þórisson

Um Skinnhúfukletta

Í ársriti Ísalp árið 1994 segja Snævarr Guðmundsson og Björn Baldursson svo frá: Skinnhúfuklettar í Vatnsdal uppgötvuðu klettaklifrarar fyrir tilviljun, vorið 1989. Sagan segir frá félagi í Ísalp, góðkunningja nokkrum, sem tókst að draga allan klifurkjarna klúbbsins norður í Vatnsdal eftir að hafa séð ljósmyndir þaðan. Að hans sögn, risu þar glæsilegustu stuðlabergsþil norðan Stardals og margfalt hærri. Lofað var meiriháttar klifri og stórkostlegu umhverfi. Allur hópurinn geystist af stað, til þess eins að komast að því að hamraþilin, sem reyndar eru afskaplega falleg, eru með öllu óhæf til klifurs. Til allrar lukku og félaganum til lífs fannst örlítið sárabót, Skinnhúfuklettar, sem þrátt fyrir allt er eitt athyglisverðasta klifursvæðið. Bergið er ólíkt öðru sem enn hefur fundist og svo sprungulítið að þar er einungis hægt að klifra boltaðar leiðir. Þær eru flestar tæknilega erfiðar en jafnframt einhverjar bestu kletta-klifurleiðirnar hérlandis. Svölítið sárt fyrir fingurna.

Leiðarlýsing

Frá Reykjavík er ekið sem leið liggur þjóðveg 1 í átt til Akureyrar. Um hálf tíma eftir að komið er í Staðarskála er farið gegnum Vatnsdalshóla og bíða ferðalanga þá tveir vegir inn Vatnsdalinn. Ekið er framhjá þeim vestari og austur yfir Vatnsdalsá og inn austari veginn. Ekið er um 11km inn dalinn, framhjá bænum Hvammi og blasa klettarnir þá við á vinstri hönd nokkur hundruð metra frá veginum. Nokkurra mínútna gangur er að klettunum. Heildaraksturslengd frá Reykjavík er um 240 km og um 160km frá Akureyri.

Hvernig klifur?

Klifurleiðirnar í Skinnhúfuklettum eru af ýmsum gerðum og gráðum og er karakterinn í berginu afar ólíkur flestum öðrum klettaklifursvæðum á landinu. Leiðirnar eru flestar mjög tæknilegar og sumar brattar og kröftugar (t.d.

Kóngulóarmaðurinn og You can do it baby!). Sjá nánar um lýsingu á jarðfræði svæðisins hér að aftan.

Fjöldi leiða

Klifurleiðir í Vatnsdal eru nú 14 talsins og eru allar boltaðar nema leiðin Skinnhúfa, sem er ofanvaðsleið sem ekki stendur til að bolta. Ný leið (Erfiðasta 5.5 á landinu) var boltuð upp úr aldamótunum og liggur hún upp sléttan vegg hjá Steinbarni og býður upp á prýðisklifur í góðu bergi.

Hversu erfið?

Léttasta leiðin í Vatnsdal er gráðuð 5.8 (Hiltibrandur) og sú erfiðasta 5.13a (You can do it baby!). Flestar eru leiðirnar á bilinu 5.10-5.12, Fjölmar gar leiðir í Vatnsdal eru frábærar og er hiklaust hægt að mæla með eftirfarandi leiðum:

- Pálsleið
- Mýrarmóri
- Tarfarnir í túninu

Á næstu síðu má sjá súlurit sem sýnir dreifingu erfiðleikagráða í Skinnhúfuklettum.

Jarðfræði

Í grein Hallgríms Arngrímssonar um jarðfræði klifursvæða á Íslandi segir: Klettarnir eru um 50 m á breidd og hæstur 15-20 m, sums staðar aðeins yfirhangandi. Klifur á svæðinu er mjög sérstakt og hefur ekkert sambærilegt fundist á Íslandi. Einungis er hægt að klifra í boltuðum leiðum því nánast engar sprungur eru í klettinum. Mikið er um hvassa kanta og nibbur sem getur verið sárt fyrir fingurna ef klifrað er lengi. Stundum kemur fyrir að það brotni úr leiðunum en þegar á heildina er litið er kletturinn mjög harður. Bergtegundin er plagíóklasdílótt póleið með stærð dila um 1-2 cm að lengd. Plagíóklasdílár eru oftast hvítir en í þessu tilfelli eru þeir sægrænir. Þetta getur verið vegna snefilefna, smásærra

innlyksa eða afblöndunar (peristerít) - erfitt er að segja nokkuð um upprunann hér. Sprungurnar sem myndast á milli dílanna eru brotfletir bergsins og þeir eru mjög óreglulegir sem gerir klettana svona grófa og klifrið svona sérstakt.



Almennt


Leiðirnar eru ýmist búnar einum eða tveimur toppboltum með sigring eða -karabínunum. Til að klifra Skinnhúfu er lítið mál að bróla bakvið flöguna og vippa sling utan um hornið til að tryggja í ofanvaði. Meðal helstu kosta Vatnsdals sem klifur-svæðis er að þar er fjöldi frábærra leiða við flestra hæfi í temmilega stuttri keyrslu frá Sódómu og Akureyri. Auk þess býður svæðið upp á prýðis valkost á móti Munkaþverá þegar suðlægur áttir og bleyta þjaka suðurlandið. Helstu gallar svæðisins eru að flestar leiðirnar eru í erfiðari kantinum þannig að það er tæplega heillar helgar viðfangsefni fyrir klif-rara af <5.10 kalíber (1x 5.8 og 2x 5.9). Þó getur verið tilvalið að taka Vatnsdalinn annan helgardaginn og Munkann hinn ef svo ber undir. Harka bergsins er oftast góð en þó hafa grip brotnað í árána rás í nokkrum leiðum. Leiðir eins og Klipið í klepra og Nirvana gætu t.d.

hafa orðið einhverju erfiðari eftir að grip brotnaðu úr þeim. You can do it baby er ekki alnátúruleg og árið 2004 brotnaði þess utan flaga úr henni og var lappað upp í sárið með boruðum kanti til að bjarga henni frá glötun... Leiðin Næturdraumur er góð skemmtun en það er varasöm steinblokk í henni, sem reynt hefur verið að líma, en er tryggjurum þó bent á að standa ekki beint undir leiðinni. Almennt má segja að það sé gáfulegt að tryggjari sé með hjálm á toppstykkinu. Hægt er að stinga niður tjaldi við hlið ca. 500m lengra en klettarnir (næsti afleggjari til vinstri).


P.S.

Ofantalið er að miklu leyti byggt á upplýsingum úr eldri leiðarvísi frá Snævarri G og Birni Baldurssyni.





Flottustu klifursvæðin í nágrenni Reykjavíkur!



STERLING ROPE



Ekki flækja málið..

FJALLAKOFINN

Laugavegi 11 Reykjavík | Reykjavíkurvegi 64 Hafnarfirði
s: 510 9505 | www.fjallakofinn.is

við finnum á
[facebook](#)
[twitter](#)





ÓLAFSFJARÐARMÚLI við EYJAFJÖRÐ

Leiðavísir fyrir ísklifur

Jökull Bergmann og Sigurður Tómas Þórisson

Guðmundur Tómasson

Frá Ólafsfjarðarmúla

Almennt

Milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar liggur hinn frægi Ólafsfjarðarmúli. Alræmdur forðum fyrir hinn ófrýnilega og varasama veg fyrir Múlann en eftir að jarðgöngin gegnum voru opnuð árið 1991 hefur orðspor hans heldur batnað. Afar víðsýnt er til flestra átta og m.a. er vinsælt meðal norðanmanna að gjóa á miðnætursólinu af gamla veginum á sólstöðum en einnig er fríð sýn til austurs á Látraströndina. Fyrstu heimildir um ísklifur í Múlanum eru frá byrjun árs 1983 þegar Gunnlaugur Sigurðsson og Vilhelm Hallgrímsson klifu fossinn Míganda og Lambaskersfoss. Mígandi hefur líklega verið með mestu afrekum síns tíma í ísklifurbransanum og því óhætt að segja að þeir félagar hafi verið miklir brautryðjendur. Fóru þeir einnig tvær klettaklifurleiðir á svæðinu að sumri og eru nokkrir glæsilegir veggir í Múlanum sem prýða mætti með klettaklifurleiðum til að bæta flórana af slíku í Eyjafirðinum. Í þessum leiðarvísí eru tífundaðar 12 ísleiðir en efni er eflaust í ca. 20-30 leiðir í viðbót af öllum erfiðleikastigum.

Svæðið eru margskipt og gerir sjógangur og brattar skriður aðkomu að stórum hluta svæðisins erfiða eða ómögulega. Hefur því

enn sem komið er aðeins verið brölt á tveimur megin svæðum, þar sem aðkoma er sæmilega greið. Eina leiðin sem sést vel frá veginum þegar ekið er frá Dalvík er Mígandi sem fellur vatnsmikill fram af 70 m háu klettanefi sem aðskilur Flæðarmálið og Vogana en það eru þau svæði sem mest hefur verið þrílað í. Er leitun að hrikalegra og tilkomumeira ís-klifursvæði. Langar leiðir af öllum kalíber með urrandi brimið í baksýnispeglinum geta ekki annað en heillað alla sem hingað koma. Tilvalið er að slá saman ferð í Múlann og Kaldakinn og/eða skíðaferð í Eyjafjörðinn enda glæsileg skíðasvæði á Tröllaskaganum og yfirleitt nóg af snjó allan veturinn, svo ekki sé nú minnst á alla möguleikana til fjallaskíða-íðkunar og alpaklifurs. Opnun Héðinsfjarðarganga hefur verið bylting fyrir ísklifrara og fjallaskíðafólk, því nú er aðeins um 20 mín akstur milli Dalvíkur og Siglufjarðar svo dæmi sé tekið.

Aðkoma

Frá Dalvík er nokkura kílómetra akstur (í átt til Ólafsfjarðar) að svæðunum og um 10 mín gangur, brölt eða sig að leiðunum þaðan. Frá Akureyri er 44 km akstur til Dalvíkur og bein leið frá Reykjavík til Dalvíkur er 405 km.

Til að komast að svæði A (Flæðarmálið) er ýmist hægt að leggja úti í vegkanti þar sem vegriðið inn að göngunum byrjar eða leggja á flötu malarplani rétt neðan við vegriðið (ófært ef snjóþungt er). Frá veginum/planinu er gengið beina leið niður í fjöru sunnan megin við planið eftir litlu lækjargili. Eftir fjörunni er svo gengið til norðurs nokkur hundruð metra þar til komið er að fyrstu leiðunum. Aðkoma að nyrstu leiðunum þarna er erfið á flóði því skjótast þarf út á klettafjöru út fyrir nokkur lítil klettaneft og er því vissara að fara á fjöru (og vera viss um að komast upp á brún eða bíða eftir næstu fjöru til að komast til baka...) Til að komast að svæðum B-D (Vogarnir) er bílnum lagt þar sem gamli Múlavegurinn klýfur sig upp í hlíðina frá gangaveginum (nokkur hundruð metrum lengra en svæði A). Þaðan er gengið beint niður brekkuna í átt til sjávar og eru nokkrir möguleikar á niðurleið þar. a) brölt niður greinilegt gil beint neðan við Múlavegin um 15 m sunnan við Míganda (B1). 1.- 2. gráðu ís/snjó-brölt niður nokkra klakabunka koma manni niður á stóra syllu ofan við brimið. Sunnan við gilið eru möguleikar á nýjum leiðum af ýmsum gerðum en norðan við er sjálfur Mígandi. Ef gengið er norður fyrir Míganda blasa við Vogarnir og er gott aðgengi alla leið í þriðja vog (Svartskegg).

b) síga niður í Sjórnæingjavog á sigakkeri ofan við Rip Tide (C1). Akkerið er tveggja bolta og staðsett á stórum steini ofan brúnar, um 85 m norðan Míganda. NB Þarf 80 m línu! Lítil varða er ofan við akkerið.

c) síga niður í Sjórnæingjavog á sigakkeri ofan við Surfs Up (C3), 125 m norðan við Míganda. NB Þarf 80m línu! Lítil varða er ofan við akkerið. Þetta er án efa besta sigleiðin í Vogana!

d) síga niður í Sjórnæingjavog á sigakkeri ofan við Gale Force (C4), 160 m norðan við Míganda. NB Þarf 70 m línu! Akkerið er tveggja bolta á klettaslabbi nyrst og yst í áberandi litlu gili sem

steypist fram af hömrinum. Lítil varða er ofan við akkerið. Þetta er án efa besta sigleiðin í Vogana! e) síga niður fossinn Míganda en hann er eini fossinn sem býður upp á möguleika á V-bræðingu uppi á brún. Hafa ber í huga að á háflóði og í miklu brimi er hætta á óvæntu baði og að ekki þarf að spyrja að leikslokum ef manni skrikar fótur og endar í sjónum á þessu svæði!

Gisting


Annar höfunda og fjölskylda reka ferðabjónustu á bænum Klængshóli í Skíðadal og getur hann hýst 12 manns. Fyrirtækið heldur úti heimasíðu á slóðinni www.bergmenn.com. Um 30 mín akstur er frá Klængshóli út í Múlann auk þess sem fjölda ísklifurleiða er að finna í fjallinu Stólnum í Skíðadal og Búrfellshyrna í Svarfaðardal með sitt alpatvist er í skotfjarlægð sem og hin margrómaða leið Kerlingareldur (enn ófarin um vetur...) Gistingu er einnig að fá á nokkrum gististöðum á Dalvík.


Upplýsingar er hægt að nálgast á www.dalvik.is Einnig er hægt að gista á fjölda gististaða á Akureyri, upplýsingar á www.akureyri.is

Um ísklifrið

Á svæðinu eru nú 12 skráðar ísleiðir en enn eru margar línur ófarnar á svæðinu af flestum erfiðleikastigum. Hugsanlega eru einhverjar leiðir sem farnar voru fyrir margt löngu eignaðar öðrum í seinni tíð en það er lítið við því að gera enda lítið til af heimildum um klifur á svæðinu. Lengd leiða á svæðinu er frá 10-20 m nýgræðing-sleiðum allt upp í ófarnar massívar 100 m+ mix-leiðir og að sjálfsögðu öll flóran þar á milli. Erfiðleikar skráðra leiða enn sem komið er er allt frá W13 upp í W16+ R. Léttari leiðirnar eru flestar í Flæðarmálinu og í Svartskeggi (svæði A og D) og þær erfiðari í Sjórnæingjavogi og Plankanum (svæði C og B). Súluritíð að neðan gefur góða hugmynd um erfiðleikastig leiða á svæðinu. Mælt er sérstaklega með leiðunum Míganda (W14+ klassík), Gale Force (W15) og Surfs Up (W15+). Svæðið Ytri-Vík um 4 km sunnan við Flæðarmálið býður upp á nokkurn fjölda ófarinna 20-30 m leiða beint ofan við fjöruna. Aðkoman er sunnan við víkina og er hún sæmlega greiðfær en betra að fara inn á fjöru. Best er að sjá svæðið á leiðinni til baka til Dalvíkur til að átta sig á hvar best er að stoppa.

Dreifing erfiðleikagráða ísklifurleiða í Ólafsfjarðarmúla





A) Flæðarmálið

Svæðið "Flæðarmálið" í Ólafsfjarðarmúla

Svæðið frá Sægreifanum (A1) syðst og að Míganda (B1) nyrst hefur verið nefnt Flæðarmálið sökum þess að þar er jú klifið beint úr fjörunni og eru leiðir A1-A4 aðgengilegustu leiðir Múlans. Gott er að byrja sína fyrstu Múlaheimsókn á því að klifra hér, því þessar leiðir gefa góða mynd af því sem í Múlanum má finna, eru aðgengilegar og tiltölulega hættulausar mtt. sjávarfalla. Á milli leiðanna 2009/2010 og Míganda er að finna nokkurn fjölda óklifinna leiða af ýmsum gráðum, en erfið aðkoma er að þeim flestum.

A1) Sægreifinn, **

WI5, 40m

Des '09: Sigurður T, Jökull B, Freyr I, Gregory F.

Beint upp slétta vegginn v. megin við Lambaskersfoss (A2) upp á stóra snjósyllu - nokkur afbrigði möguleg. Um 10 m haft er enn ófarið ofan við slabbsylluna og býður upp á nokkrar útfærslur af ýmsum erfiðleikastigum. Þannig endar leiðin upp á brún.

A2) Lambaskersfoss, **

WI4, 50m

1983: Gunnlaugur Sigurðsson, Vilhelm Hallgrímsson.

Töluvert vatnsrennsli og oft blautur en með miklum ís. Er ein aðgengilegasta leið svæðisins og býður upp á margar mögulegar útfærslur, allt frá WI3 upp í WI5 eftir því hvar kvikindið er klifið.

A3) Hart í bak, *

WI4, 60m

26. des '08: Sigurður Tómas, Jökull B.

Upp breiðan slabbandi foss um 20 m þar til hann þrengist í skoru og verður brattari nokkra metra. Þaðan tekur við léttara klifur um 15 m (fint að gera stans undir íshafti þar) og eru þaðan svo 20-30 m af ekki svo erfiðu en þó vandasömu ís- og drulluklifri upp á brún.

A4) Landkrabbinn, *

WI4, 70m

28. des '09: Sigurður Tómas, Eiríkur Ragnars, Jökull B.

Vandasöm aðkoma eftir fjörunni og ekki gott að komast að leiðinni á flóði. Leiðin fer upp miðkertið í breiðu þili sem skipta mætti í 3 aðskildar leiðir ef svo bæri undir.

A5) 2009/2010, **

WI3, 80m

31. des '09: Gregory Facon, Chris Geisler, Jökull B.

Síga þarf í þessa leið af brún! Afar klassískur og skemmtilegur WI3 foss með smá ævintýra ívafi sökum aðkomunnar.


B) Plankinn - fyrsti vogur

Þegar gengið er norður fyrir klettanefið hjá Míganda blasir við heljarinnar leikvöllur sem hér er nefndur Plankinn. Þar má með góðu móti klífa um tíu veglegar leiðir sem eru 50-60 m háar en eiga það sameiginlegt að allur ís er þrotinn þegar um 15 m eru eftir upp á brún. Hér er því mikið verk óunnið fyrir þá sem blanda vilja smá steinefnum við ísinn sinn og ekki skemmir að bergið er traust. Hafa ber í huga, ef boltað er á þessu svæði (sem og í Múlanum öllum) að nota ryðfrían útbúnað sökum nálægðarinnar við Ægi.

B1) Mígandi, *****WI4+ 70m**

1983: Gunnlaugur Sigurðsson, Vilhelm Hallgrímsson

Tilkomumikill og fallegur foss bæði að sumri sem vetri og án nokkurs vafa eitt mesta ísklifurafrek þess tíma þegar hann var frumfarinn veturinn 1983 af ungum og vöskum Dalvíkingum með nánast enga klifurreynslu að baki. Ef Mígandi er frosinn má ætla að flestar leiðir í Múlanum séu í aðstæðum, því hann er þeirra vatnsmestur. Gott er að skipta honum í tvær spannir og gæta ber að því að síðustu 15m eru jafnan upp brattann og þunnan íshólk með miklu rennsli innaní.

**B1**

C) Sjóræningjavogur - annar vogur

Þegar gengið er norður fyrir Plankann blasir við Sjóræningjavogur eða annar vogur. Þar er að finna tilkomumestu og erfiðustu leiðirnar í þessum leiðarvísi og möguleikar á uppsetningu fleiri leiða eru miklir þótt megin Íslínurnar hafi verið farnar. Gale Force WI5 er án efa svipmesta og fallegasta leið Múlans - alltént af hreinu Ísleiðunum. Boltuð akkeri eru ofan Rip Tide (C1), Dead Calm (C2) og Gale Force (C4), og er sig af akkeri ofan C4 fljótlegasta og öruggasta aðkoman að svæðinu. Undir leiðum C2 – C4 er 20 m WI2-3 slabb, sem er hentugt að einfara eða taka sem stutta aðkomuspönn og hafa stans beint undir sjálfum leiðunum til að gera línuvinnuna þægilegri og öruggari.

C1) Rip Tide, ***

WI6+ R, 75m

Jan '10: Chris Geisler, Jökull Bergmann

Ballettdans á punnum ís milli yfirhangandi kerta. Lykilkafli er lítið klettaþak fyrir miðri leið. 2 boltar í leið og 2 bolta akkeri á brún. Búnaður: vinasett upp að stærð 3 og hálf tnetu-sett auk ísskrúfa. Varúð! Leiðin er mjög tortryggð á lykilkaflanum og því verulega varasöm og fær því "R" gráðun!

C3) Surfs Up, **

WI5+, 75m

Jan '10: Chris Geisler, Jökull Bergmann

Punnur brattur ís í þröngri skoru 10m. Tvö stutt brött höft eftir það og svo 30 m WI3 upp á brún. Vinir og hnetur gætu komið að góðum notum ef ís er þunnur.

C2) Dead Calm, **

WI6, 75m

Jan '10: Chris Geisler, Jökull Bergmann

Punnur brattur ís að þaki, yfirhangandi hreyfing út fyrir þak.

Búnaður: 2 boltar upp að slútti + nokkra litla vini ef ís er í þynnra lagi.

C4) Gale Force, ***

WI5, 75m

Jan '10: Chris Geisler, Jökull Bergmann

Klassísk brött 5. gráða með óviðjafnanlegu útsýni og staðsetningu. Algjört möst!



D) Svartskeggur - þriðji vogur

Ef gengið er norður fyrir leiðina Gale Force (C4) í Sjórnæningjavogi blasir við Svartskeggur (þriðji vogur), en þar er að finna mikið úrval leiða allt frá WI3 – WI5 og er svæðið án efa það auðveldasta af vogunum þremur og tilvalið fyrir þá sem vilja skoða Vogana án þess að glíma við erfiðari gráðurnar. Norðan Svartskeggs blasa við nokkrar leiðir til vibótar sem síga þarf í og sömu sögu er að segja um fjölda leiða enn norðar í Múlanum sem allar eiga það sameiginlegt að vera óaðgengilegar, háar, erfiðar og óklifnar þegar þessi orð eru rituð.

D1) IceSave was not safe, *

WI4+, 75m

D2) Smooth sailing, *

WI3+, 80m

Feb '10: Magnús Smári Smáráson, Jökull Bergmann

Jan '10: Chris Geisler, Jökull Bergmann

Brött og samfelld, hægra megin við megin línu og kerti í skorunni.

Fyrst farin í myrkri við mikla eftirtekt og áhuga sæfarenda á Eyjafirði sem ekki könnuðust við þessi nýju ljósmerki í Múlanum.



ANNÁLL íslenskrar fjallamennsku 2010-2011



© Björgvin Hilmarrsson

Úr starfsmannaferð IFLM 2011

Hér gefur að líta Annál íslenskrar fjallamennsku fyrir árin 2009-2011. Spannar hann frá hausti 2009 til vors 2011 þannig að hér er að finna brakandi ferskar fréttir af fjallamennsku og klifurafrekum Íslendinga bæði heima og erlendis. Ritnefnd er ekki óskekul né alvitur og margar ferðir fara fram hjá okkur. Því biðjum við félaga sem fyrr að vera duglegir að fræða okkur um afrek og nýjungar á spjallinu. Þrátt fyrir kreppuhjal og almenna deyfð í mörlandanum var mikill hugur í fjallamönnum og héldu fjölmargir hópar í viking að leita hærri fjalla, brattari kletta, meiri sólar eða frosts. Einnig voru fjölmörg afrek unnin á heimavelli, jafnt vetur sem sumar.

ÚTLÖND

Arnar Emilsson og Berglind Aðalsteinsdóttir fóru á Íslendingaslóðir í Siurana á Spáni haustið 2009.

Farið var til El Chorro um jólin 2009 þar sem Jónas Grétar Sigurðsson, Andri Már Ómarsson, Heiðar Þór Jónsson og Eyþór Konráðsson klifruðu allir leiðina Eye of the Storm (7c) og Örvar Dóri Rögnvaldsson fór 7a+.

Atli Pálsson og James McEwan fóru að heimsækja andfætlingana á Nýja-Sjálandi veturinn 2009-10. Klifruðu þeir m.a. Mt Cook í Suður-Ölpunum og er nánar fjallað um þá ferð í grein framar í blaðinu.

Marianne van der Steen fór til meginlandsins og tók m.a. þátt í heimsbikarmótum í ísklifri veturinn 2009-10 í nafni hollenska landsliðsins. Einnig mixklifraði hún mikið í Ölpunum og rauðpunktaði m.a. leiðina Pink Panther (M9+).

Félagarnir Kristján Þór Björnsson og Hjalti Andrés héldu til Kjugekull í Svíþjóð og klifraði Kristján þar m.a. þrautina Lithium 7c+/8a (V10/11).

Róbert Halldórsson, Ásbjörn Hagalín, Daníel Guðmundsson, Ingvar H Kristjánsson og Rannveig Ólafsdóttir héldu til Golden í Kanada í byrjun árs 2010 við skíðun og ísklifur framan af árinu og enduðu í klettklifur "ród-trippi" um vestanverð Bandaríkin. Var ísklifrað víða og klassíkerinn Polar Circus m.a. klifinn. Klettklifurtúrin spannaði m.a. Joshua Tree og Red Rocks. Berglind og Arnar voru aftur á faraldsfæti og hittu Golden-farana í janúar.

Í febrúar 2010 lögðu Kjartan Björn og Valdimar Björnssynir land undir fót og ílentust í Katalóníu á Spáni. Þar rauðpunktaði Valdimar hæst 8b leiðirnar Photoshot í Margalef og Boui Prou í Siurana. Kjartan rauðpunktaði Anabolica (8a) í Siurana og Trio Ternura (8a) í Santa Linya.

Freyr Ingi Björnsson, Halldór Albertsson, Ásgeir Arnór Stefánsson, Jón Yngvi Gylfason og Sigurður Kristjánsson fóru til Rjukan í febrúar 2010. Aðstæður voru hinar prýðilegustu til ísklifurs eins og oftast á þeim slóðum og fóru þeir drengir hamförum. Hæst bar til tíðinda að Freyr, Halldór og Ásgeir fóru hina rómuðu leið Juvsoyla (WI6), án þess að blása úr nös. Í janúar ári síðar fóru þær Helga María Heiðarsdóttir, Heiða Jónsdóttir, Smári Stefánsson og Steinar Guðmundsson einnig til Rjukan og létu vel af vistinni.

Í júlí 2010 fóru þeir kumpánarnir Guðmundur Freyr Jónsson, Jón Heiðar Rúnarsson, Ágúst Kr. Steinarsson og Magnús Smári Smárasen í svissnesku Alpana. Fóru þeir m.a. 5-daga Spaghettitraversuna milli Breithorn og Monte Rosa. Meiningin var að fara á Matterhorn á eftir en vegna ísinga og veðurs héldu þeir í staðinn til Comovatns á Ítalíu þar sem þeir klettklifruðu í nokkra daga.

Guðmundur Freyr, Óðinn Árnason og Lárus V. Vilhjálmsson komu við á Kalymnos í nokkra daga á leið í brúðkaup skammt frá. Gummi og Óðinn klifruðu erfiðast 6b+ og Lárus 5c.

Kjartan Jónsson og Egill Örn Sigbórs-son rauðpunktuðu leiðina Burinator í Ceuse í Fakklandi haustið 2010. Þeir bættast þar með í friðan hóp 8a-klifrara á Fróni.

Haustið 2010 hélt Valdimar Björnsson til Þýskalands með hollenskum hóp. Í Frankenjura klifraði hann mest leiðina Plan B (8b) og í Pfalz rauðpunktaði hann Gamba (8a). Róbert Halldórsson slóst í hópinn í Frankenjura og hélt þaðan til Kalymnos með Katrínu Möller. Sædis Ólafsdóttir var allt haustið á ver-gangi um álfuna með dönskum félögum og klifraði m.a. í Slóveníu og hitti einnig Kalymnos dúettinn. Þau hittust svo aftur nokkrum vikum síðar í Tyrklandi og bættust þar í hópinn Guðlaugur Ingi, Manuela Magnús-dóttir, Sveinborg Hlíf og og Sara Axelsdóttir. Svæðið heitir Geyikbayiri (lesið "Geik-bær"

u.p.b.) og er nálægt túristabænum Antalia. Manuela og Guðlaugur rauðpunktuðu hæst 6c, Sædis 6c+, Sveinborg 6a+, Róbert 7c+ og Katrín 7a.

Í ágúst 2010 voru nokkrir Kópavogsskátar á ferð í frönsku Ölpunum. Atli Pálsson og Stefán Markússon klifruðu Arête des Cosmiques (AD) á Aiguille du Midi. Eftir heimför Stefáns mætti James McEwan til leiks og skruppu þeir Atli einnig upp Cosmiques á Midi auk þess að klifra Chère Couloir (D+) á Triangle du Tacul. Enn fjölgaði í hópnum þegar að Hörður Sigurðsson kom til þeirra Atla og James. Saman klifruðu þeir fjölspanna klettaleiðir í Les Chesyes og einnig fóru þeir á klettánálina Aiguillette du Argentiére. Hópurinn skokkaði á Mont Blanc eftir þriggja tinda leiðinni svokölluðu í miklu roki og kulda. Eftir að Hörður snéri heim reyndu James og Atli við Risatönnina (Dent du Géant) en snéru við undir toppnum vegna mikils kulda. Félagarnir kláruðu svo ferðina á því að klifra Forbes Arête (AD) á Aiguille du Chardonnet.

Skarphéðinn Halldórsson, Björgvin Hilmarsson og Sveinn (Sissi) Fr. Sveinsson héldu til Lofoten í Noregi í 2 vikur í ágúst 2010 á vegum leiðangursstyrks 66°N og Ísalp. Þótti staðurinn hinn dásamlegasti með eðal fá- og fjölspanna dóta-klifur í stórkostlegu umhverfi. Meðal helstu afreka má nefna að Skarphéðinn og Björgvin fóru 12 spanna undrið Vestpillaren á Presten (norsk 6 gráða)

Veturinn 2010-11 dvaldist Róbert Þór Haraldsson í Vancouver á vesturströnd Kanada. Ásamt Ágústi Þór Gunnlaugssyni fór hann á vikulangt snjóflóðanámskeið á vegum kanadíska snjóflóðasamtakanna. Skíðuðu þeir víða í Bresku Kólumbíu og átti Róbert svo nokkra góða skíða-daga með Friðjóni Þorleifssyni í Rogers Pass.

ÍSKLIFUR OG FJALLAMENNSKA

SV-land

Múlafjall var sáralítið stundað veturinn 2009-10 enda ísbúskapur með afbrigðum lélegur. Líklega má kenna snjóleysi um sem olli því að mýrin fraus og stoppaði rennsli niður í íspilin. Sama gildi um Eilífsdal sem var svo til íslaus mestallan veturinn. Þilið náði sennilega aldrei saman og hefur það ekki gerst í áraraðir. Veturinn 2010-11 ekki ósvipaður þó hann

hafi byrjað ágætlega fyrir jól. Nánast ekkert í Múlafjalli fyrr en eftir snjóatíð í febrúar. Það var huggun harmi gegn að Óríon í Brynjudal fór snemma í þrýðilegar aðstæður og var æði fjölfarinn á tímabili. Ísfestivali sem halda átti í Arnarfirði var frestað vegna ísleysis og haldinn sósíaldagur í Múlafjalli í marslok í staðinn. Bekri - W14, M4/5, 180m. Freyr Ingi Björnsson, Halldór Albertsson, 2010 Leiðin er í Hrutadal í Esju og um klukkustundar gangur er upp að henni frá Eyrarfjallsvegi (460) í Miðdal. Leiðin var klifin í fjórum spönnum.

Icesave (Ísbjörg), W13, 205 m.

Sveinn Friðrik (Sissi), Freyr Ingi, Brynjúlfur Jónatansson, 2010

Leiðin er í austanverðri Kjós, milli Ásláks og Hrynjanda í þróngu, löngu gili. Leiðin var frumfarin nokkrum mínútum eftir að forseti Íslands neitaði að skrifa undir Icesave lögin hin síðari og þótti nafnið því við hæfi. Skemmtileg ævintýraleið, flottur karakter og umhverfi.

Þrándarstaðafossar í Brynjudal fengu uppreisn æru veturinn 2010-11. Fjöldmörg teymi skemmtu sér við þá fjöldmörgu möguleika sem þar eru í boði. Allt frá þægilegum leiðslufossnum upp í stíf ísuð og mixuð yfirhöng, sem farin voru í ofanvaði (og allt þar á milli náttúrulega). Aðkoman tekur ekki nema 5-10 mín frá sumarhúsi neðan við gilið, sem er rétt innan við Ýring. Kjörlið svæði fyrir jafnt byrjendur sem lengra komna.

Vesturland

Sverðfiskur - W15, 40 m.

Halldór Albertsson, Freyr Ingi Björnsson, Björgvin Hilmarsson, 2010

Leiðin er í miðju Teitsgili við Húsafell. Byrjar upp brattan kafla upp í lítinn helli og þaðan upp kerti undir höfuðveggnum. Þaðan var hliðrað til vinstri yfir að skoru milli kertis og veggs.

Snæhéri - W14+, 35 m.

Freyr Ingi Björnsson, Björgvin Hilmarsson, Halldór Albertsson, 2010

Leiðin er næst innsta leiðin í Teitsgili sé horft inn það. Leiðin liggur framan á ísláa en fer um miðbikið inn í skoru sem myndast í ísnum.

Brattabrekka

Norðan við Bröttubrekku nokkurn veginn gegnt Austurárdal eru nokkrar ísleiðir. Áberandi gil sker alla hliðina í Hlíðartúnsfjalli og skiptist síðan upp í þrjár íslænur efst í klettabeltinu við toppinn. Ekið er til vesturs

inn slóða gegnt afleggjaranum inn í Austurárdal, í gegnum hlið sem merkt er skógræktinni, og um 100 m. Lagt hinum megin við lækinn. Aðeins fimm mínútna aðkoma að fyrstu höftunum. Niðurleið: gangið 100 m til suðurs út á smá nef, skerið síðan til baka niður brattasta kaflann og síðan beint niður í bíl, frekar þægilegt.

Single malt og appelsín - W14-5, 250 m.

Freyr Ingi, Styrmir Steingríms, Sveinn Friðrik, 27. nóv 2010

Fyrstu þrjár spönnir eru fjögur til fimm W13 höft sem voru einfarin og leiðin klofnar í þrjár línur eftir 5. spönn.

Single malt on the rocks - W14+, 250 m.

Bergur Einarsson og Jósef Sigurðsson, 4. des 2010.

Leiðin fylgir sömu leið og Single malt og appelsín þar til komið er að skálinni fyrir ofan 5. spönn. Þar er miðlínan valin en 6. spönn er lykilkafllinn.

Þegar komið er langleiðina norður yfir Bröttubrekku sést gil nokkurt vestan vegar. Það heitir Hvanngil og tekur gangan inn gilið 10-15 mín. Frá vegi sést í toppinn á þremur ísleiðum innst í þessu gili. Voru þessar þrjár leiðir og tvær aðrar styttri klifnar.

Kaffipræll - W14+, 40 m.

Freyr og Styrmir, 11. des 2010.

Efst í giliinu hægra megin við áberandi og nokkuð breitt íspil.

Ungfrú Hnappa- og Snæfellssýsla - W14, 35 m.

Freyr Ingi og Styrmir, 11. des 2010.

Liggur upp breiða íspilið.

Frostrósir - W14, 40 m.

Jón Y. Gylfason og Ingvar H. Kristjánsson 11. des 2010.

Örlítið neðar í giliinu stendur feitur og fínn foss. Þessar þrjár leiðir sjást frá veginum.

Jólagestir - W13/4, 25 m.

Ingvar og Jón Yngvi, 11. des 2010.

Koffín - W14, 10 m.

Styrmir Steingrímsson, 11. des 2010.

Kökuboð - W1 3+, 18 m.

Jón Yngvi og Ingvar, 12. des 2010.

Af því að það var afmælisdagur. Gegnt leiðunum "Single malt og appelsín" og "Single malt on the rocks" er lítil snotur sumarbústaður sem stendur undir gili sem heitir Selgil. Þar er fallægur 20 m frífallandi foss sem var að myndast. Við hliðina á honum var klifrað upp úr giliinu.

Pils
Frey
Órst
þen
svel
aftu
við v

Hau

Blin

Ágú
des
þeg
Stek
sem
Tæp
Par
unni
höft

Vest

Dyn
í fyr
að v
Sigu
myr
upp
hrun
að v
slap

Virgi

Rún
Í Ká
þar
þil s
síða

Beta

Rún
Fyrir

Visit

Rún
Í au
mög
jar u
léttu
4 ef
upp

Thor

Rún
Dals

Pilsner - WI4+, 30 m.

Freyr Styrmir, Ingvar, Jón, 12. des 2010.

Örstuttu norðan við Kökuboð í Bjargagili er að finna þennan foss sem byrjaði á ca. 6m. hafti, þaðan var svell upp að aðalfossinum. H.m. við aðalfossinn var aftur á móti þunn, mjó og þínu tæknileg ísrenna sem við varð fyrir valinu.

Haukadalur**Blindgata - WI 3-4, 55 m.**

Ágúst Þór, Björgvin Hilmarsson, Ívar Finnbogason, 6. des 2010.

Þegar að komið er inn í botn aðkomugilsins í Stekkjargili er leiðin hægra megin við slæðufossinn sem leiðir klifrara upp að aðalleiðunum í giliinu.

Tæplega metra breið renna sem endar í grasbrekku. Þar var tryggt utan um stóran stein en ekki reyndist unnt að komast upp að stóru leiðunum eins og vonir höfðu staðið til. Sigið niður á V-þræðingu.

Vestfirðir

Dynjandi (WI3) í botni Arnarfjarðar var klifinn í fyrsta sinn þann 11. febrúar 2010. Voru þar að verki stóðhestarnir Rúnar Óli Karlsson og Sigurður "Búbbi" Jónsson. Með í för var hausmyndavél og pungur í ökklasídd. Bauð túrinn upp á ótrúlega myndatöku þegar hálfur fossinn hrundi undan Rúnari í lokahöftunum. Náði hann að vipa sér fimlega af hrynjandi hrúgaldinu og slapp með skrekkin og kláraði upp á brún.

Virgin Symphony - WI5/5+, 120 m.

Rúnar Óli, Búbbi og Danny O'Farrell, 27. nóv 2010. Í Kálfadal í Óshlíð. Fyrsta spönnin er 40m og ca WI4 þar til efst er komið. Þá tekur við stórt yfirhangandi þil sem þurfti margar tilraunir til að sigrast á. Við tóku síðan tvær spennir ofan við krúxið sem voru WI3-4.

Betanía - WI4, 60 m.

Rúnar Óli, Búbbi og Heiða Jónsdóttir. Fyrir ofan eyðibýlið Betaníu í Öfundarfirði.

Visiting Souls - WI 3-4, 200 m.

Rúnar Óli, Danny O'Farrell, Kyle og Will Í austurenda Hestfjarðar. Aðkoma er frá veginum og möguleikar á fjölda nýrra leiða á svæðinu. Leiðin byrjar um 30m frá vegi og fylgir gili upp nokkur mislöng léttari höft þar til komið er að krúxinu, 30-50m WI3-4 eftir aðstæðum. Ofan við krúx er hægt að elta gilið upp á topp.

Thor's Revenge - WI5, 150 m+.

Rúnar Óli, Danny O'Farrell Dalsgil í Skáladal, Ingjaldssandi. Leiðin er í fjallinu

Kaldbak sem er á vinstri hönd þegar haldið er upp Gemlufallsheiðina. Í Skáladal eru a.m.k. tvær samfelldar brattar línur. Sú vinstri er Thor's Revenge.

Norðurland**Kaldakinn****Reiði - WI5, 90 m.**

Sigurður Tómas Þórisson, Guðjón Snær Steindórsson, 9. jan 2010

Leiðin er næsta leið vinstra megin við Dramb (WI5). Byrjar á stuttu léttu slabbi en svo taka við stífir 20 m af samfelldri bröttum ís. Seinni spönnin er um 35 m af WI4+.

Leti - WI5-, 85 m.

Páll Sveinsson og Viðar Helgason.

9. jan 2010

Bratt breitt kerti fyrstu 20 m en síðan slaknar á brattanum upp að snjósyllunni, samtals um 50 m spönn. Efri spönnin er 35 m og heldur léttari en sú neðri en þó vel stíf.

Arctic Pillar - WI6.

Mario Sertori, Stefano Plano. Jan 2011

Stöndugur stöpull hægra megin við Wish You Were Here (WI6+).

Ólafsfjarðarmúli

Ísklifur í Ólafsfjarðarmúla hófst árið 1983 en þrátt fyrir fögur fyrirheit varð lítið um frekari þróun þar fyrr en hin síðari ár. Fjöldi nýrra leiða var farinn í Múlanum veturna 2009 -'10 og 2010 -'11 og á Jökull Bergmann hlut í þeim flestum ásamt góðum gestum. Svæðið státar nú um 15 leiðum frá WI3 upp í WI6+. Nánar er fjallað um svæðið í leiðavísi frammar í blaðinu.

Austurland

Í janúar 2011 fóru Róbert Halldórsson, Jökull Bergmann, Guðmundur Tómasson og Freyr Ingi Björnsson í ískönnunarleiðangur austur á firði. Klifraðar voru þrjár nýjar leiðir í Víðivalla-gerðishörmrum austan megin í Suðurdal sem er inn af Fljótsdal. Þar er að finna yfir 30 línur, og annað eins í hlíðinni á móti. Keyrt er inn dalinn og um 15-20 mín lengra en vegurinn upp á Kárahnjúka.

Kindabyssan - WI4, 35 m.

Róbert, Freyr og Jökull.

3ja mest áberandi línun frá hægri í fjallinu. Stór syla í miðjunni

Sauðfjarkindahatarinn - WI5+, 35 m.

Róbert, Freyr, Jökull.

Önnur mest áberandi línan frá hægri í fjallinu. Mjótt kerti sem endar í regnhlíf

Riffilhlaupið - WI5, 30 m.

Leiðin er hægra megin við breitt íspil lengst til vinstri í klettunum. Afar mjótt kerti. Stefnan var svo tekin á Strútsfoss inn af Villingadal (fyrir botni Suðurdals) sem leit vel út af myndum af dæma en þegar komið var inn í gilið var fossinn ekki í nægjanlega góðum aðstæðum fyrir þeirra litlu hjörtu. Var í staðinn klifruð leið innst í gílinu hægra megin við Strútsfoss og fékk hún nafnið Fálkafoss - WI4, 270m, 7-8 höft.

SA-land**Öræfasveit**

Ný leið var farin þann 22. september 2010 upp vesturvegg Hvannadalshnúks. Þar voru á ferðinni Björgvin Hilmarsson og Leifur Örn Svavarsson. Leiðin nefnist Beina brautin og gráðast WI4 þó það segi minnst um leiðina því þetta er alvarleg alpaleið með 7 tíma aðkomu inn Svínafellsjökulinn. Ofarlega í leiðinni sáust klifurlínur frosnar í vegginn en þegar þetta er skrifað er enn óljóst hvaða saga er bakvið þær. Aðeins er vitað með vissu um einn á ferð á þessum slóðum áður en það var Helgi Ben árið 1986. Menn hafa leitt að því getum að hér sé hugsanlega um að ræða línur frá tveimur Þjóðverjum sem hurfu á þessu svæði árið 2007.

Vinstra megin við UMFÖ skógræktarreitinn í Svínafelli eru tvær ísleiðir. Best að leggja bílnum við gönguhlið sem 200m austan við pípuhliðið á austari afleggjaranum að Svínafelli. Við gönguhliðið byrjar nokkuð áberandi göngustígur sem liggur í átt að Virkisjökli. Eftir 200m er beygt til vinstri inn á þrengri stíg sem liggur upp í skógræktarlundinn. Frá lundinum er gengið á ská til vinstri upp hlíðina, þar til maður kemur upp nokkuð þröngt gil (gengið fram hjá einni ísleið á leiðinni). Tvær flottar leiðir byrja upp úr þessu gili. Gengið er niður eftir Svínafellinu og komið niður yfir Flosalaug. Beikon og egg - WI5, 230m. Einar Rúnar Sigurðsson & Ívar F. Finnbogason. 6. jan 2010 Vinstri línan upp úr gílinu.

Egg og beikon - WI4+, 235 m.

Halldór Albertsson og Haukur Elvar Hafsteinsson. 6. jan 2010

Um 400m SA við Beikon og egg, Línan sem nær lengst niður.

Grjóthríð - WI3, 100m.

Einar Rúnar, Haukur Ingi og Óskar Ara. Feb 2010. Í Svínafelli, í hlíðinni á ská austur frá sundlauginni, vestan við Myrkrahöfðingjann. Leiðirnar eru í raun beint upp af bænum Víðihlíð. Þetta er línan í miðjunni af þremur sem koma þarna niður. Það er styttri 3 gráðu leið falin s.s. 100 m v. megin og álíka löng leið með brattari byrjun 50 m til hægri. Þegar sólin fer að skína á lóðréttu klettavegginn fyrir ofan þá fer allt sem losnar þar uppi niður þessar leiðir, svo það er ástæða til að fara um svæðið með gát.

Hnappavellir**Shrek er líka fólk - WI4+/5, 15 m.**

Halldór A, Einar Rúnar, Haukur Elvar og Ívar F. 7. jan 2010

Leiðin vinstra megin við Ísklifrarar eru líka fólk (v. megin við klettaleiðina Leikið á als oddi).

Skaftafell**Hundafoss - WI4, 25 m.**

Haukur Elvar, Ívar F og Halldór A. 7. jan 2010 Fossinn fyrir neðan Svartafoss.

Svartafoss hásetið - WI4, 15 m.

Einar Rúnar og Óskar.

Bratt kerti alveg lengst til vinstri í hvelvingunni við Svartafoss í Skaftafelli. Mjög stutt leið, en þar sem hún er vel í fangið þá fær hún 4. gráðu.

Moving Heart - WI3, 15 m.

Einar Rúnar, Craig og Kelly Perkins. Feb 2010 Vestan megin í gílinu sem maður gengur fram með á leiðinni upp að Svartafossi. Það sést í ísinn þarna ef maður horfir upp gilið frá efra bílastæðinu við Svartafoss. Við gengum göngustíginn upp með gílinu og löbbuðum svo niður í gilið og yfir ána á ís. Þessi leið er sennilega þriðja efsta leiðin möguleg í þessum ísbunkum en það eru margar stuttar leiðir neðan við hana.

The Hernicator, WI3.

Freyr Ingi og Craig Perkins. Feb 2010 Nálægt Svartafossi.

Nálægt Kirkjubæjarklaustri stoppuðu nokkur teymi á leið á Ísfestival 2010 og bröltu í Fjarðar- og Hörgsár-gljúfrum. Handfylli af nýjum leiðum var farin á svæðinu.

Fjaðrárgljúfur**Fyrsta leiðin - WI4, 30 m.**

Halldór Albertsson, Ásgeir Arnar og Helga María. Feb 2010

Pönk - W15, 25 m.*Halldór, Ásgeir og Helga María. Feb 2010***Trappfossen - W14, 35 m.***Halldór og Ásgeir. Feb 2010***Hörgsárgljúfur****Tunglskin - W14, 30m.***Freyr Ingi og Rúnar Óli. Feb 2010***Gamli Gráni - W14, 50m.***Ágúst Þór og James McEwan. Feb 2010*

Á Festivalinu, sem haldið var í Skaftafelli í febrúar 2010 (gist í aðstöðu ÍFLM) voru nokkrar nýjar leiðir farnar að vanda.

Morsárdalur**Handan við hornið (Just around the corner) - W14, 100 m.***Ágúst Þór og James***Frumskógarhlaup (Junglerun) - W13, 250 m.***Ágúst Þór og James***Bara stelpur - W13, 100 m.***Helga María og Katrín Pétursdóttir***Þrír plús - If Ági is not lying - W13+, 50 m.***Siggi, Jón Yngvi og James***Rótarfjallsgljúfur****Rótarinn - W15, 120 m.***Freyr Ingi og Rúnar Óli***Dansgólfið - W15, 110 m.***Halldór og Ásgeir***Hornafjörður****Nóvember - W14, 70 m.**

Óskar Arason og Einar R. Sigurðsson. Nóv 2010
Mýrar við Hornafjörð. Leiðin er fyrsta augljósa íslínan í fjallinu sem blasir við þegar ekið er vestur yfir Hornafjarðarfljót (hossubruna). Beygt er af þjóðveginum vestan við brúna.

Grjótárgilsgóssið - W14, 125 m.

Óskar Arason og Einar R. Des 2010
Mýrar við Hornafjörð. Leiðin er í gljúfri sem blasir við þegar ekið er vestur yfir Hornafjarðarfljót. Stuttur malarslóði liggur vestan við lítinn læk sem rennur úr gljúfrinu. Það eru nokkur ófarin afbrigði af

þessari leið ofan við fyrstu spönnina. Gengið er niður skriðu nokkur hundruð metra NA við enda leiðarinnar.

Frumfarnar voru þrjár stuttar ísleiðir þann 2. mars 2011 í Nesjasveit við Hornafjörð. Leiðirnar eru í röð ísfossa sem koma úr dalverpi austan við Krossbæjartind, beint upp af bænum Lindarbakka um 10 km frá Hornafirði. Klífrarar voru Óskar Arason og Haukur Ingi Einarsson. Fyrsta leiðin er í ísfossi bakvið áberandi stuðlabergsstapa, sem sést vel frá þjóðveginum.

Larsen W14, 25 m.*Óskar Arason og Haukur Ingi Einarsson 2. mars 2011**Fossinn er á skuggsælum stað.***Broddgölturinn W14, 10 m.***Óskar Arason og Haukur Ingi Einarsson 2. mars 2011*

Nefnd vegna sérstakra grýlukertamyndana til hliðar við leiðina. Er í raun tjald sem kemur vel frá klettavegnum á kafla.

Litli putti W14 20-25 m.*Óskar Arason og Haukur Ingi Einarsson 2. mars 2011*

Suðurland

Eyjafjöll

Megavika undir Eyjafjöllum kringum áramót 2009/10 enda ekki verið svona feitur ís þar í manna minnum. Fjölmörg teymi glímdu við ýmsar klassískar leiðir, s.s. Paradísarheimt, Skoruna og Dreitil en tvær nýjar leiðir voru einnig farnar.

Canada Dry - W15, 140 m.*Arnar Emilsson, Berglind Aðalsteins, Ívar Finnboga. Jan 2010*

Fyrir ofan bæinn Fit undir Eyjafjöllum. Áberandi lína sem þekkist helst af því að miðja hennar sést ekki frá bænum og efsti hlutinn ekki þegar maður er kominn dálldið austur fyrir bæinn.

Afi - W15, 120 m.*Guðjón Snær, Guðmundur Helgi, Viðar Helgason. Jan 2010*

Línan hægra megin við Paradísarhellinn (að mestu gamla prójektið hans Palla Sveins: Upphafið að Paradís). Nokkuð greinileg lína sem er skorin í sundur af stórum stalli í miðjunni. Fékk nafnið þrá sem hringt var í Viðar í miðri leið og honum tilkynnt um nýjan og virðingarmeiri sess í fjölskyldunni.

Hvítárgljúfur

Þrjár nýjar leiðir voru farnar á austurbakka Hvítárgljúfurs, um það bil 1 km neðan við Gullfoss, sem upphitun fyrir Ísifestivalið 2010.

Hvítagull - W14, 50 m.

Ásgeir, Halldór, Freyr Ingi. Feb 2010

Rass í skoru - W14, 20 m.

Ásgeir, Halldór, Freyr Ingi. Feb 2010

Svingsklöbb - W13, 25 m.

Ásgeir, Halldór, Freyr Ingi. Feb 2010

KLETTAKLIFUR

SV-land

Jafet Bjarkar Björnsson gaf út leiðarvísana Jósepsdalur Boulder árið 2009 og Reykjanes Boulder árið 2010. Hann hefur enn fremur haldið úti vefsíðunni www.klifur.is með miklum sóma og á heiður skilinn fyrir það framtak.

Stardalur

Stelpubál - 5.5, 20 m.

Berglind Aðalsteinsdóttir og Sædís Ólafsdóttir. 15. maí 2010

Í Vesturhömrum í Stardal. Áberandi sprunga í horni hægra megin við West-Side story.

Garún, Garún, 5.11b, 15 m.

Sigurður Tómas, Valdimar Björnsson og Róbert Halldórsson, ágúst 2011. Hægra megin við Gandreið (5.10a) hjá Nálinni í Búahömrum.

Vesturland

Eypór Konráðsson, Kristján Þór Björnsson o.fl. fóru Fjölskyldumannaleiðina (5.10b) og Píkutorfuna (5.10d) í Gýgjarsporshamri í Hrafnfirði sumarið 2010. Fóru þeir ekki sjóleiðina eins og menn hafa flestir gert hingað til, heldur gengu frá enda jeppaslóðan ofan Kaldalóns, samtals um 20 km niður í Hrafnfjörð.

Norðurland

Berglind Aðalsteinsdóttir og Sædís Ólafsdóttir klifruðu ævintýraleiðina Kerlingareld í Svarfaðardal þann 15. júlí 2010. Eru þær fyrsta kvennateymið sem fer leiðina.

Gerðu þær hressilegt myndband um túrinn. Sigurður Tómas og Arnar Emilsson boltuðu nýja leið í Munkanum sumarið 2011. Er hún hægra megin við nýju leiðina Englaryk og ber hún nafnið **Tímaglasið** til heiðurs meistara Megasi. Gráðan er enn á reiki en er líklega á bilinu 5.10+ til 5.11-.

Suðurland

Leiðin Vippan í Pöstunum var boltuð sumarið 2010 en hún var farin sem dótaleið á júratíma-bilinu. Leiðin er beint á móti Heyvagninum og gráðan er einhvers staðar í 5.10 bilinu (b/c).

SA-land

Vestrahorn

Snævarr Guðmundsson og Guðjón Snær Steindórsson vinna að nýrri fjölspanna-leið í Vestrahorni. Leiðin verður boltuð og í léttari kantinum en er enn ekki fullkláruð.

Hnappavellir

Á Hnappavöllum hefur allt iðað af lífi undan-farin sumur. Mikil uppbygging var á Tóft-inni í Miðskjólí og eiga hjónin Jón Viðar og Unnur veg og vanda að þessu sæluhúsi fyrir klifrara. Virkilega frábært framtak og gjörbreytir aðstöðunni á svæðinu. Hvetjum við alla sem vettlingi getað valdið að borga í kamar/framkvæmda/bolta-sjóð Klifurfélagsins til að styðja við uppbygginguna fyrir austan. Jón Viðar gaf út uppfærslu á leiðarvísinn með viðbótum, sem höfðu bæst við árin 2008-'09. Hægt er að nálgast viðbótina á klifur.is. Einhverjar misfærslur voru í Hnappavallayfirliti síðasta annáls og einhverjar leiðir gleymdust. Vísunum við til uppfærslunnar með lagfæringar á því.

Grjótglímuþrautum á Hnappavöllum hefur fjölgað mikið síðustu ár og eru þær nú orðnar um 120 talsins. Valdimar Björnsson fór m.a. hinn alræmda "Kamarþrobbi" í júní 2010. Gráðast leiðin V10 og er líklega erfiðasta grjótglíma landsins. Hnappavallamararþon var haldið í þriðja sinn sumarið 2010 og fór allt vel að lokum þó skipst hafi á skin og skúrir. Um var að ræða sólarhring-sklifurkeppni í tveggja manna liðum þar sem gefin voru stig eftir forgjöf og hæðarmetrar einnig taldir. Efst urðu Katrín Möller og Daníel Másson. Meðal helstu afreka sumranna 2010-'11 má nefna.

Föð
do i
Valc

Slá
Kja
sjö

Fan
Eg

Fan
Adr

Tóft
Ana

Lim
Jón

Hláf
Jós

Leik
Kris

Leik
Jón
mar
Kja
bet

Reg
Ber

End
Sæ

Kok
Mar

Lö
Kat

Mik
Ásr

Jan
Lóa

Ný
sitt
top
göt
ma
inn
bar
Sal

Föðurlandið, 5.13c í Hádegishömrum (og "You can do it baby", 5.13a í Vatnsdal)

Valdimar Björnsson

Sláturhúsið (5.13b)

Kjartan Björn Björnsson fór í júní 2010 og er sá sjötti til þess

Fantasía (5.13a)

Egill Örn

Fantasía (5.13a)

Adrien Boulon

Tóftin (5.12c/d)

Andri Már Ómarsson

Limbó, 5.12c

Jónas "Jonni" Grétar Sigurðsson

Hláturhúsið og fleiri 5.12b.

Jósef Sigurðsson

Leikið á als oddi (afbrigði), 5.12b

Kristína Martha fór, önnur kvenna

Leikið á als oddi (orginal), 5.12a

Jón Marinó Birgisson fór árið 2011, líklega elstur manna (45 ára). Þar með voru hann og sonurinn Kjartan fyrstu feðgarnir til að klifra leiðina. Geri aðrir betur.

Regína, 5.11a og Eilífðardansinn 5.10d

Berglind Aðalsteinsdóttir

Endajaxlafélagið, 5.11a.

Sædís Ólafsdóttir

Kokteill, 5.10d.

Manúela Magnúsdóttir

Lömbin þagna, 5.10a

Katrín Möller

Miklagljúfur, 5.11a

Ásrún Mjöll rauðpunktaði

Janus, 5.10a og Með augun full af ryki 5.10b

Lóa Björk rauðpunktaði

Nýjar leiðir voru settar upp og að vanda sitthvað endurboltað og skipt um nokkur toppakkeri. Hádegishamar var endurupp-götvaður og síðsumars 2011 bættust fjölmargar góðar leiðir í flórana handan mýrinnar. Nýtt svæði með efni í nokkrar byrjenda- og barnaleiðir fannst ofan við tjörnina hjá Salthöfðanefi og var ein ný leið boltuð þar og eru

fleiri í vinnslu. Lofar góðu og löngu tímabært eftir áratuga leit að aðgengilegum leiðin á Völlumum.

Hádegishamar

Föðurland, 5.13c.

Valdimar Björnsson, ágúst 2011. Leið sem Kristó og Jósef boltuðu 2010. Rétt hægra megin við Litlu lúmsku leiðina.

Herra Alheimur, 5.10b.

Jósef Sigurðsson og Guðlaugur Ingi Guðlaugsson, júlí 2011. Hægra megin við Föðurlandið (sama akkeri)

Nýfundnaland, 5.5.

Arnar Þór Emilsson og Berglind Aðalsteinsdóttir, ágúst 2011. Fyrsta leiðin handan við húsið frá Alheimnum.

Með biblíuna í annarri, 5.9 (5.10a).

Guðlaugur Ingi, Manuela Magnúsdóttir og Jósef, ágúst 2011.

Ög byssuna í hinni, 5.10a (5.10b).

Jósef, Manuela og Guðlaugur Ingi, ágúst 2011.

Hey kanína, 5.8.

Jón Viðar Sigurðsson, ágúst 2011.

Risaeðlan, 5.9.

Stefán Steinar Smárasen, ágúst 2011.

Undraland 5.9 (5.10a).

Arnar Þór Emilsson, Berglind Aðalsteinsdóttir og Sædís Ólafsdóttir, ágúst 2011.

Töfraland 5.10a (5.10b).

Berglind og Sædís, ágúst 2011.

Vatnsból

Draumaland "orginal", 5.13c.

Valdimar Björnsson 2008. Eins og Björn Baldursson hugsaði leiðina á síðustu öld, þ.e. án þess að nota tókin á þakkantinum.

Salthöfði

Vetrarbrautin, 5.8/5.9.

Jón Viðar. 10. okt 2010.

Vinstra megin við Saltstöngul.

Gimluklettur

Addis Ababa, 5.12d.

Adrien Boulon, sumar 2010.
Hægra megin við Sundlaugapartý.

Keppnir

Á Menningarnótt 2010 voru aftur haldið hraða-klifurmót á Höfðatorgi. Ásrún Mjöll sigraði í kvennaflokki en Jafet Bjarkar varði titil sinn í karlaflokki.

Kjartan Jónsson og Bryndís Muller tóku þátt í Norðurlandamóti ungmenna í nóvember 2010. Stóðu bæði sig glæsilega og lentu í 3. sæti í sínum aldursflokkum. Klifurhúsið stóð að vanda fyrir mótaröð í grjótblímu í Klifurhúsinu. Fjögur hefðbundin mót voru haldin í seríunni auk sjálfstæðs dyno-móts í upphafi vetrar.

Íslandsmót í grjótblímu 2009-2010

Strákar 16 ára og eldri:

1. sæti: Kristján Þór Björnsson
2. sæti: Kjartan Björn Björnsson
3. sæti: Björn Baldursson

Stelpur 16 ára og eldri

1. sæti: Stefanía Ragnheiður Ragnarsdóttir
2. sæti: Vilborg Hlöðversdóttir
3. sæti: Brynja Davíðsdóttir

Strákar 13-15 ára

1. sæti: Níls A Nowenstein
2. sæti: Hilmar Ómarsson
3. sæti: Stefán Grétarsson

Stelpur 13-15 ára

1. sæti: Ásrún Mjöll Stefánsdóttir
2. sæti: Edda Björk Ágústsdóttir

Strákar 12 ára og yngri

1. sæti: Sveinn Brynjar Agnarsson
2. sæti: Guðmundur Freyr
3. sæti: Þór Jensson

Stelpur 12 ára og yngri

1. sæti: Bryndís Muller
2. sæti: Ríkey Magnúsdóttir
3. sæti: Helena Hrund Jónsdóttir

Íslandsmót í grjótblímu 2010-2011

Strákar 16 ára og eldri:

1. sæti: Kjartan Björn Björnsson
2. sæti: Andri Már Ómarsson
3. sæti: Kjartan Jónsson

Stelpur 16 ára og eldri

1. sæti: Ásrún Mjöll Stefánsdóttir
2. sæti: Vilborg Hlöðversdóttir
3. sæti: Kristín Martha Hákonardóttir

Strákar 13-15 ára

1. sæti: Hilmar Ómarsson
2. sæti: Helgi Ólafsson
3. sæti: Þór Jensson

Stelpur 13-15 ára

1. sæti: Bryndís Muller

Strákar 12 ára og yngri

1. sæti: Guðmundur Freyr Arnarson
2. sæti: Davíð Arnar Jónsson
3. sæti: Sveinn Brynjar Agnarsson

Stelpur 12 ára og yngri

1. sæti: Ríkey Magnúsdóttir
2. sæti: Helena Hrund Jónsdóttir
3. sæti: Sara Dögg Sveinbjörnsdóttir

Berglind Áðósteinsdóttir

Arnar Emilsson klifrar ofan Queenstown á Nýja Sjálandi







Berndt Alþáttarson

Ljósmyndasamkeppni Íslands 2010 / Mannlíf á fjöllum

Kristján Guðni Bjarnason

Ljósmyndasamkeppni Íslands 2010 / Skoplegasta myndin

Mannlíf við eldgos á fimmmörðuhálsi (mars 2010)

Það er alltaf tími fyrir gufu, hvar sem er, hvenær sem er



